


**STÚDENTAMIÐLUN**

*Hæfustu stúdentarnir fá alltaf fyrstir vinnu*

Atvinna

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS

**SNORRI SNORRASON**

**VAKNAÐI SEM STJARNA**

## Hellir sér strax í bransann

FÓLK 42









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. apríl 2006 — 97. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


### Allir eiga að geta ferðast



Helgi Jóhannsson hefur staðið í eldlínu ferðaþjónustunnar um árabil.

VIÐTAL 18-19

### Styrkurinn auðveldar starfið



Félag lesblindra fékk á dögunum veglegan styrk frá Velferðarsjóði barna.

TÍMAMÓT 16

### Góð byrjun Njarðvíkinga



Njarðvík tók forystu í baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn við Skallagrím er liðið vann sannfærandi sigur í fyrsta leiknum í Njarðvík. Borgnesingar virkuðu þreyttir.

ÍÞRÓTTIR 34

### Komin aftur á RÚV



Eva María Jónsdóttir hefur kvatt Stöð 2 eftir farsælt samstarf og heldur yfir á sinn gamla stað í Efstaleitinu.

FÓLK 42

### VEÐRIÐ Í DAG




**RAUÐAR TÖLUR -** Í dag verður yfirleitt suðvestan 5-10 m/s, hvassast norðvestan til. Lítilsháttar snjókoma eða slydda með morgninum norðaustan til en síðan þurrt. Rigning eða súld vestan til, einkum þegar líður á daginn. Hiti 0-5 stig.

VEÐUR 4








**FYRSTU TÓNLEIKAR ROLLING STONES Í KÍNA** Mick Jagger, söngvari rokkhljómsveitarinnar, The Rolling Stones, byrjaði tónleikana sem haldnir voru í Sjanghæ á því að flytja lagið Start Me Up.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Svipti sig lífi vegna spilafíknar

**Fólk á öllum aldri leitar sér aðstoðar gegn spilafíkn. Yfirlæknir á Vogi segir þá sem ánetjast spilafíkn eiga á hættu að verða þunglyndir og fyllast örvæntingu. Spilafíklar bera fíknina ekki utan á sér, að sögn sóknarprests í Digraneskirkju.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Ungur maður sem svipti sig lífi vegna spilafíknar var borinn til grafar í Digraneskirkju í Kópavogi á miðvikudag. Minningarorð séra Gunnars Sigurjónssonar sóknarprests vöktu mikla athygli en hann gerði spilafíkn mannsins að umfjöllunarefni á opinskáan hátt. Maðurinn ánetjaðist fjárhættuspilum fyrir ári síðan. Gunnar sagði að umræða um spilafíkn í samfélaginu gæti orðið öðrum til hjálpar.

Gunnar sagði á annað þúsund manns hafa fylgt manninum til grafar. „Samtakamáttur fólks er til fyrirmyndar og vonandi að hann verði til þess að við tökum höndum saman gegn spilafíkninni,“ sagði Gunnar.

Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi, segir að um sextíu manns á öllum aldri leiti sér hjálpar hjá SÁÁ á ári hverju. Séu sjúklingarnir allt niður í fimmtán ára. Þórarinn sagði að þekkt væri að spilafíklar gætu orðið þunglyndir og fyllst örvæntingu. „Meðferðarstofnun fyrir spilafíkla var sett á laggirnar í Las Vegas fyrir um 26 árum og gátu þeir sem fundu til þunglyndis lagst þar inn,“ sagði Þórarinn en hann kynnti sér stofnunina og meðferðarúrræði í spilaborginni fyrir fimmtán árum.

Þórarinn sagði jafnframt mikilvægt að spilafíkillinn gerði sér sjálfur grein fyrir fíkninni og brygðist við. Aðstandendur gætu haft samband við ráðgjafa.

Júlíus Þór Júlíusson, formaður Samtaka áhugafólks um spilafíkn, tók undir með Þórarni og sagði vandann alvarlegan. Um 1.500 manns hefðu leitað til samtakanna frá upphafi, þar af fjórtán frá áramótum, og meðal þeirra væru nokkrir sem væru framarlega í íþróttum. „Þetta er miklu alvarlegra mál en við gerum okkur grein fyrir,“ sagði hann. - jab

Lá við stórslysi þegar faðir með þrjú börn í bílnum ók í holu á þjóðveginum:

# Heppinn að velta ekki út í skurð

**ÓHAPP** Ein og sama holan í malbikinu á þjóðveginum á Vatnsskarði hefur valdið nokkrum ökumönnum tjóni í vikunni. Minnstu hefur mátt muna að stórslys yrði.

Birgir Örn Sveinsson var á leiðinni norður á Akureyri þegar hann ók í holuna í fyrrakvöld.

„Ég var bara heppinn að fara ekki út af og velta bílnum út í skurð,“ segir Birgir Örn. „Ég var með tvö ungbörn í bílnum og einn ungling og því hefði getað farið mjög illa. Aðstæður voru þokkalegar þegar ég lenti í holunni, sem er djúp með hvössum brúnum. Ég sprengdi bæði dekkin vinstra megin. Felgurnar beygluðust og eru ónýtar. Þetta er að minnsta kosti hundrað þúsund króna tjón en það ar svo sem aukaatriði. Það sem skiptir máli er að við sluppum ómeidd.“



**MEÐ DÓTTURINNI** Birgir Örn ásamt dóttur sinni Mattý Rós. Bíll Birgis Arnar er enn í Varmahlíð þar sem hann skildi hann eftir eftir óhappið. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Birgir Örn gagnrýnir Vegagerðina fyrir að hafa ekki merkt hættuna með skilti eða fyllt upp í hana. Hann segist hafa tilkynnt um atvikið til lögreglunnar á Sauðárkróki og hyggst reyna að fá tjónið bætt hjá Vegagerðinni.

Samkvæmt upplýsingum frá dekkjaverkstæði á Akureyri hafa þrír menn komið á verkstæðið með tjón vegna þessarar holu sem er í veginum við Vatnskarðsvatn, skammt frá Varmahlíð. Starfsmaður verkstæðisins sagðist hafa spurnir af að minnsta kosti tveimur öðrum sem hefðu orðið fyrir tjóni vegna holunnar. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni var fyllt upp í holuna í gærmorgun. - th



**FORSÆTISRÁÐHERRA ÍTALÍU** Berlusconi og Prodi hafa háð hatramma kosningabaráttu.

Þingkosningar á Ítalíu:

# Orðaskakið tók mesta athygli

**RÓM, AP** Þingkosningarnar fara fram á Ítalíu í dag. Pólitískur áróður er bannaður degi fyrir kjördag og mörgum Ítalanum hefur sjálfsagt verið létt að fá hlé frá kosningabaráttunni sem hefur tröllriðið öllu undanfarin misseri.

Baráttan milli Silvio Berlusconi og Romano Prodi hefur þótt sérstaklega hatrömm og margir kvartað yfir því að persónulegt orðaskak þeirra hafa komið í veg fyrir að aðkallandi málefni væru rædd. Skoðanakannanir benda þó til þess að mjótt verði á mununum. Sjá síðu 20.

Kreppa hjá jafnaðarmönnum:

# Ekki minna fylgi í 103 ár

**DANMÖRK** Fylgi við danska Jafnaðarmannaflokkinn mælist nú nítján prósent. Er þetta minnsti stuðningur við flokkinn í rúma öld, samkvæmt frétt Politiken í gær.

Ár er liðið síðan að Helle Thorning-Schmidt tók við formannssætinu í flokknum eftir ósigurinn í síðustu kosningum. Þá kaus fjórðungur kjósenda jafnaðarmenn. Fylgi við næststærsta stjórnarandstöðuflokkinn, Róttæka, hefur á sama tíma aukist töluvert og mælist fimmtán prósent. Stuðningur við ríkisstjórnarflokkana minnkar milli kannanna. - ks



## SPURNING DAGSINS

*Addi, ætlarðu að taka Snorra í læri?*

„Já. Hann hefur margt til brunns að bera en ég gæti kennt honum sitt lítið af hverju.“

Addi Idol hefur gert garðinn frægan í auglýsingum OgVodafone og tók þátt í undakeppni Idol-stjörnuleitarinnar. Snorri Snorrason var í fyrradag kjörinn Idol-stjarna Stöðvar 2.

Björgunarsveitir af Suðurlandi kallaðar út:

# Féll fram af hengju við Strút

**SLYS** Björgunarsveitir af Suðurlandi voru kallaðar út eftir að vélsleðamaður féll um það bil tuttugu metra þegar hann fór fram af hengju við Strút um þrjúleytið í gær. Þrjátíu björgunarsveitarmenn á fjórtán vélsleðum og fimm björgunarsveitarbílum fóru á staðinn auk þess sem þyrla landhelgisgæslunnar, TF-SIF, var kölluð út. Þyrlan var komin á slysstað um 17.25 en vegna þrengsla gat hún ekki lent þar svo sækja þurfti manninn og flytja hann í þyrluna, sem fór með hann á sjúkrahús. Maðurinn hafði verið á ferð með stórum hópi vélsleðamanna þegar slysið átti sér stað.



**TF-SIF** Þyrla Landhelgisgæslunnar var send að sækja vélsleðamanninn og flytja hann á sjúkrahús. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Um miðjan dag í gær féll bíll með ferðamönnum ofan í sprungu á Mýrdalsjökli. Engin meiðsl urðu á fólki en hjálparsveitin og lögreglan á Hellu fóru á snjóbíl og jeppum upp á jökulinn og aðstoðuðu fólkið við að ná bílnum upp úr sprungunni. **- eö**

Sprengjuárás í Tyrklandi:

# Kúrdi í haldi

**ISTANBÚL, AP** Tyrkneska lögreglan hefur handtekið Kúrda sem grunaður er um að hafa orðið fimm að bana, þar á meðal breskum og írskum ferðamönnum, í sprengjutilræði í bænum Kusadasi við Eyjahaf í fyrra. Maðurinn er sagður vera félagi í Verkamannaflokki Kúrda, sem hefur barist fyrir sjálfræði Kúrda í Suðaustur-Tyrklandi í tvo áratugi og er bannaður.

Lögreglan hafði fylgst með ferðum mannsins í níu mánuði, en hann mun meðal annars hafa farið í þjálfunarbúðir í Írak og var talið að hann hefði annað sprengjutilræði í bígerð. Styrinn milli Kúrda og tyrkneskra hermanna undanfarnar vikur er sá mesti í nokkra áratugi og tugir hafa fallið í átökunum. ■



**ALEXANDER LÚKASJENKÓ** Margir hafa fordæmt kosningarnar sem haldnar voru 19. mars.

Forseti Hvíta-Rússlands:

# Lúkasjenkó sór embættiseið

**MINSK, AP** Alexander Lúkasjenkó, forseti Hvíta-Rússlands, sór embættiseið í þriðja sinn við hátíðlega athöfn í gær að viðstöddum þúsundum embættis- og þingmanna. Athöfnin fór fram í Lýðveldishöllinni í Minsk sem laganna verðir umkringdu og gættu þess að almenningur kæmist ekki að.

Lúkasjenkó var endurkjörinn í kosningum hinn 19. mars en margir hafa fordæmd forsetakosningarnar og sagt þær óheiðarlegar og ólýðræðislegar. Á föstudag leysti lögreglan upp mótmæli gegn Lúkasjenkó í miðborg höfuðborgarinnar. Búist er við að Evrópusambandið muni mótmæla kosningunum með því að meina forsetanum og 31 öðrum háttsettum embættismönnum um vegabréfsáritun til landa sambandsins. **- bs**

# Íslenskt efnahagslíf að fara til fjandans

**Ríkisstjórnin ber ábyrgð á ójöfnuði og óróleika, að sögn formanns Samfylkingarinnar. Framundan er verðbólguskeið og íslenskt efnahagslíf er að fara til fjandans. Ísland á fremur samleið með Evrópu en Bandaríkjunum í varnarmálum.**

**STJÓRNMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, sagði á flokksstjórnarfundi á Nordica Hotel í gær að Samfylkingin ætti að stefna að því að bjóða fram undir eigin merkjum í öllum sveitarfélögum í næstu sveitarstjórnarkosningum. Kosningabandalög við önnur félagshyggjuöfl gætu verið vænleg og þeim ætti ekki að rifta. Það væri heimamanna að meta hverju sinni hvort starfa skyldi með öðrum félagshyggjuöflum.

Ingibjörg sagði að á síðastliðnum áratug hefði verið vegið að grunngildum samfélagsins og áherslan lögð á einstaklinginn. Hefði því fylgt aukinn ójöfnuður og óróleiki. „Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar ber ábyrgð á þessu. Það hefur beinlínis verið stefna stjórnarinnar að draga úr samábyrgð með því að lækka skattbyrði þeirra sem best eru settir meðan skattbyrði annarra þyngist,“ sagði hún og lagði áherslu á að í samfélagi þar sem velsæld væri mættu aldraðir hjúkrunarsjúklingar á ríkisstofnunum búa við úrræðaskort en konur sem sinntu þeim væru vart matvinnungar vegna láglaunastefnunnar sem þar væri rekin.

Þá gagnrýndi Ingibjörg ríkisstjórnina harðlega og sagði auðlinda-, efnahags- og varnarmál í óvissu. Ættu stóriðjuframkvæmdir drjúgan þátt í þenslu hagkerfisins. „Ég ætla að halda því fram að íslenskt efnahagslíf sé að fara fjandans til en ég ætla eins og oft áður að vara við þeim váboðum sem ættu að vera sýnilegir öllum sem sjá vilja,“ sagði hún og benti á mikinn viðskiptahalla, miklar erlendar skuldir þjóðarbúsins og sterkt gengi krónunnar. Spáði hún því að fram undan væri ekki verðbólguskot heldur verðbólguskeið, sem meðal annars myndi leiða til hækkunar matvöruverðs.

Jafnframt sagði hún að legið hefði fyrir í þrettán ár að bandaríski herinn færi með herþotur sínar og þyrlur frá Íslandi.

Í stað þess að horfast í augu við það og bregðast við hefði ríkisstjórnin stungið höfðinu í sandinn. „Þegar til framtíðar er litið hljótum við að stefna að því að eiga öryggissamfélag með Evrópu í framtíðinni fremur en Bandaríkjunum,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

**jonab@frettabladid.is**

Ársreikningar Samfylkingar:

# Greiðir lán eldri flokka

Skuldir Samfylkingarinnar námu rúmum 50,4 milljónum króna við lok síðasta árs. Þetta kemur fram í ársreikningum flokksins, sem lagðir voru fyrir flokksstjórnarfund Samfylkingarinnar í gær.

Ari Skúlason, gjaldkeri flokksins, segir skuldirnar að mestu komnar frá þeim flokkum sem mynduðu Samfylkinguna: Alþýðubandalagi, Alþýðuflokki og Kvennalista. Sé rekstrarafgangur hvers árs nýttur til niðurgreiðslu skuldanna og búist við að eftir fimm ár verði búið að greiða þær upp að fullu. **- jab**

**ÁRSREIKNINGUR SAMFYLKINGAR**

| **Rekstur og tekjur:** | **2005** | **2004** |
|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 91.378.436 | 83.704.998 |
| Rekstrargjöld | 27.016.232 | 42.594.441 |
| Fjármunatekjur og Fjármagnsgjöld | 5.337.890 | 4.838.360 |
| Skattar: | 111.078 | 46.199 |
| Rekstrarafgangur: | 21.567.263 | 37.709.882 |
| **Eigið fé og skuldir:** | | |
| Eigið fé | 4.047.088 | 65.646.270 |
| Langtímaskuldir | 14.022.819 | 36.386.372 |
| Skammt. skuldir | 36.396.233 | 37.512.360 |
| **Skuldir samtals:** | 50.419.052 | 73.898.732 |




**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** Formaður Samfylkingarinnar sagði meðal annars að skipulag flokksstarfsins væri að komast í fastari skorður en áður og þakkaði það Skúla Helgasyni, nýjum framkvæmdastjóra flokksins, sem kom til starfa um áramótin.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Fíkniefnamál í Borgarnesi** Tvö fíkniefnamál komu upp í Borgarnesi í fyrrinótt. Málin voru ótengd og í hvorugu tilfellinu var um mikið magn að ræða.

**Fjórir stútar í Reykjavík** Lögreglan í Reykjavík stöðvaði fjóra ökumenn vegna ölvunaraksturs í fyrrinótt.

**Bíll valt** Bílvelta varð við Geirsnes í gær en að sögn lögreglu var ökumaðurinn einn í bílnum og er hann ómeiddur.






Bandarískt tímarit segir meiriháttar stríðsátök í aðsigi:

# Bush undirbýr kjarnorkuárás

**BANDARÍKIN** Blaðamaður bandaríska tímaritsins The New Yorker fullyrðir að stjórnvöld þar í landi undirbúi kjarnorkuárás á Íran. Greinin birtist á heimasíðu blaðsins í gær. Blaðamaðurinn Seymour Hersh hefur eftir heimildum, sem hann segir áreiðanlegar, að Íraksstríðið hafi verið leið í átt að stjórnarskiptum í Íran og að Bandaríkjamenn hyggist ráðast inn í landið til að koma í veg fyrir að Íranar verði sér úti um kjarnorkuvopn.

Hersh fullyrðir að bandarísk stjórnvöld séu reiðubúin að beita litlum kjarnorkusprengjum til að eyðileggja neðanjarðarbyrgi Írana, en talið er að þeir búi yfir stórum byrgjum þar sem hægt sé að búa til og geyma kjarnorkuvopn í felum fyrir alþjóðlegum eftirlitsstofnunum.

**SEYMOUR HERSH** Blaðamaðurinn segir bandarísk stjórnvöld ætla að ráðast inn í Íran.




Hersh hefur eftir fyrrverandi leyniþjónustumanni að árás af því tagi sem um ræði þurfi að vera hörð, því skotmörkin séu mörg. Þá segir fyrrum embættismaður úr bandaríska varnarmálaráðuneytinu að trú manna sé að sprengjuárásir af þessu tagi muni grafa undan veldi klerkastjórnarinnar og almenningur muni rísa gegn henni í eitt skipti fyrir öll. ■

# STYSTA LEIÐIN Í BANKANN

**Fjárhagsleg velgengni byggist á að vita alltaf hver staðan er.**

Með Glitni í símanum þínum tryggir þú þér stystu leiðina í bankann.

Glitnir í símanum veitir þér aðgang að öllum helstu fjármálaupplýsingum sem þú þarft. Þar sérð þú stöðuna á reikningunum þínum, helstu kauphallarupplýsingar og gengi gjaldmiðla.

Og þú getur líka millifært, greitt reikninga eða fyllt á GSM frelsi.

Farðu á **glitnir.is** og kynntu þér hvernig þú færð Glitni í símann.




## NETBANKI GLITNIS Í SÍMANUM ÞÍNUM

*nánari upplýsingar á glitnir.is*

## GENGIÐ
GENGI GJALDMIÐLA 7.4.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 72,25 | 72,59 |
| Sterlingspund | 126,42 | 127,04 |
| Evra | 87,98 | 88,48 |
| Dönsk króna | 11,788 | 11,856 |
| Norsk króna | 11,173 | 11,239 |
| Sænsk króna | 9,421 | 9,477 |
| Japanskt jen | 0,6129 | 0,6165 |
| SDR | 104,39 | 105,01 |

*Gengisvísitala krónunnar*

122,8137

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fórnarlömb jarðskjálftans í Pakistan eru ósátt við að búið sé að draga úr neyðaraðstoð:

# Saka stjórnvöld um sinnuleysi

**MUZAFFARABAD, AP** Fórnarlömb jarðskjálftans sem reið yfir norðvesturhluta Pakistan fyrir hálfu ári saka stjórnvöld um sinnuleysi og vanrækslu og segja þau ekki veita sér neinar bjargir til að snúa aftur til síns heima og lifa venjulegu lífi. „Ég á enga peninga til að snúa aftur og endurreisa heimili mitt,“ segir hinn 62 ára Rahmat Ali, sem hefur búið í tjaldbúðum í Muzaffarabad síðan í október.

Um áttatíu þúsund létust í jarðskjálftanum og þrjár milljónir manna misstu heimili sín. Þeir sem hafa snúið aftur heim kvarta yfir því að stjórnvöld hafi dregið svo úr neyðaraðstoð að erfitt sé að verða sér út um mat. Pervez Musharraf, forseti Pakistan, segir að 17. apríl verði byrjað að útdeila fé til þeirra sem lifðu af skjálftann svo þeir geti endurreist heimili sín. Í gær lagði forsetinn hornstein að nýjum skóla í bænum Mansehra, sem varð illa úti í skjálftanum, og lofaði að útvega fjármagn og tæknilega aðstoð til að byggja upp þorpið.

Talsmenn Sameinuðu þjóðanna segja að hjálparstarf hafi gengið vel miðað við aðstæður. Þeir benda hins vegar á reynslu frá öðrum löndum sem sýni að hægt geti uppbyggingu eftir því sem dragi úr hjálparstarfi. **- bs**



**FORSETINN RÆÐIR VIÐ FÓRNARLÖMB SKJÁLFTANS** Pervez Musharraf ræðir við dreng sem komst lífs af úr jarðskjálftanum. Forsetinn hefur heitið þeim sem misstu heimili sín fjárstuðningi til að byggja ný hús. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Múslimar í Danmörku:

## Fá samþykktan eigin grafreit

**DANMÖRK, AP** Danska stjórnin hefur samþykkt að múslimar í Danmörku fái sinn eigin grafreit skammt fyrir utan Kaupmannahöfn. Allir múslimar landsins, sem talið er að séu um 150 þúsund talsins, fá rétt til að verða jarðsettir í þessum grafreit.

Múslimar í Danmörku hafa árum saman reynt að fá eigin grafreit, en skort hefur til þess fé, deilt hefur verið um staðsetninguna og sjálfir hafa múslimarnir verið ósammála í þessum efnum. **- gb**



**RÚSTIR EINAR** Skýstrókar eira engu sem verður á vegi þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skýstrókar í Bandaríkjunum:

## Ellefu létust í óveðri

**NASHVILLE, AP** Að minnsta kosti ellefu létust og fjöldi heimila og annarra húsa jafnaðist við jörðu þegar önnur alda skýstróka á innan við viku gekk yfir Tennessee-ríki í Bandaríkjunum á föstudag. Björgunarlið vinna nú hörðum höndum að því að hreinsa til eftir eyðileggingu.

Sjónarvottar lýsa því hvernig skýstrókar hafi rifið þakið af húsum þeirra í einni svipan, en mega teljast lánsamir að húsin hafi ekki jafnast við jörðu. Skýstrókar eru algengir á þessum slóðum á þessum árstíma en í ár hefur þeim fjölgað mjög miðað við undanfarin ár og orðið að minnsta kosti 35 manns að bana á innan við viku. **- bs**




**DAVID CAMERON** Formaður breska Íhaldsflokksins vill tengja stefnu flokksins við umhugsunarefni hins almenna borgara. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Cameron boðar græna byltingu

**David Cameron telur að breski Íhaldsflokkurinn verði að gera róttækar breytingar á stefnu sinni ætli hann að vinna næstu kosningar árið 2009. Hann setur umhverfismál á oddinn og boðar græna byltingu.**

**MANCHESTER, AP** David Cameron, formaður breska Íhaldsflokksins, segir að flokkurinn muni tapa sínum fjórðu kosningum í röð verði ekki gerðar á honum róttækar breytingar. „Svo margt þarf að breytast í landi okkar og við megum ekki sóa tímanum með því að breytast hægt og bítandi,“ sagði Cameron á vorráðstefnu flokksins í Manchester í gær. „Nú er ekki tími til að stíga á hemlana, heldur til að ýta á bensíngjöfina. Ég vil stefna hraðbyri til nýja Íhaldsflokksins,“ bætti hann við og sagði að Bretar yrðu að sjá að íhaldsmönnum væri treystandi fyrir stjórn landsins.

Cameron vill setja umhverfismál á oddinn í stefnu Íhaldsflokksins, sem er nýjung. Hann segir Tony Blair forsætisráðherra hafa látið umhverfismál sitja á hakanum og telur það algjört forgangsmál að taka á loftslagsbreytingum. „Loftslagsbreytingar eru aðkallandi vandamál og andrúmsloftið verður sífellt hlýrra.“ Hann benti á í ræðu sinni að umhverfisvernd skipti unga kjósendur miklu máli og að hann vildi tengja stefnu flokksins við umhugsunarefni almennings. „Ég vil að Íhaldsflokkurinn leiði græna byltingu,“ sagði hann og uppskar lófaklapp fundarmanna.

Cameron hefur kappkostað að endurnýja ímynd og stefnu Íhaldsflokksins frá því hann var kjörinn formaður í desember í fyrra og vonast til að geta nýtt sér dalandi vinsældir Tony Blair forsætisráðherra í sveitastjórnarkosningunum í næsta mánuði. Cameron er fimmti leiðtogi Íhaldsflokksins síðan flokkurinn missti völdin árið 1997. Hann hefur sveigt stefnu flokksins í átt að miðju og margir flokksmenn eru bjartsýnir á að honum takist að tryggja íhaldsmönnum sigur í næstu þingkosningum árið 2009.

Margir fundarmanna tóku undir orð formannsins og sögðu hann hafa fært flokksmönnum raunhæfa von um að flokkurinn gæti endurnýjað sig í tæka tíð fyrir kosningar. Cameron sagði enn fremur að þótt ýmsar raddir innan flokksins hvettu hann til að hægja á sér vildi hann hraða breytingum. **bergsteinn@frettabladid.is**

Fundir um öryggi sjófarenda:

## Mun færri sjómenn slasast

**ÖRYGGISMÁL** Mun færri sjómenn hafa slasast að meðaltali á ári síðustu tuttugu árin en á árunum 1965 til 1984. Þetta er meðal þess sem komið hefur fram á röð málfunda um öryggi sjófarenda sem hafa verið haldnir víða um land í vetur. Samgönguáætlun áranna 2003 til 2014 gerir ráð fyrir að 235 milljónum króna verði varið til langtímaáætlunar um öryggi sjófarenda sem miðar að því að draga úr slysum.

Árin 1965 til 1984 fórust að meðaltali sautján sjómenn á ári en síðustu tuttugu árin hefur þessi talað lækkað niður í fimm sjómenn á ári að meðaltali. **- sdg**

Þingkosningar í Ungverjalandi:

## Sósíalistar með nauma forystu

**BÚDAPEST, AP** Laszlo Soljom, forseti Ungverjalands, hvatti landa sína í sjónvarpsávarpi til að fjölmenna á kjörstaði þingkosninganna, sem eru í dag.



**FERENC GYURCSANY**

Flestar skoðanakannanir benda til þess að Sósíalistaflokkurinn, sem er í ríkisstjórn, hafi forystu fyrir fyrstu umferð kosninganna. Skammt á hæla hans kemur flokkur hægrisinnaðra jafnaðarmanna. Ferenc Gyurcsany forsætisráðherra og Viktor Orban, leiðtogi stjórnarandstöðunnar, reyna báðir að verða fyrstu forsætisráðherrann eftir fall kommúnismans til að sitja annað kjörtímabil. Gyurcsany varð forsætisráðherra fyrir tveimur árum en Orban gegndi embættinu frá 1998 til 2002. Önnur umferð kosninganna fer fram 23. apríl. **- bs**




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**MILT Í VEÐRI** Fari sem horfir erum við að mestu laus við kulda en þó eru norðlægar áttir í kortunum um miðja vikuna og á þessum árstíma eru þær líklegar til að valda einhverjum kuldum.

**MANCHESTER** Nú er Icelandair farið að fljúga til Manchester. Þar er dagshitinn að sumri 18-22 gráður og kaldast er í janúar um 6°C. Úrkoman þar er að jafnaði ívið minni en í Reykjavík.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG** Fremur hæg suðvestlæg átt. Rigning eða súld. Hiti 3-5 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*

8-15 m/s, hvassast suðvestan til.

*» þriðjudagur*

Yfirleitt 5-10 m/s. Heldur kólnandi.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5°C léttskýjað | Manchester | 8°C léttskýjað | Torrevieja | 24°C léttskýjað |
| Osló | 2°C skýjað | París | 13°C léttskýjað | Mílano | 15°C skýjað |
| Stokkhólmur | 7°C léttskýjað | Frankfurt | 13°C léttskýjað | New York | 13°C léttskýjað |
| Helsinki | 3°C skýjað | Madríd | 22°C heiðskírt | San Francisco | 16°C skýjað/skúr |
| London | 10°C léttskýjað | Barcelona | 18°C léttskýjað | Orlando/Flórída | 28°C léttskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.







## HVERT ERTU AÐ FARA?

Skiptistöð á miðju Norður-Atlantshafi er líka góð hugmynd. Leiðakerfi Icelandair á sér engan líka á alþjóðlegum flugmarkaði. Í hverri viku býður Icelandair 140 áætlunarferðir til 22 áfangastaða austan hafs og vestan, svo að áhrifa frá okkur er farið að gæta víða. Hér og hvar.

WWW.ICELANDAIR.IS



## KJÖRKASSINN

*Á nýja Idol-stjarnan eftir að verða vinsæll söngvari?*

| | |
|---|---|
| Já | 56% |
| Nei | 44% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Skilaðir þú skattframtalinu á réttum tíma?*

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Háskóli Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna gera samning:

# Rannsóknir í auðlindarétti styrktar

**MENNTAMÁL** Háskóli Íslands og Landssamband íslenskra útvegsmanna hafa skrifað undir samning um kostun starfs sérfræðings til rannsókna í auðlindarétti við Lagastofnun Háskóla Íslands. Markmið samningsins er að efla rannsóknir á sviði auðlindaréttar.

Ráðinn verður starfsmaður í fullt starf til þriggja ára, sem mun hafa rannsóknir í auðlindarétti á sviði fiskveiðiréttinda og fiskveiðistjórnunar að aðalstarfi.

Að sögn Páls Hreinssonar, forseta lagadeildar, er undirritun samningsins liður í sérstöku átaki á sviði auðlindaréttar hjá lagadeild en í mars var gerður sams konar samningur við Samorku um kostun rannsóknarstöðu í auðlindarétti á sviði orkurannsókna.

Framlag Landssambands íslenskra útvegsmanna gerir kleift að hefja víðtækar rannsóknir á íslenska fiskveiðistjórnunarkerfinu. Fullveldisréttur Íslands í fiskimálum verður meðal annars skoðaður sem og lagagrundvöllur fiskveiðistjórnunarkerfisins, eignaumráð fiskiauðlinda, reglur um fiskveiðistjórnun, veiðigjald og fleira. - sdg



**UNDIRSKRIFT SAMNINGSINS** Fulltrúar Háskóla Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna skrifa undir samstarfssamning.

Þing um sjávarútveg:

## Merkingar á sjávarafurðum

**SJÁVARÚTVEGUR** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra sagði í ræðu sinni á Fiskiþingi á föstudag umhverfismerkingar og rekjanleika vöru eflaust verða hluta af alþjóðlegum fiskviðskiptum í framtíðinni.



**EINAR K. GUÐFINNSON**

Einokun á umhverfismerkingum og viðmiðum kunni hins vegar ekki góðri lukku að stýra og hagsmunatengsl bjóði hættunni heim. Ráðherra telur að stefnumótun eigi að vera á vettvangi greinarinnar og þar sé eðlilegast að Fiskifélagið sé í lykilhlutverki.

Ráðherra talaði jafnframt um bjartari tíma fram undan með breytingum á gengi krónunnar og að sjávarútvegsfyrirtæki myndu uppskera ríkulega í kjölfar þeirra. - sdg

Fyrsta heildstæða námskráin:

## Námskrár í listdansi kynntar

**MENNTAMÁL** Menntamálaráðuneytið hefur birt drög að aðalnámskrá í listdansi á heimasíðu sinni og er um að ræða fyrstu heildstæðu námskrána í þessari listgrein.

Námskráin er tvískipt, annars vegar fyrir grunnnám og hins vegar fyrir framhaldsskólastig.

Lýst er uppbyggingu námsins, markmiðum og inntaki ásamt tilhögun náms og kennslu.

Hagsmunaaðilum og almenningi gefst kostur á að senda inn athugasemdir og ábendingar um námskrárdrögin og einstaka þætti fram til 24. apríl. - sdg

# Varð að spila til að fá að nota salerni

**Hermann Ólason, sem hefur verið óvirkur spilafíkill í rúm tvö ár, fékk ekki að nota salerni í Gullnámunni nema að spila líka. Hann tapaði meira en aleigunni á sínum tíma. Hann telur framkomu starfsmanns Gullnámunnar óverjandi.**

**FÉLAGSMÁL** Óvirkur spilafíkill fékk ekki að fara inn í Gullnámuna við Ingólfstorg í gær til að komast á salerni nema með því skilyrði að hann færi í kassann til að spila. Spilafíkillinn, Hermann Ólason, sem kveðst hafa eytt aleigunni í spilakassa áður en hann hætti, segir þessa framkomu starfsmanns Gullnámunnar forkastanlega.

„Ég er lærður áfengis- og vímuefnaráðgjafi," segir Hermann. „Þrátt fyrir það eyðilagði ég þrettán ára edrúmennsku mína á spilafíkn í kringum 1999-2000. „Þegar allt var farið, bæði móðurarfur minn og það sem ég hafði eignast, auk lána og yfirdrátta, náði ég mér út úr þessu. Það var 1. febrúar 2004. Ég náði einnig að borga niður skuldirnar. Líklega hef ég farið með 4-5 milljónir í spilakassana."

Í gærmorgun var Hermann svo á gangi í miðborginni, þegar hann þurfti að bregða sér á salerni til að kasta af sér vatni. Honum datt í hug að fara inn á Gullnámuna, en þar fékk hann þau svör að hann færi ekki á salernið nema hann væri í viðskiptum.





**GULLNÁMAN** Óvirkur spilafíkill fékk ekki að nota salernið nema hann spilaði líka, þótt hann gerði grein fyrir aðstæðum sínum.

„Ég spurði starfsmanninn hvort ekki væri nóg að taka af mér rúmlega aleiguna einu sinni og hvað það kostaði eiginlega að fá að pissa inni í Gullnámunni," segir Hermann, sem kveðst hafa horfið frá að því búnu.

Starfsmaður Gullnámunnar, sem ekki vildi láta nafns síns getið, sagði að staðurinn hefði verið lokaður þegar Hermann bar þar að. Auk þess væru salernin alltaf læst, því borið hefði á því að fólk utan af götunni vildi komast inn á þau ýmissa erinda. Loks hefði framkoma Hermanns ekki gefið tilefni til þess að undantekning yrði gerð á reglunni um að einungis viðskiptavinir notuðu salernin. - jss

Ríkisstjórn Lettlands:

## Ráðherrar segja af sér

**LETTLAND, AP** Forsætisráðherra Lettlands, Aigars Kalvitis, hefur stokkað upp í stjórn landsins, til að fylla í ráðherrasæti eftir að stærsti stjórnmálaflokkurinn dró sig úr samsteypustjórninni.

Sex ráðherrar flokksins Nýir tímar sögðu af sér í gær, eða varnarmála-, dómsmála-, félagsmála-, vísinda- og menntamála-, fjármála- og upplýsingatækniráðherrarnir. Í kjölfarið skipaði Kalvitis eftirsitjandi ráðherrum að taka yfir skyldur þeirra, en hann mun sjálfur sjá um störf fjármálaráðherrans. Kosningar verða haldnar í landinu í október. - smk

Farþegi fékk í sig lausahluti:

## Fær 5 milljónir í skaðabætur

**DÓMSMÁL** Ökumaður bíls og Vátryggingafélag Íslands hf. töpuðu í gær máli gegn stefnanda vegna greiðslna á dráttarvöxtum á skaðabótum sem hann fékk dæmdar eftir umferðarslys.

Stefnandi var farþegi í aftursæti bílsins sumarið 1996 þegar ökumaðurinn missti stjórn á honum og fór bifreiðin út af veginum og valt eina veltu. Við það lentu lausir hlutir á höfði stefnanda. Hann hefur eftir slysið þjáðst af höfuðverk og verk í hálsi, herðum og baki. Tveir læknar mátu meiðslin. Annar þeirra taldi að stefnandi hefði þjáðst í þrjá mánuði og að varanleg örorka væri fimm prósent. Hinn áleit að slysið hefði ekki haft neinar afleiðingar á heilsu hans. Bæturnar námu rúmum fimm milljónum auk vaxta. - gag

## SPÁNN

**Uppstokkun stjórnar** Forsætisráðherra Spánar, Jose Louis Rodriguez Zapatero, tilkynnti á föstudag um uppstokkun innan stjórnarinnar og skipti um varnarmála-, innanríkis- og menntamálaráðherra landsins.






Glitnir hélt kynningarfund í sendiráðinu í Kaupmannahöfn:

# Tugir blaðamanna upplýstir

**VIÐSKIPTI** Á þriðja tug erlendra blaðamanna mætti á kynningarfund Glitnis í íslenska sendiráðinu í Kaupmannahöfn í vikunni. Er það til marks um þann mikla áhuga sem danskir fjölmiðlar hafa sýnt íslenskum efnahagsmálum þessi misserin. Á fundinum kynntu forsvarsmenn bankans starfsemi hans og þróun efnahagsmála auk þess sem Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, ræddi um íslenska verðbréfamarkaðinn.

Að sögn Péturs Þ. Óskarssonar, forstöðumanns hjá Glitni, er það ný staða fyrir íslensk fyrirtæki að þurfa að kynna sig með þessum hætti. Hann telur mikilvægt fyrir íslensk fyrirtæki að sinna samskiptum við erlenda fjölmiðla betur en þau hafa gert enda sé nauðsynlegt að koma réttum upplýsingum á framfæri. Forráðamenn íslensku bankanna hafa gagnrýnt umfjöllun danskra fjölmiðla og fjármálastofnana um þá og íslenskt efnahagslíf og sagt hana einkennast af of lítilli þekkingu.



**FORSTJÓRI KAUPHALLARINNAR** Þórður Friðjónsson ræddi um íslenska verðbréfamarkaðinn á kynningarfundinum í íslenska sendiráðinu.

„Það er okkar hlutverk að koma réttum upplýsingum á framfæri og með þessum kynningarfundi erum við að ná til danskra fjölmiðla."

Berlingske tidende hefur fjallaði ítarlega um lækkun hlutabréfaverðs í íslenskum bönkunum þar sem meðal annars kom fram að virði þeirra hefði lækkað um allt að fjórðung síðan í febrúar. - ks

*Íslenska ánægjuvogin*




# Ánægjan hvergi meiri!

Þegar IMG Gallup kannaði ánægju viðskiptavina banka og sparisjóða í Reykjavík og nágrenni árið 2005 kom í ljós að ánægjan er mest með SPRON. Komdu í hóp ánægðustu viðskiptavina á höfuðborgarsvæðinu.

**Skiptu við SPRON!**




**Ánægjuvog banka og sparisjóða**
– einungis íbúar höfuðborgarsvæðisins 2005

*spron*
*– frelsi í bankaviðskiptum*




Kangoo



Renault Kangoo
Verð frá kr. 1.490.000
**Verð frá kr. 1.196.787 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 23.922
**Fjármögnunarleiga kr. 19.215 án vsk.**

Trafic



Renault Trafic dci100 dísel
Verð frá kr. 2.330.000
**Verð frá kr. 1.871.485 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 37.409
**Fjármögnunarleiga kr. 30.047 án vsk.**

Master



Renault Master
Verð frá kr. 2.490.000
**Verð frá kr. 2.000.000 án vsk.**
Fjármögnunarleiga kr. 43.991
**Fjármögnunarleiga kr. 35.334 án vsk.**

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun án/vsk.

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is


Óeirðirnar í Írak:

## Spengjur bana tugum manna

**ÍRAK, AP** Minnst 79 fórust og yfir 160 slösuðust þegar þrír menn íklæddir kvenmannsfötum og girtir sprengjubeltum sprengdu sig í loft upp í og við sjíamoskuna Buratha í norðurhluta Bagdad í Írak í fyrradag, samkvæmt upplýsingum íröksku lögreglunnar. Árásin var gerð um það leyti er sjíamúslimar voru að ljúka föstudagsbænum.

Þetta var önnur mannskæða árásin á sjíamúslima á tveimur dögum. Átök milli sjíamúslima og súnní araba hafa farið stigvaxandi í landinu undanfarið og telja margir að Írak rambi á barmi borgarastyrjaldar. - smk



**MANNSKÆÐ SPRENGJA** Íraskir lögreglumenn og hermenn við Buratha-moskuna í Bagdad í gær, þar sem sprengjumenn urðu tugum manna að bana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ÓEIRÐALÖGREGLA** Lögreglumenn handtóku hundruð manns í Katmandú í Nepal í fyrradag, á öðrum degi verkfalls sem haldið er í mótmælaskyni við konunginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nepalar leggja niður störf til að mótmæla konungi:

# Um 25 þúsund mótmæla í Nepal

**NEPAL, AP** Meira en 25 þúsund manns mótmæltu á götum Bharatpur í Nepal í gær. Nepalska lögreglan tók harkalega á mótmælendum og særðust að minnsta kosti þrír þegar lögreglan skaut byssukúlum inn í mannþröngina. Hundruð hafa var handtekin í mótmælunum sem stjórnarandstaðan boðaði til í því skyni að neyða konung landsins til að endurvekja lýðræði í landinu.

Fjöldi reiðra nemenda og félaga í stjórnarandstöðuflokkum hafa undanfarna daga flykkst út á götur Katmandú og til óeirða kom þegar þeir kveiktu í pósthúsi og grýttu lögreglu í fyrradag. Lögreglan elti uppreisnarmennina uppi, barði þá með stöfum og beitti táragasi til að dreifa mannfjöldanum, en ríkisstjórnin hafði skipað hermönnum og lögreglu að gera hvað sem nauðsynlegt teldist til að hindra mótmælin. Gyanendra konungur hefur bannað alla mótmælafundi þar í landi.

Konungurinn tók allt vald stjórnarinnar í sínar hendur í fyrra, og hefur óánægja landsmanna með hann farið sívaxandi æ síðan. Ræðu hans var útvarpað og sjónvarpað í gær og hvatti hann landsmenn til að sýna stillingu.

Alþjóðasamfélagið hefur brugðist harkalega við atburðunum í Nepal og kallað eftir lausn þeirra sem handteknir voru fyrir pólitískar skoðanir sínar. Jafnframt fordæmdi Evrópusambandið bannið við mótmælum. - smk


LECTURA
www.lectura.is

Námstefna með Margaret Parkin

"Change through storytelling"

Kynnir: Sigþrúður Guðmundsdóttir,
Framkvæmdastjóri starfsmannasviðs Landsvirkjunar

28. apríl 2006
kl. 13:30 - 16:30
Nordica Hótel




Vinnur þú við stjórnun,
fræðslu, kennslu eða þjálfun?
Ert þú í leiðtogahlutverki á þínum vinnustað?
Langar þig að koma á námstefnu sem skilar árangri?

Ef þú svarar þessum spurningum játandi
þá er námsstefnan með Margaret Parkin eitthvað fyrir þig.
Kíktu á vefinn okkar, **www.lectura.is** og fáðu meiri upplýsingar.

Takmarkað sætaframboð
Bókaðu þig því strax í dag

**Skráning: Með tölvupósti á lectura@lectura.is og í síma 824 0104**
Við skráningu komi fram nafn þátttakanda og nafn, heimilisfang og kennitala greiðanda.

**Miðaverð fram til 18. apríl kr. 28.500**
Eftir 18. apríl kr. 32.000 –
**Tryggðu þér því sæti strax !**


Trúarleiðtogar og ráðherrar vilja banna tímarit:

# Playboy selt í Indónesíu

**INDÓNESÍA, AP** Indónesíubúar voru fljótir að kaupa fyrsta eintak Playboy sem birtist í hillum sölubúða Indónesíu í fyrradag, en Indónesía er fyrsta land múslima sem leyfir sölu á tímaritinu umdeilda. Trúarleiðtogar og tveir ráðherrar hafa kallað eftir banni á tímaritið, en hingað til án árangurs.

Þó lýstu sumir kaupendur því yfir að þeir myndu aldrei eyða fé í það aftur, því þeim þótti innihaldinu um of stillt í hóf, ólíkt evrópskum og bandarískum klámblöðum.

Playboy er gefið út í tuttugu löndum og er innihaldinu ritstýrt eftir kröfum hvers lands. Indónesíska útgáfan inniheldur myndir af fáklæddum konum, en þær eru minna klámfengnar en í bandarísku útgáfunni fyrir fimmtíu árum. - smk



**PLAYBOY Í INDÓNESÍU** Indónesískir blaðasalar hófu sölu á Playboy í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Berðu saman verð og gæði og taktu ákvörðun um

# Búlgaríuferð í sumar!

## Verðið skiptir máli!

Það borgar sig að bóka á netinu www.apollo.is

### Sunny Beach

- Líflegur og litríkur sólarbær með öllu!
- Ein besta sandströnd Evrópu
- Miðaldabærinn Nessebar í göngufjarlægð (á heims-minjaskrá UNESCO)
- Beint leiguflug frá Íslandi vikulega frá 23. maí til 12. sept.
- Fjölbreyttir gististaðir
- Íslenskir fararstjórar
- Úrval kynnisferða
- Verðlag með gamla laginu




Náðu þér í bækling!

Esso

*Bæklingar liggja frammi á völdum Esso-stöðvum:*

**Reykjavík:** Ártúnshöfði og Fossvogur.
**Hafnarfjörður:** Lækjargata
**Akureyri:** Leiruvegur



**VERÐDÆMI**
Flugfargjald 13. júní, 1 vika, án ferða frá/til flugvallar ytra
**29.900 kr.**
á mann með öllum sköttum

**VERÐDÆMI**
Hjón með 2 börn, 2ja-17 ára, 6. júní, 1 vika í 2ja herb. íbúð á Jalta 2:
**37.000 kr.**
meðalverð á mann með öllum sköttum

**VERÐDÆMI**
Hjón í 1 viku 12. sept. á Hótel Tundja:
**40.300 kr.**
á mann með öllum sköttum

Bókaðu núna!

apollo

**5 100 300 www.apollo.is**

Langferðir ehf., Holtasmára 1, 201 Kópavogur

evrópa
Ísland og Evrópusambandið

AF EVRÓPUVETTVANGI: AUÐUNN ARNÓRSSON

## EES eitt atvinnusvæði



Í vikunni lagði Jón Kristjánsson félagsmálaráðherra fram frumvarp til laga þar sem kveðið er á um sérreglur sem gilda eiga um launþega frá nýju ESB-ríkjunum í austanverðri Evrópu sem ráða sig til vinnu hér á landi eftir 1. maí næstkomandi. Þá rennur út fyrsti hluti allt að sjö ára langs frests sem eldri aðildarríki ESB og EES geta nýtt sér til að opna ekki vinnumarkað sinn að fullu fyrir borgurum nýju aðildarríkjanna.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að ríkisborgurum Austur-Evrópulandanna verði heimilt að koma hingað til lands í atvinnuleit og ráða sig til starfa hér á landi án sérstakra atvinnuleyfa. Þetta mun gera fólki frá löndum eins og Póllandi og Litháen, sem þegar er fjölmennt á íslenzkum vinnumarkaði, kleift að koma hingað í atvinnuleit og ráða sig til vinnu hjá íslenzkum fyrirtækjum með mun einfaldari hætti en hingað til.

Í frumvarpinu er kveðið á um að atvinnurekendur tilkynni til Vinnumálastofnunar um ráðningu ríkisborgara frá þessum ríkjum. Gert er ráð fyrir að ráðningarsamningur fylgi tilkynningunni þar sem útlendingnum eru tryggð laun og önnur starfskjör samkvæmt íslenskum lögum og kjarasamningum. Skal Vinnumálastofnun halda skrá yfir þá útlendinga sem koma frá þessum ríkjum til starfa hér á landi.

Með frumvarpinu eru íslensk stjórnvöld að nýta réttinn til að láta sérreglur gilda enn um sinn um ríkisborgara nýju aðildarríkjanna, reglur sem ekki eiga við um ríkisborgara annarra ESB-ríkja sem leita inn á íslenzkan vinnumarkað. Væntanlega munu þær gilda til ársins 2009 og falla þá niður, enda yrði þá að vera hægt að sýna fram á að niðurfelling þeirra myndi hafa í för með sér alvarlega röskun á íslenskum vinnumarkaði ef heimilt ætti að vera að láta þær gilda í tvö ár til viðbótar, sem er hámarksfresturinn sem kveðið var á um í aðlögunarákvæðum aðildarsamninganna.

Eftir árið 2011 er engu hinna eldri aðildarríkja ESB og EES heimilt að láta aðrar reglur gilda um ríkisborgara nýju aðildarríkjanna en gilda um öll hin. Enda er Evrópska efnahagssvæðið eitt atvinnusvæði.

# Þrýst á um afnám hafta á frjálsa för fólks

**Frjálst flæði vinnuafls milli landa á innri markaði Evrópusambandsins er meðal grundvallarréttinda sem tryggð eru í lögum ESB og felur í sér réttinn til að búa og vinna í öðru ESB-aðildarríki. Framkvæmdastjórn ESB þrýstir á um að eldri aðildarríki sambandsins láti tímabundin höft á frjálsa för launþega frá nýju aðildarríkjunum í austanverðri álfunni niður falla 1. maí næstkomandi.**

EES-samningurinn tryggir borgurum Íslands, Noregs og Liechtenstein þennan sama rétt í aðildarríkjum ESB og gagnkvæmt ESB-borgurum hér á landi og í hinum EES-löndunum.

### Varnargarðar gegn „flóðbylgju ódýrs vinnuafls“

Velmegunargjáin milli eldri ESB-ríkjanna, sem voru öll vestan járntjaldsins, og nýju ríkjanna, sem gengu í sambandið 1. maí 2004 og voru áður austan járntjaldsins, veldur því að í eldri aðildarríkjunum var útbreiddur ótti við að yfir þau myndi skella flóðbylgja ódýrs vinnuafls við inngöngu fyrrverandi kommúnistaríkjanna í sambandið. Rammast kvað að þessum ótta í Þýzkalandi og Austurríki, þ.e. í þeim hópi eldri aðildarríkjanna sem eiga bein landamæri að nýju aðildarríkjunum.

Því var svo búið um hnúta í aðildarsamningunum að eldri aðildarríkjunum yrði heimilt að fresta því um allt að sjö ár að láta regluna um frjálst flæði vinnuafls að fullu gilda um ríkisborgara þeirra átta nýju aðildarríkja, sem áður voru hluti af Austurblokkinni. Þessi fyrirvari var ekki settur í aðildarsamninga tveggja nýju aðildarríkjanna, Miðjarðarhafseyríkjanna Möltu og Kýpur.

Í reynd nýttu sér tólf af fimmtán eldri ESB-aðildarríkjunum heimildina til að fresta ákvæðum um frjálst flæði vinnuafls frá nýju aðildarríkjunum átta, tvö fyrstu árin eftir inngöngu þeirra eða til 1. maí 2006. Það gerðu EES-löndin Ísland, Noregur og Liechtenstein einnig. Þau þrjú ESB-ríki sem gerðu það ekki eru Svíþjóð, Bretland og Írland.

### Jákvæð reynsla af „hömluleysi“

Í skýrslu sem framkvæmdastjórn ESB birti í febrúar um reynsluna af beitingu fyrirvarans þessi fyrstu tvö ár er komizt að þeirri niðurstöðu að það væri öllum í hag að láta hömlurnar á frjálst flæði vinnuafls frá nýju aðildarríkjunum falla niður 1. maí næstkomandi. Í skýrslunni segir að reynsla Svía, Breta og Íra af „hömluleysinu“ væri á þá leið að ótti við neikvæðar afleiðingar þess væri ástæðulaus.

Með neikvæðum afleiðingum er helzt átt við að þegar margt fólk streymir inn á vinnumarkað tiltekins lands, sem sé tilbúið til að vinna fyrir minna kaup og samkvæmt lakari skilmálum en gengur og gerist í viðkomandi starfsgrein í viðkomandi landi, grafi slíkt undan félagslegum réttindum á þeim vinnumarkaði, þ.e. í því felist „félagslegt undirboð“ sem réttmætt sé að hamla gegn með stjórnvaldsráðstöfunum.



**AUÐVELDARA AÐGENGI** Þótt íslenzk stjórnvöld nýti heimild til að halda í gildi sérreglum um launþega frá nýju aðildarríkjunum eftir 1. maí verður mun einfaldara fyrir þá að koma hingað en áður. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Skiljanlega finnst atvinnurekendum í viðkomandi landi það hins vegar ekki neikvætt að eiga þess kost að ráða hæfa starfsmenn frá nýju aðildarríkjunum á lægra kaupi en „innfædda“. Enda hefur það sýnt sig í löndum eins og Írlandi, þar sem starfskraftar fólks frá Austur-Evrópulöndunum hafa verið velkomnir í því þensluástandi sem þar hefur verið ríkjandi á síðustu árum, að hið aðflutta vinnuafl á talsverðan þátt í þeim góða hagvexti sem þar hefur orðið. Á tímabilinu hefur hlutfall fólks frá nýju aðildarríkjunum af heildarvinnuafli á Írlandi vaxið úr 1,9 prósentum í 3,8 prósent. Aðeins í einu öðru ESB-landi er þetta hlutfall yfir einu prósenti, en það er í Austurríki 1,4 prósent.

### Atvinnuleysislönd halda í hömlurnar

Annað gildir í þeim löndum þar sem atvinnuleysi er mikið og hagsveiflan í stöðnun, eins og tilfellið er til dæmis í Þýzkalandi. Þar er skiljanlega mikill pólitískur þrýstingur á að opna ekki fyrir flæði ódýrs vinnuafls að austan. Hagfræðingar benda þó á að jafnvel þar sem ástandið á vinnumarkaði er eins og það er í Þýzkalandi geti það verið jákvætt fyrir efnahagslífið í heild að framboð á ódýru en samt hæfu og hreyfanlegu vinnuafli aukist; í samkeppnisumhverfi hnattvæðingarinnar bæti það samkeppnishæfni hagkerfisins.

„Við höfum ekki orðið vör við nein teljandi vandkvæði á vinnumarkaði ESB. Áhrif stækkunarinnar til austurs hafa að þessu leyti verið mjög takmörkuð,“ sagði Vladimir Spidla, sem fer með vinnumarkaðsmál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, þegar áðurnefnd skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um reynsluna síðan Austur-Evrópulöndin gengu í sambandið var kynnt í Brussel í febrúar.

Stjórnvöld í hverju hinna tólf ESB-landa og EES-löndunum þremur sem ákváðu fyrir tveimur árum að nýta sér heimildina til að opna ekki vinnumarkað sinn að sinni fyrir ríkisborgurum nýju aðildarríkjanna, verða að tilkynna fyrir lok þessa mánaðar hvort þau hyggist gera það áfram. Að öðrum kosti falla hömlurnar niður 1. maí.

### Ísland heldur í sérreglur

Af þessari ástæðu samþykkti íslenzka ríkisstjórnin í vikunni frumvarp Jóns Kristjánssonar félagsmálaráðherra til laga um aðgengi ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Tékklands og Ungverjalands að íslenzkum vinnumarkaði frá og með 1. maí næstkomandi.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að ríkisborgurum framangreindra ríkja verði heimilt að koma hingað til lands í atvinnuleit og ráða sig til starfa hér á landi án sérstakra atvinnuleyfa. Í fréttatilkynningu um frumvarpið segir: „Svo virðist sem nokkur hreyfanleiki sé meðal ríkisborgara þessara ríkja enda atvinnuleysi þar nokkurt. Þykir því ástæða vera til að atvinnurekendur tilkynni til Vinnumálastofnunar um ráðningu ríkisborgara frá þessum ríkjum... Gert er ráð fyrir að ráðningarsamningur fylgi tilkynningunni þar sem útlendingnum eru tryggð laun og önnur starfskjör samkvæmt íslenskum lögum og kjarasamningum.“ Þá segir þar ennfremur: „Skal Vinnumálastofnun halda skrá yfir þá útlendinga sem koma frá framangreindum ríkjum til starfa hér á landi. Þessi skráning kemur ekki í veg fyrir að umræddir ríkisborgarar þurfi að sækja um EES-dvalarleyfi samkvæmt lögum um útlendinga.“

Tilgangur þessarar tilkynningarskyldu atvinnurekenda er sögð sú að fylgjast með framvindu mála svo unnt sé að hafa yfirsýn yfir þá er koma hingað til lands meðal annars til að gæta þess að þeir njóti þeirra réttinda er gilda á innlendum vinnumarkaði. Þetta atriði hefur verið ein meginkrafa Alþýðusambands Íslands í þessu sambandi. Jafnframt er gert ráð fyrir að Vinnumálastofnun verði veitt heimild til að leggja dagsektir á atvinnurekendur láti þeir hjá líða að skrá framangreinda ríkisborgara sem starfa hjá þeim.

### „Hömlulausum“ löndum fjölgar

Norsk stjórnvöld hyggjast einnig láta slíkar sérreglur gilda áfram eftir 1. maí. Auk Þýzkalands og Austurríkis hafa ennfremur Belgar tilkynnt að þeir haldi slíkum sérreglum áfram í gildi. Finnland, Spánn og Portúgal hafa tilkynnt að þau munu láta hömlurnar niður falla. Hin sex eldri ESB-ríkin: Frakkland, Holland, Lúxemborg, Grikkland, Ítalía og Danmörk höfðu í vikunni ekki sent frá sér tilkynningu en búizt var við því að þau myndu halda í hömlurnar enn um sinn.

audunn@frettabladid.is



**VLADIMIR SPIDLA** Fer með vinnumarkaðsmál í framkvæmdastjórn ESB. NORDICPHOTOS/AFP

**FRJÁLST FLÆÐI VINNUAFLS**

*✧Grundvallarréttur ESB-borgara*

Hver og einn borgari aðildarríkja Evrópusambandsins hefur rétt til að vinna og búa í öðru aðildarríki án þess að honum sé mismunað á grundvelli þjóðernis.

Frjálst flæði fólks yfir innri landamæri ESB er meðal grundvallarréttinda sem tryggð eru í grundvallarlögum ESB. Þessi réttindi eru ef til vill þau mikilvægustu sem ESB-lög tryggja einstaklingum og þau eru undirstaða þess sem felst í ESB-borgararétti.

Fyrir launafólk hafa þessi réttindi verið fyrir hendi allt frá því Evrópusambandið var stofnað - þá sem Efnahagsbandalag Evrópu - árið 1957. Kveðið var á um þau í 39. grein stofnsáttmálans og fela þau í sér:
- réttinn til að leita sér að vinnu í öðru aðildarríki.
- réttinn til að stunda atvinnu í öðru aðildarríki.
- réttinn til að dvelja þar í því augnamiði.
- réttinn til að dvelja þar áfram.
- réttinn til jafnrar meðhöndlunar hvað varðar aðgang að atvinnu, heilsusamlegar vinnuaðstæður og allt annað sem kann að hjálpa til við aðlögun launþegans að vinnumarkaði og samfélagi ESB-landsins sem hann vinnur í.

39. greinin á við um launþega en ekki verktaka, námsmenn eða lífeyrisþega. Samkvæmt túlkun Evrópudómstólsins á 39. greinin einnig við um atvinnuíþróttamenn.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

Ársfundur 2006

Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verður haldinn að Skúlagötu 17, Reykjavík á 2. hæð, 25. apríl 2006 og hefst kl. 16.00.

Dagskrá fundarins er

1. Skýrsla stjórnar.
2. Gerð grein fyrir ársreikningi.
3. Tryggingafræðileg úttekt.
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt.
5. Önnur mál.

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 20. feb. 2006
Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda

hunang




Njóttu þess að vera í Vörðunni

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Hverfalöggæsla og lögregluumdæmi:

## Skipulag löggæslumála

Að undanförnu hafa verið til umræðu tillögur um skipulag löggæslumála, annars vegar á landinu öllu og hins vegar í Reykjavík. Sérstakur vinnuhópur sem Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði skilaði áliti í síðustu viku, en í honum voru fulltrúar meirihluta og minnihluta í borgarstjórn Reykjavíku, lögreglunnar i Reykjavík og dómsmálaráðuneytisins. Þessi hópur hefur verið að störfum á undanförnum misserum og skilaði samhljóða áliti. Sumt af því sem hópurinn hefur fjallað um er þegar komið til framkvæmda, en annað verður væntanlega að raunveruleika í framtíðinni. Í áliti hópsins er auk annars fjallað um hverfalöggæslu, en tilraunir sem lögreglan í Reykjavík hefur gert í þeim efnum lofa góðu. Í Grafarvogi og Breiðholti hefur verið komið á formlegu samstarfi milli lögreglu og þjónustumiðstöðva hverfanna, og þannig skapast nánari tengsl milli löggæslunnar og annarra sem veita íbúunum þjónustu á viðkomandi svæði. Með þessu móti verður lögreglan hluti af lífinu í viðkomandi hverfi, en ekki eitthvert utanaðkomandi óvinsælt yfirvald, sem aðeins kemur upp á yfirborðið þegar eitthvað hefur farið úrskeiðis í hverfinu eða ógnvænlegir atburðir eiga sér stað.

Hin góða reynsla sem virðist hafa fengist af þessu fyrirkomulagi löggæslumála í sumum hverfum borgarinnar ætti að vísa veginn varðandi sameiningu löggæslunnar á höfuðborgarsvæðinu undir einn hatt. Það er löngu orðið tímabært að sameina krafta lögreglunnar á þessu þéttbýlasta svæðí landsins, ekki síst í ljósi þeirrar útþenslu sem orðið hefur í byggðinni á allra síðustu árum. Það eru engin greinileg mörk orðin á milli sveitarfélaga víða á þessu svæði. Nærtækasta dæmið er þar sem Linda- og Salahverfi í Kópavogi liggja við hlið Seljahverfis í Breiðholti. Þarna getur verið býsna krókótt að fara á ökutækjum á milli, þótt húsin í Kópavogi og Reykjavík séu svo gott sem hlið við hlið.

Jafnframt því sem löggæslumálefni Reykjavíkur hafa verið tekin til endurskoðunar er nú til umræðu í Alþingi frumvarp dómsmálaráðherra um lögregluembætti landsins. Það hefur nú þegar verið nokkuð til umræðu úti í þjóðfélaginu, og einkum eru það hópar í einstökum landshlutum sem hafa látið í sér heyra vegna óánægju með fyrirhugað skipulag. Það er alveg ljóst að það var orðin mikil þörf á því að taka heildarskipulag löggæslunnar til endurskoðunar. Samvinna lögregluembætta hefur að vísu aukist mikið hin síðari ár sem betur fer, og ber nú ekki eins mikið og áður á þröngum hreppasjónarmiðum í þessum efnum, eins og þegar fundið var að því að lögreglan á Akranesi tæki menn fyrir of hraðan akstur við Akrafjall, vegna þess að svæðið tilheyrði Borgarneslögreglunni! Fyrirhuguð sameining lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu ætti reyndar að ná upp á Akranes ef vel ætti að vera, ekki síst með það í huga að sama embætti bæri ábyrgð á löggæslu beggja megin Hvalfjarðarganga og höfuðstöðvar löggæslu á Vesturlandi yrðu þá í Borgarnesi.

Það vill gjarnan brenna við að pólitískir riddarar kveði sér hljóðs eftir umferðartafir í kjölfar menningarnætur eða álíka viðburða og heimti löggæsluna til sveitarfélaganna. Slíkt er af og frá, en til að kveða niður slíkar raddir þarf líka löggæslan að standa sig á stundum sem þessum, en fyrst og fremst þurfa þá borgararnir að sýna þolinmæði og tillitssemi.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Heilaga verðtrygging



Frjálshyggjumenn, eins og Pétur H. Blöndal, eru andsnúnir hagsmunum almennings ef þeir mæla gegn afnámi verðtryggingar lána. Þeir segjast tala máli lífeyrissjóða sem verði að búa við öryggið sem tekið var af almenningi með einu pennastriki fyrir aldarfjórðungi þegar verðtrygging launa var afnumin. Fríhyggjumenn vita jafn vel og aðrir að vextir, það er verð fyrir afnot af peningum, hækka með vaxandi áhættu. Hvaða lífeyrissjóðir á norðurhveli jarðar taka hærri vexti en þeir íslensku þrátt fyrir að vera með axlabönd, björgunarbelti, kúta, belti og verðtryggingu þegar þeir mæta viðskiptavinum sínum? Því skyldu bankar eða lífeyrissjóðir fara á hausinn þótt þeir þurfi að rukka breytilega nafnvexti á móti breytilegri verðbólgu? Taka áhættu með viðskiptavinum sínum en ekki gegn þeim?
Aðalatriðið er að hagsmunirnir sem stjórnvöld verja gegn hagsmunum almennings eru brot á jafnræðisreglu. Því má ekki ríkja jafnræði þeirra sem taka fé að láni og hinna sem lána fé líkt og í nágrannalöndum sem þekkja ekki verðtryggingu? Því er öryggi banka lögleitt og haldið uppi á kostnað viðskiptavina þeirra? Öryggi fjölskyldna er vitanlega jafn mikilvægt og bankanna.

### Hvar er jafnræðið?

Bankar og lífeyrissjóðir þurfa ekki að fylgja regluverki verðtryggingarinnar. Þeir geta sniðgengið hana og samið við sína viðskiptavini um breytilega nafnvexti sem stundum geta skilað þeim réttu megin við strik og stundum ekki þegar viðskiptavinirnir hafa betur.
Tvennt er það sem skiptir máli í rekstri banka, en það er áhætta og vextir. Því meiri áhætta, því hærri vextir. Sá banki sem hefur frumkvæði að því að leggja niður verðtryggingu útlána sinna er líklegur til þess að safna að sér nýjum viðskiptavinum, sem þá myndu búa við sömu skilmála og jafnræði og 300 milljónir Evrópubúa. Íslenskir lántakendur eiga þess kost að taka lán sín, til dæmis fasteignalán, í evrum eða öðrum gjaldmiðlum. Þegar þeir fara að njóta lægri Evrópuvaxta er aðeins eitt eftir af þeirra hálfu, en það er að taka upp evruna og útrýma þar með gengisáhættunni og kostnaðinum sem því fylgir.

johannh@frettabladid.is

## Kertin dýrari en kakan

Í DAG
LÍFEYRISSJÓÐIR



ILLUGI
GUNNARSSON

Vinafólk sem býr í Danmörku kom í mat til okkar um daginn. Spurð fregna af gömlu nýlenduherrunum sögðu þau að danskir kunningjar þeirra á okkar aldri séu mjög uppteknir af lífeyrissjóðsmálum. Varla hafi tappinn verði tekinn af Tuborgnum þegar talið berst að lífeyrissjóðum, í hvaða lífeyrissjóð eigi að borga, hvar sé ávöxtun best og hvaða sjóður sé minnst líklegur til að stinga af með peningana til Brasilíu.

Ekki veit ég hvort við Íslendingar vorum svona klárir eða heppnir þegar við ákváðum hvernig lífeyrissjóðsmálum okkar yrði skipað. Ef til vill sitt lítið af hvoru. En staðreyndin er sú að mitt ágæta vinafólk þarf ekki að hafa miklar áhyggjur af framfærslu sinni í ellinni. Íslensku lífeyrissjóðirnir standa ótrúlega vel. Til að átta sig á stærð þeirra miðað við aðrar þjóðir, er gott að líta á eignir þeirra sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Hjá OECD er þetta hlutfall um 27%. Hjá okkur Íslendingum er hlutfallið um 110% af þjóðarframleiðslunni. Einungis í Sviss, en þar býr víst heimsins sparsamasta og skynsamasta fólk, er þetta hlutfall hærra. Og því er spáð að innan örfárra áratuga verði eignir lífeyrissjóðanna íslensku orðnar 150% af þjóðarframleiðslunni.

### Lífeyririnn hækkar

Samtök atvinnulífsins settu mann í að reikna út hvað við munum fá út úr þessum stóru lífeyrissjóðum okkar í framtíðinni. Í ljós kemur að hagur aldraðra mun batna jafnt og þétt, ár frá ári, næstu áratugina. Nýir lífeyrisþegar fá nú að meðaltali 80 þúsund krónur á mánuði en þessi greiðsla mun tvöfaldast á næstu 30 árum. Lífeyrissjóðirnir munu fimmfalda greiðslur sínar en ríkið mun einungis auka sínar greiðslur um helming á sama tíma. Við erum því óvanalega vel í stakk búin til að takast á við þann vanda sem fylgir því að aldraðir verða hlutfallslega fleiri í framtíðinni en nú er. Reyndar er alltaf spurning hvenær maður er orðinn gamall. Bob Hope sagði eitt sinn að maður væri orðinn gamall þegar kertin á afmælistertunni væru orðin dýrari en tertan sjálf.

*Eftir áratug eða svo má ætla að staða öldrunarmála verði gerbreytt. En þann áratug þurfum við að brúa þannig að vel sé. Við erum fámenn þjóð og það er hægt að skilgreina nokkuð vel þann hóp aldraðra sem við þurfum að hjálpa þangað til lífeyriskerfið tekur við.*

### Danir í vanda

Langflest ríki Evrópu standa frammi fyrir geigvænlegum vanda í lífeyrismálum sínum. Í vikunni var mikil umræða um þau bæði í Danmörku og Bretlandi. Samkvæmt þeim tillögum sem lagðar hafa verið fram þarf að seinka því hvenær fólk getur komist á ellilífeyri, hækka skatta og jafnvel draga úr greiðslum. Undan þessu vandamáli geta þjóðirnar ekki vikið sér því vandinn eykst með hverju árinu sem líður. Þetta eru ekki vinsælar aðgerðir og hætt við að það verði hart sótt að þeim sem reyna að koma einhverju sæmilegu skikki á þessi mál. Aðstoðarforsætisráðherra Dana spurði þjóðina hvort henni hugnaðist að skilja reikninginn fyrir velferðinni eftir í svefniherbergjum barnanna. Það er því ekki skrýtið að danskir vinir kunningja minna hafi áhyggjur af lífeyrissjóðnum sínum.

### Vextirnir hans Trölla

En þrátt fyrir að það sé bjart framundan í þessum málum hjá okkur þá er ekki þar með sagt að hér sé allt vandalaust. Þeir sem nú þiggja lífeyri gjalda fyrir vonda efnahagsstjórn hér á árum áður. Neikvæðir raunvextir og óðaverðbólga fóru árum saman illa með sparnað í landinu. Þegar Trölli í Landsbankanum söng um vexti og vaxtavexti og vexti líka af þeim, þá voru það ekki þeir sem lögðu fyrir sem nutu þeirra, heldur hinir sem tóku lán og þurftu ekki að borga nema lítið til baka. Margir greiddu síðan ekki í lífeyrissjóði og fyrir vikið er nú allt of stór hópur aldraðra sem býr við kröpp kjör. Rétt er þó að hafa í huga að það er líka stór hópur aldraðra sem á umtalsverðar eignir og hefur það ágætt, að minnsta kosti ekki verr en margur sem er að koma sér upp húsi og fjölskyldu. En við hljótum að geta orðið sammála um að það þurfi að bæta kjör þeirra öldruðu sem nú eru verst settir.

### Brúum bilið

Lausnin þarf að vera þannig úr garði gerð að við séum ekki að styrkja ríkt eldra fólk og einnig þarf að taka tillit til þess að á næstu árum munu lífeyrissjóðirnir bæta kjörin verulega. Eftir áratug eða svo má ætla að staða öldrunarmála verði gerbreytt. En þann áratug þurfum við að brúa þannig að vel sé. Við erum fámenn þjóð og það er hægt að skilgreina nokkuð vel þann hóp aldraðra sem við þurfum að hjálpa þangað til lífeyriskerfið tekur við. Það hefur vissulega margt áunnist í málefnum aldraðra undanfarin ár; kaupmáttur þeirra hefur aukist, eignaskattur afnuminn og verið er að bæta öldrunarþjónustu af fullum krafti. En efnahagsbatinn sem þjóðin hefur notið í ríkisstjórnartíð Sjálfstæðisflokksins gefur okkur tækifæri til að sinna þessum málum enn betur en nú er gert.







FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

nýir tímar | ný vefverslun | traustur grunnur

# VERSLAÐU Á NETINU

www.byko.is




## BYKO hefur verið leiðandi í meira en 40 ár



Vinnur þú?

Grill að verðmæti

279.000 kr.

### Þú getur unnið glæsilegasta grill landsins

BYKO bætir nú þjónustu sína enn frekar og hefur opnað eina glæsilegustu VEFVERSLUN á Íslandi. VEFVERSLUN BYKO er einfaldur og notendavænn vefur, byggður upp á þeim trausta grunni sem BYKO byggir á. Nú getur þú verslað þegar þér hentar og færð vöruna senda til þín.

Taktu þátt í skemmtilegum vefleik þar sem þú getur unnið glæsilegasta gasgrill á Íslandi. Það eina sem þú þarft að gera er að skrá netfangið þitt á VEFVERSLUN BYKO og þú gætir dottið í lukkupottinn.

BYKO


SAMEINAÐ DREIFIKERFI
365
Síminn




digital ísland Skjárinn

Síminn og 365 miðlar hafa gert með sér samning um að báðir aðilar dreifi íslenskum sjónvarpsrásum Digital Íslands og Skjásins. Samningurinn felur í sér jafnan aðgang viðskiptavina þeirra um allt landið að öllum íslensku sjónvarpsrásunum.

Samkomulaginu verður náð í 3 skrefum:

- **15. apríl** mun **SKJÁR***EINN* nást með Digital Íslandi og **Sirkus** með Breiðbandi Símans.
- **15. júní** verða allar **opnar sjónvarpsrásir** Digital Íslands og Skjásins aðgengilegar á öllum kerfum.
- **15. september** verður hægt að senda út **læstar sjónvarpsrásir** Digital Íslands og Skjásins um öll kerfin.

Mikilvægur áfangi í dreifingu innlends sjónvarpsefnis sem felur í sér mikinn ávinning fyrir sjónvarpsáhorfendur hvar sem er á landinu.

**ANDREA DWORKIN (1946-2005) LÉST ÞENNAN DAG**

*„Kventíska er fegrunarheiti yfir tísku sem sköpuð er af körlum fyrir konur.“*

***Femínistinn Andrea Dworkin barðist í ræðu og riti fyrir jafnrétti kynjanna.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 9. APRÍL 1948

## *Fjöldamorð í Deír Jassín*

Á þessum degi réðst fjöldi hryðjuverkamanna inn í þorpið Deír Jassín í Palestínu og myrti íbúa þess. Fjöldamorðin voru framin af öfgahópum gyðinga í aðdraganda þess að Ísraelsríki var stofnað og stóðu yfir í þrjá daga. Bærinn Deír Jassín var byggður af arabískum fjölskyldum og er hann í nágrenni við Jerúsalem.

Frá því í desember 1947 þegar Bretar yfirgáfu þessa fyrrum nýlendu sína höfðu gyðingar og arabar innan Palestínu barist hart. Engin raunveruleg stjórn var í landinu og því var enginn sem gat tekið í taumana á hópunum sem skiptust á að hefna fyrir árásir hins.



Í lok mars hafði aröbunum tekist að sprengja veginn milli Tel Avív og vesturhverfa Jerúsalem og þannig tekist að hefja umsátur um sextán prósent gyðinga á svæðinu.

Umsátrið um Jerúsalem tvíefldi gyðingana, sem lögðu í stóra hernaðaraðgerð til að losa Jerúsalem undan umsátri arabanna. Hernaðaraðgerðin fór úr böndunum í Deír Jassín og er talið að eitt til tvö hundruð óbreyttir borgarar, konur og börn til jafns við karla, hafi þar verið myrtir á hrottafenginn hátt.

Frá Palestínu

## MERKISATBURÐIR

**1667** Fyrsta opinbera listasýningin í opnuð í París.
**1682** René-Robert Cavelier de La Salle slær franskri eign á Mississippi-dalinn og kallar hann Louisiane.
**1940** Þýskalands ræðst inn í Noreg og Danmörku.
**1967** Fyrsta Boeing 737 fer í jómfrúarflug sitt.
**1981** Stutt Heklugos hefst en tæpt ár er þá liðið frá síðasta gosi.
**1991** Georgía lýsir yfir sjálfstæði frá Sovétríkjunum.
**2002** Jarðarför Elísabetar drottningarmóður fer fram frá Westminster Abbey í London.
**2005** Karl Bretaprins giftist Kamillu Parker Bowles.

## AFMÆLI



**Atli Ágústsson** fyrrverandi deildarstjóri er 75 ára.



**Sveinn Hannesson** framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins er 56 ára.



**Guðni Ágústsson** þingmaður og ráðherra er 57 ára.



**Jens Andrésson** formaður SFR er 54 ára.

## ANDLÁT

**Aðalgeir Olgeirsson,** frá Húsavík, Háholti 1, Hafnarfirði, lést á Landspítalanum Hringbraut fimmtudaginn 6. apríl.

**Anna J. Jónsdóttir,** Sóltúni 2, Reykjavík, áður Skipagötu 2, Akureyri, lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni miðvikudaginn 5. apríl.

**Elín Guðjónsdóttir,** Lindartúni, lést á Kirkjuhvoli Hvolsvelli miðvikudaginn 5. apríl.

**Guðríður R. Bjarnadótir Franzén,** Gautaborg, lést mánudaginn 3. apríl.

**Magnúsína Guðrún Sveinsdóttir,** Gnoðarvogi 20, Reykjavík, lést á gjörgæsludeild Landspítalans föstudaginn 7. apríl.

**Rut Gunnarsdóttir** lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 5. apríl.

**Sigurður Demetz Franzson** andaðist á hjúkrunarheimilinu Sóltúni föstudaginn 7. apríl.

**Unnur Pálsdóttir, Fróðastöðum,** andaðist á Sjúkrahús Akraness miðvikudaginn 5. apríl.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.




†

*Okkar elskulegi bróðir og vinur*

**Sigurður Demetz Franzson**

andaðist að morgni 7. apríl á hjúkrunarheimilinu Sóltúni. F.h. systkina, annarra aðstandenda og vina,

**Eygló Friðriksdóttir**
**Guðbjörg Sigurjónsdóttir**
**Magnús Ólafsson**
**Walter Jónsson.**



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Axel Eiríksson**

Reykási 23, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 11. apríl kl. 13.00.

**Eiríkur Axelsson**
**Guðbrandur R. Axelsson** **Margrét A. Axelsson**
**Unnur Ósk, Richard Már.**


## FÉLAG LESBLINDRA: HLÝTUR STYRK ÚR VELFERÐARSJÓÐI BARNA

# Hægt að læra án þess að lesa

Á dögunum var Félagi lesblindra úthlutað fjórum og hálfri milljón króna í styrk frá Velferðarsjóði barna. Að sögn Guðmundar Johnsen, formanns félagsins, kemur styrkurinn sér mjög vel og er stefnt að því að grunnskólanemar með lesblindu njóti fyrst og fremst góðs af honum.

„Styrkurinn auðveldar okkar starf gríðarlega mikið því félagið hefur enga fasta innkomu. Stærsta verkefnið sem við erum að vinna að er að flýta fyrir greiningu á lesblindu. Því fyrr sem greiningin kemur, því betra er að vinna úr henni,“ segir Guðmundur. Að mati Guðmundar er gríðarlega mikilvægt að lesblind börn séu ekki látin dúsa í skólum í mörg ár án þess að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir. „Lesblind börn hafa ekkert að gera í skólakerfi þar sem textar eru aðalkennsluefnið. Hægt er að bera þetta saman við að vera í bekk þar sem allir textarnir eru á kínversku. Ef börn þurfa að sitja í nokkur ár án þess að skilja neitt verða þau bara óróleg.“

Brögð eru að því að fólk sé komið á þrítugsaldur áður en lesblindan greinist og segir Guðmundur að það sé grafalvarlegt mál. „Einstaklingurinn bíður mikið tjón ef lesblindan er ekki greind. Þannig myndast gríðarlegt þekkingargap því fólk fer í gegnum skólakerfið án þess að hafa aðgang að því sem það á að læra. Lestur er nefnilega bara tæki til að læra en alls ekki skilyrði fyrir því að hægt sé að læra.“ Þessa staðreynd eiga margir erfitt með að sætta sig við því Guðmundur segir að samfélagið geri kröfu til þess að fólk lesi. „Bókaþjóðinni þykir sjáfsagt að fólk lesi og skrifi án erfiðleika og klári þrjátíu bækur yfir jólin. Ef fólk gerir lítið af því er það náttúrlega bara vitlaust. Því miður er mjög útbreitt viðhorf til lesblindu að það sé bara heimska og hefur verið nánast frá því að upplýsingabyltingin byrjaði.“



**GUÐMUNDUR JOHNSEN, FORMAÐUR FÉLAGS LESBLINDRA** Hægt er að flýta fyrir greiningu á lesblindu með því að hafa augun opin. Guðmundur segir að þannig sé hægt að koma í veg fyrir gríðarlegt þekkingartap hjá einstaklingum sem fari annars gegnum skólakerfið án þess að hafa aðgang að þekkingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ F60060406

Lesblindir eiga aftur á móti ekkert erfiðara með að tileinka sér þekkingu ef þeir fá til þess rétt tæki. „Ég fór til dæmis sjálfur í gegnum Háskóla Íslands með hljóðbókum. Eftir að ég fór að nota þær gat ég mætt lesinn í próf, sem var alveg ótrúlegur munur. Áður var maður að reyna að lesa en það gengur bara svo hægt og oft þegar komið er á hærri skólastig ræður fólk ekki við það,“ segir Guðmundur.

Hann ítrekar enn og aftur að rétt greining gegni lykilhlutverki svo hægt sé að láta nemendur hafa þessi tæki. „Við erum nýbúin að fá í hendurnar bók sem við ætlum að gefa öllum skólum landsins. Hún fjallar um vandamál lesblindra út frá sjónarhóli lesblindra og hvernig hægt er að flýta greiningunni með því að horfa í ákveðin atriði og hafa þannig augun opin fyrir vandamálinu.“

# Plöntuvefsjá opnuð almenningi

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur opnað almenningi aðgang að svonefndri plöntuvefsjá. Er það liður í langtímamarkmiði stofnunarinnar sem er að veita aðgang að gagnasöfnum og vera í fremstu röð í miðlun upplýsinga um náttúru Íslands á netinu.

Í plöntuvefsjánni er hægt að leita eftir íslensku eða latnesku plöntuheiti og örnefnum, vefsjáin birtir útbreiðslukort yfir tegundir háplantna, mosa, fléttna, sveppa og þörunga á Íslandi og sækir tegundalista fyrir valin svæði. Í vefsjánni er einnig hægt að kalla fram staðreyndasíður fyrir allar tegundir háplantna og margar tegundir mosa, fléttna, sveppa og þörunga. Við opnun eru tiltækar um 1.000 staðreyndasíður um jafnmargar plöntutegundir en staðreyndasíða inniheldur lýsingu á tegundinni, ljósmyndir, flokkunarfræðilega röðun tegundar, upplýsingar um búsvæði og útbreiðslu ásamt fróðleik um skaðsemi og nytjar hennar.



**PLÖNTUVEFSJÁIN** slóðin er ni.is/vefsja

Plöntuvefsjáin á eftir að þróast á komandi árum og í næsta áfanga hennar er stefnt að því að veita aðgang að upplýsingum um gróðurlendi og gróðurvistgerðir á Íslandi. Þá er undirbúningur að fleiri vefsjám þegar hafinn og stefnir Náttúrufræðistofnun að því að opna næst Fuglavefsjá og Smádýravefsjá.



Fermingartilboð

HP Photosmart E327
ÓTRÚLEGT VERÐ
Office1
13.990.-
Vörunúmer: I2433a
· Upplauns: 5 Mega Pixel
· 4x digital zoom
· Video upptaka ótakmarkað, fer eftir stærð kortsins
· Hljóð: ótakmarkað, fer eftir stærð kortsins
· Fókus: Normal, macro
· Hraði: 2 til 1/2000sek
· Skjár: 1,8"
· Flass: Auto, flash off, flash on, red eye, night
· Tímastilling/sjálfsmyndir: Já (10 sek.)
· Minnisraufar: Secure Digital (SD) eða MultiMediaCard (MMC)
· Minni: 16MB innra minni
· Þyngd án rafhlaðna: 110gr
· Rafhlaða: 2 AA rafhlöður fylgja
· Stærð: 99.3x 32 x 52,6mm

HP Pavilion fartölva
ÓTRÚLEGT VERÐ
Office1
129.900.-
Vörunúmer: et037ea
· Örgjörvi: AMD Turion 64 Mobile Processor ML-32
· Skjár: 15.4" WXGA 1280x768 High Definition BrigtView
· Minni: 1024MB DDR 333MHz RAM (2x512), stækkanleg í 2GB
· Harður diskur: 80GB 4200rpm EIDE
· Drif: DVD+/-RW (DVD skrifari, dual layer)
· Skjástýring: ATI RADEON XPRESS 200M IGP, allt að 128MB
· Netkort: 10/100 netstýring og 802.11b/g (þráðlaust netrkort)
· Mótald: 56K Mótald
· Tengi: PCCARD I/II, VGA, lás, 2xUSB 2.0, ExpressCard 34/54
· Mic in, Line out, RJ-11, RJ-45, S-Video TV-out,
· Remote Controle infrarautt tengi.
· Rafhlaða: 6-Cell Lithium-Ion rafhlaða
· Mús/lyklaborð: Touchpad með scroll zone og íslenskt límmiðum
· Stýrikerfi: Microsoft Windows XP HOME
· Þyngd: 2.98kg
· Ummál(BDH): 263,9 x 357,8 x 44 mm
· Ábyrgð: 2ja ára ábyrgð

KiSS DP-1500 DivX©/DVD Player
ÓTRÚLEGT VERÐ
Office1
15.990.-
· DVD spilari sem spilar allar gerðir diska
· Nettengdur, hægt að tengja við heimilistölvuna til að spila skrár beint í sjónvarð
· Uppfæranlegt stýrikerfi (e. firmware) til að viðhalda nýjustu tækni
· 2ja ára neytendaábyrgð

ÓTRÚLEGT VERÐ
Office1
Hnattlíkan
Vörunúmer: 025b2
Flott hnattlíkan í herbergið.
Aðeins
4.990.-

ÓTRÚLEGT VERÐ
Office1
Parker pennasett
Vörunúmer: 6956045
Mjög vandað sett með kúlupenna og blekpenna. Falleg blekbytta og blekfylling fylgir með.
Aðeins
5.995.-

ÓTRÚLEGT VERÐ
Office1
Parker pennasett
Vörunúmer: 695452525
Mjög vandað sett með kúlupenna og blýpenna.
Aðeins
1.495.-

Office1
Sjónaukar frá Konus
Vörunúmer: 5222041
Mjög góður free fókus sjónauki.
Stækkun 10 x 25
Aðeins
3.990.-

ÓTRÚLEGT VERÐ
Office1
Sjónaukar frá Konus
Vörunúmer: 5222025
Vandaðir og góðir sjónaukar.
Stækkun 8 x 21
Aðeins
1.990.-

ÓTRÚLEGT VERÐ
Office1
Parker pennasett
Vörunúmer: 69575572
Mjög vandað sett með kúlupenna og blýpenna. Vönduð borðklukka fylgir með.
Aðeins
5.995.-

Páskafjör í Office 1!

Office1
Páskaskraut
Aðeins í Skeifunni og Smáralind
3 VERÐ
99.-
199.-
399.-
70-80% afsláttur

Office 1 Superstore

Afgreiðslutímar
Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 13-18
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17
Office 1 Akureyri og Ísafirði
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16
Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-14
Vestmannaeyjum
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 10-16

# *Ferðalög eiga ekki að vera forrét*

Þremur árum eftir að **Helgi Jóhannsson** hætti hjá Samvinnuferðum Landsýn með þau orð á vörum að hann væri hættur afskiptum af ferðaþjónustu stofnaði hann Sumarferðir. Þriggja ára saga Sumarferða er ævintýri líkust en þó umsvifin hafi aukist til muna situr Helgi enn við minnsta skrifborð landsins. ***Björn Þór Sigbjörnsson*** tók hús á Helga og spjallaði við hann um ferðaþjónstuna, hugmyndafræði Sumarferða, kaupin á Ferðaskrifstofu Íslands og „ferðist og megrist“ sem sló ekki í gegn á sínum tíma.



**HELGI JÓHANNSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI SUMARFERÐA** „Ég hef lengi verið haldinn þeirri áráttu að ferðalög eigi ekki að vera forréttindi heldur ættu allir að eiga kost á því að ferðast til útlanda.“ FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sumarferðir láta lítið yfir sér. Skrifstofan er á efri hæð verslunarhúss við Laugaveg en þangað leggja fáir leið sína. Þó húsnæðið sé lítið hefur það stækkað talsvert frá upphafsdögunum þegar það taldi fimmtán fermetra. Þá voru starfsmennirnir þrír. „Það komst aðeins einn viðskiptavinur fyrir hjá okkur í einu. Ef hingað komu hjón urðu þau að skiptast á að sitja inni hjá okkur,“ segir Helgi um aðstöðuna fyrsta árið.

Þannig vildu þeir hafa það en eftir því sem umsvifin hafa aukist hefur þurft að fjölga starfsmönnum og nú eru þeir sjö. Þjónustan er fyrst og fremst veitt í gegnum netið og síma en alltaf vilja einhverjir koma og hitta starfsfólkið augliti til auglitis. Og sjá það sem er í boði í tölvum fyrirtækisins. „Fólk var efins um að það sama sæist í tölvunum hjá okkur og því og vildi því koma. Þetta var svolítið ströggl en hefur breyst á þessum þremur árum.“

### Allt gert öðruvísi

Sumarferðir voru teiknaðar upp við eldhúsborðið heima hjá Helga og á kaffistofu Norræna hússins. Stofnendurnir; Helgi Jóhannsson og Þorsteinn Guðjónsson, gamlir samstarfsmenn á Samvinnuferðum, beittu sérstakri aðferð við verkið. „Við listuðum upp það sem við vissum að ekki væri hægt að breyta og unnum með það þangað til það var horfið af borðinu.“ Hugmyndin var því að gera hlutina akkúrat á skjön við það sem viðtekið var í ferðaþjónustunni. „Keppinautarnir gerðu grín að okkur í upphafi en hafa nú tekið ýmislegt upp eftir okkur,“ segir Helgi.

Meðal þess sem töldust nýmæli voru greiðsluskilmálarnir. Viðskiptavinir greiða aldrei minna en helming verðsins við bókun ferðar og þurfa að ákveða um leið hvenær þeir greiða það sem eftir stendur. Staðfestingargjald og skilmálar um afslátt, ef afgangurinn er greiddur fyrir tiltekinn tíma, eru ekki til í bókum Sumarferða. Helgi segir mikið sparast við þetta fyrirkomulag enda verði allt utanumhald auðveldara. En það kostar líka sitt. „Fólk sagði að það gæti hagað greiðslum öðruvísi hjá öðrum en við svöruðum því til að þá gæti það bara ferðast með einhverjum öðrum.“

Sumarferðir smíðuðu líka eigið bókunarkerfi og auglýsingar félagsins eru minni en annarra. En svo er það hin hliðin á peningnum. „Við veitum ekki jafn góða þjónustu og aðrir en vinnum að því að bæta hana,“ segir Helgi. Ýmsu er úthýst, þar á meðal símsölunni, sem hefur kosti og galla. „Við getum haft opið til tíu á kvöldin sjö daga vikunnar en þeir sem svara í símann geta ekki svarað öllum spurningum.“ Helgi segir það hafa stundum skapað vandræði, fólk gat til dæmis illa svarað hvort svalirnar á hótelinu sneru í suður eða ekki. „Stundum reyndu menn að bjarga sér en við fengum það á 200 kílómetra hraða í hausinn.“

### Tekur á móti farþegunum

Helgi segir trúverðugleika ferðaþjónustunnar hafa beðið hnekki og eitt af markmiðum Sumarferða sé að vekja tiltrú fólks á ný. „Það er búið að plata fólk svo oft með villandi uppsetningu á verði eða einhverju sem lofað er en er svo ekki til staðar. Og allt þetta smáa letur. Ef fólk borgaði degi of seint var ferðin orðin miklu dýrari en áður var rætt um. Menn hafa leikið þennan leik og kennt um samkeppni. Sagt aðra gera þetta og gert það því líka.“ Helgi viðurkennir að hafa tekið þátt í þessu á sínum tíma en segir nýja tíma í þessu sem öðru. „Hluti af því að endurheimta trúverðugleikann er að ég fylgi öllum farþegum í flug og tek á móti þeim þegar þeir koma aftur heim. Menn sögðu: Ef hann þorir að vera hér þegar ég kem heim aftur þá getur verið að þetta sé í lagi hjá þeim.“ Hann viðurkennir að þetta sé örðugara nú en í upphafi, enda hafi ferðunum fjölgað. „Við fljúgum sex sinnum í viku en ég græði mikið á því að tala við fólk þegar ég tek á móti því.“

### Sólarlandafarar vildu ekki hótel

Helgi hefur árum saman haft lifibrauð sitt af því að selja fólki ferðir til útlanda og vitaskuld velt ýmsu fyrir sér. Lengi klóraði hann sér í kollinum yfir þeirri staðreynd að Íslendingar vildu ekki dvelja á hótelum í sumarfríum heldur kusu að vera í íbúðum með ísskáp og eldavélarhellu. „Ég hugsaði mikið um þetta og komst loks að því að það var ísskápurinn. Fólk dvaldi ekki í íbúðum til að geta eldað heldur vildi það hafa hjá sér kalt vatn og bjór. Við fórum því og sömdum við glæsilegt hótel á Benidorm og sögðumst vilja nota minibarinn sem ísskáp. Þeim fannst við ekki mjög merkilegir enda ekki heyrt svona áður en þá vantaði viðskipti og slógu til.

Stundum sögðu karlmenn reyndar: Okkur finnst svo gaman að elda annað slagið en eiginkonunum varð þá litið á þá og spurðu: Okkur? Það voru auðvitað þær sem sáu um það. Ég hvatti fólk til að hætta þessu bara og vera bæði í fríi.“

Helgi segir að fyrir fjórum árum hafi um fimm prósent sólarlandafarþega dvalið á hótelum en það hafi breyst og um sextíu prósent farþega Sumarferða dvelji nú á hótelum. „Keppinautarnir sögðu nú ekki mikið vit í þessu í upphafi en bjóða nú allir upp á þetta,“ segir hann og hlær.

### Ferðaskrifstofa Íslands keypt

Fyrr á árinu keyptu Helgi og félagar Ferðaskrifstofu Íslands, sem á og rekur Úrval Útsýn og Plúsferðir, af FL Group. Viðskiptin vöktu að vonum athygli enda má segja að Davíð hafi keypt Golíat. En hvernig stóð á þessum kaupum? „Margir hvöttu okkur til að færa út þjónustu Sumarferða og bjóða upp á annars konar ferðir en þær sem við bjóðum upp á í dag. Okkur fannst það spennandi en vildum ekki breyta okkar starfsemi. Við heyrðum svo að skrifstofurnar væru til sölu og skoðuðum málið. Með kaupunum styttum við okkur leið, þetta eru traust fyrirtæki og við getum bæði lært af því sem þar er gert og innleitt okkar hugmyndir.“

Helgi viðurkennir að það hafi verið sérstök tilfinning að ganga innum dyr Úrvals Útsýnar sem eigandi enda var skrifstofan einn helsti keppinautur Samvinnuferða á sínum tíma. Nokkur munur var á ímynd skrifstofanna og minnist Helgi til dæmis þess tíma þegar Ingólfur Guðbrandsson stýrði Útsýn. „Ingólfur var helst með sjálfan sig og glæsilegar konur á forsíðu ferðabæklinganna sinna en við sýndum hótel og fjallasýn og eitthvað svoleiðis. Á blaðamannafundi var Ingólfur spurður út í þennan mun og svaraði því til að fallegt fólk ferðaðist ekki með Samvinnuferðum. Svo bað hann um næstu spurningu.“

> *„Okkur fannst „ferðist og megrist“ frábær hugmynd. Fólk fór til Júgóslavíu í þrjár vikur og fékk nálastungu á flugvellinum frá þekktum lækni. Nálastungan átti að hafa þau áhrif að fólk hafði ekki lyst á neinu næstu þrjár vikurnar. Þetta sló nú ekki í gegn.“*

### Ferðist og megrist

Í harðri samkeppninni var margt reynt til að laða til sín viðskiptavini og meðal annars útbúnar ýmsar sérferðir. Helgi rifjar upp eina slíka. „Okkur fannst „ferðist og megrist“ frábær hugmynd. Fólk fór til Júgóslavíu í þrjár vikur og fékk nálastungu á flugvellinum frá þekktum lækni. Nálastungan átti að hafa þau áhrif að fólk hafði ekki lyst á neinu næstu þrjár vikurnar. Þetta sló nú ekki í gegn,“ segir hann og hlær.

Helgi viðurkennir einnig að sér finnist þær breytingar sem orðið hafa á FL Group og Icelandair sérstakt fagnaðarefni fyrir ferðaþjónustuna. „Það er ofboðslega skemmtileg breyting sem hefur orðið þar á. Áður var félagið ekki bara fyrirferðamikið heldur bjó yfir drottnunaráráttu; enginn mátti gera neitt nema spyrja Flugleiðir og þeir níddust á öðrum í krafti stærðar sinnar. Þetta bitnaði á fólki og ekki síður á atvinnugreininni. Flugleiðir vildu hafa allt; ferðaskrifstofurnar, bílaleigubílana, hótelin, allt.“ Nú eru nýir menn við stjórnvölinn í FL Group og Icelandair og Helgi segir allt annað uppi á teningnum. „Þessir menn eru

# tindi



bara í viðskiptum og ef hlutirnir eru ekki arðbærir og ekki hægt að laga þá, þá bara burt með þá. Áður héldu menn alls konar drasli í gangi, bara svo aðrir gætu ekki athafnað sig,“ segir hann og nefnir fyrirtækið Úrval Útsýn til sögunnar sem hann segir hafa verið rekið með tapi í mörg ár.

## Átti að verða flugfélag

Helgi hóf störf á innanlandsdeild Samvinnuferða árið 1978 og varð framkvæmdastjóri 1983. Því starfi gegndi hann til ársins 2000 þegar hann hætti, með þeim orðum að afskiptum hans af ferðaþjónustu væri lokið. Hann settist á skólabekk, fór í MBA-nám í Háskólanum í Reykjavík, og kom þaðan út endurnærður og reiðubúinn að skella sér í ferðaþjónustuna. „Ég vann eins og brjálæðingur í tuttugu ár og það kom bara að því ég fjaraði út. Námið gerði mér mjög gott og ég las mér til um nýjungar og breytta aðferðafræði. Áður en ég vissi af var ég farinn að hugsa með mér hvers vegna ferðaþjónustan notaði ekki þessar nýju aðferðir.“

Þorsteinn Guðjónsson var á sama tíma í námi í Bandaríkjunum og þeir skiptust á hugmyndum í gegnum netið. „Fyrst ætluðum við að stofna lággjaldaflugfélag en Iceland Express var komið lengra. Við notuðum því sömu hugmynd fyrir ferðaskrifstofu.“

## Allir geti ferðast

Eins og gengur réðu tilviljanir því að Helgi byrjaði að vinna hjá Samvinnuferðum en hann skilur ekki almennilega hvers vegna honum var falið að sjá um innanlandsdeildina. „Ég hafði aldrei ferðast að ráði um landið og átti svo að útbúa leiðalýsingar um landið. Ég var mjög slappur í landafræðinni og ruglaðist endalaust á Seyðisfirði og Siglufirði,“ segir hann og hlær. Þrátt fyrir þennan galla á sínum tíma finnur Helgi í dag mesta hvíld á ferðalögum innanlands og kýs þau heldur en utanlandsferðir. Hann segir þó gaman að skreppa til útlanda við og við en velur þá staði þar sem asinn er sem minnstur.

En hvernig hefur hann þolað við í ferðaþjónustunni í öll þessi ár? „Ég hef lengi verið haldinn þeirri áráttu að ferðalög eigi ekki að vera forréttindi heldur ættu allir að eiga kost á því að ferðast til útlanda. Fólk þarf að geta skipt um umhverfi og koma endurnært til baka. Það hefur verið leiðarljós mitt að gera ferðalög að almenningseign en ekki sérréttindum fyrir útvalda.“ ■



**MINNSTA SKRIFBORÐ LANDSINS** Skrifstofa Sumarferða lætur lítið yfir sér og framkvæmdastjórinn situr við skrifborð sem rúmar tölvu, síma, almanak og kaffibolla.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




# ÚTHLUTUN TÍÐNIHEIMILDA FYRIR HÁHRAÐA AÐGANGSNET Á 3,5 GHz OG 10 GHz

Með vísan til 9. gr., sbr. og 11. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 auglýsir Póst- og fjarskiptastofnun eftir umsóknum um heimild til notkunar á tíðnum fyrir háhraða aðgangsnet á 3,5 GHz og 10 GHz.
Umrædd tíðnisvið eru m.a. ætluð fastasamböndum, svo sem milli móðurstöðva og fastra radíóstöðva notenda þar sem þau mynda þráðlaust aðgangsnet sem kemur í stað heimtauga í jörðu. Gert er ráð fyrir að gagnaflutningsþjónusta sem veitt verður notendum verði með hraða sem er sambærilegur við aðgangsnet sem nota hefðbundnar koparheimtaugar í jörðu, t.d. ADSL.

Sérhver úthlutun mun fela í sér heimild til notkunar á 28 MHz (2 x 14 MHz) bandbreidd. Að uppfylltum vissum skilyrðum má þó veita heimild til notkunar á 14 MHz (2 x 7 MHz) til viðbótar án auglýsingar.

Afhenda skal umsóknir í afgreiðslu Póst- og fjarskiptastofnunar bæði á pappírs- og tölvutæku formi. Með hverri umsókn skal fylgja greiðsla að upphæð 70.000 kr.

Upplýsingar um útboðið og hvað þurfi að koma fram í umsókn og skilmála, má nálgast í afgreiðslu Póst- og fjarskiptastofnunar, Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, og á heimasíðu stofnunarinnar www.pfs.is

**Umsóknarfrestur er til 15. maí 2006, kl. 16:00**

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS POS 32133 04/2006

# Hörð kosningabarátta á enda á Ítalíu

**Silvio Berlusconi kallaði stuðningsmenn sína „her frelsisins“ er hann bað þá á lokafundi kosningabaráttunnar á föstudag um að veita sér umboð til að halda um stjórnartaumana á Ítalíu í fimm ár í viðbót. Romano Prodi, forsætisráðherraefni vinstriflokkabandalagsins, kallaði í sinni lokaræðu eftir einingu þjóðarinnar í kjölfar harðvítugrar kosningabaráttu sem skipti kjósendum í tvær fylkingar.**

Berlusconi talaði á fjölsóttum kosningafundi í Napolí en Prodi á álíka fjölmennum fundi á torgi í Róm.

„Þið eruð hinn sanni her frelsisins,“ tjáði Berlusconi áheyrendum sínum. „Við höfum rétt til að krefjast fimm ára til viðbótar til að byggja upp þá Ítalíu sem við höfum alltaf þráð,“ sagði hann.

Berlusconi lýsti kosningunum sem vali á milli tveggja gildakerfa. „Veljum Ítalíu réttinda, umburðarlyndis, virðingar fyrir öllum, velsældar,“ sagði hann, og bætti við: „Umfram allt Ítalíu sem veit hvernig á að elska.“

Prodi var jarðbundnari í sinni ræðu. „Ég hvet ekki aðeins til þess að fara að kjósa, heldur ákalla ég þjóðina að fylkja sér saman á ný,“ sagði hann. „Við fáum því aðeins áorkað sameinuð.“

Prodi hefur á ferli sínum verið forsætisráðherra lands síns og forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Þúsundir stuðningsmanna miðju-vinstriflokkabandalagsins streymdu inn á Popolo-torgið á föstudagskvöldið. Sumir veifuðu regnbogalitum fánum, einkennislitum bandalagsins, en sumir forsíðu nýjasta heftir breska vikuritsins The Economist, en á henni mynd af Berlusconi undir yfirskriftinni „Basta“ (nóg komið).



**FORSÆTISRÁÐHERRA Í HAM** Silvio Berlusconi ávarpar stuðningsmenn í Napolí á föstudag.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**KALLAR EFTIR EININGU** Áskorandinn Romano Prodi hylltur á lokafundi kosningabaráttu vinstriflokkabandalagsins í Róm.

„Þetta er einmitt það sem okkur finnst, við erum búin að fá okkur fullsödd af honum,“ hefur AP-fréttastofan eftir Simone Frattari, konu á þrítugsaldri í hópi kosningafundargesta.

Berlusconi hamraði á því að vinstrimenn væru staðráðnir í að hækka skatta til að viðhalda niðurgreiðslu- og greiðakerfi ríkisins. Sagði hann vinstriflokkabandalagið standa fyrir „skatta, svartsýni, móðganir og blekkingar“. Prodi sagði Berlusconi hafa leyft sér að gefa kosningaloforð - svo sem um afnema fasteignaskatta - vitandi að hann gæti aldrei staðið við þau.

Leiðtogarnir tróðu upp á kosningafundunum með nánustu bandamenn sína sér við hlið. Með fundunum lauk harkalegri kosningabaráttu, sem undir lokin varð æ ómálefnalegri. Samhljóm var svo til eingöngu að heyra í fyrirheitum um að gera átak í að koma hjólum efnahagslífsins í gang, en í þessu fjórða stærsta hagkerfi Evrópusambandsins hefur ríkt mikil stöðnun í efnahagslífinu að undanförnu. Hagvöxtur var 0,0 prósent á síðasta ári.

Berlusconi rak árásargjarna kosningabaráttu og fór í mikinn ham á endasprettinum til að reyna að vinna upp fylgisforskot sem keppinautar hægriflokkafylkingar hans mældust með, en þar sem bannað er að birta niðurstöður skoðanakannana síðustu tvær vikurnar fyrir kjördag hefur ekkkert nema veðbankalíkur gefið vísbendingar um hvor fylking stæði betur á endasprettinum.

Á fimmtudag sagði forsætisráðherrann að dómarar, aðrir embættismenn og iðnjöfrar væru að leggja á ráðin um að hrekja sig frá völdum. Hann varaði við því að kosningasigur andstæðinga sinna myndi setja frelsi Ítala í hættu, og sagði að alþjóðlegt kosningaeftirlit þyrfi til að hindra kosningasvik samsærismanna á vinstri vængnum.

Á síðasta degi kosningabaráttunnar á föstudag var Berlusconi mjúkmálli. Hvatti hann sérstaklega óákveðna og kaþólska kjósendur til að kjósa. Prodi lagði líka áherslu á að óákveðnir neyttu atkvæðisréttar síns. Hann sagði kosningabaráttuna hafa verið „bitra, harða og ósanngjarna“ en sagðist bera traust til kjósenda.

47 milljónir manna eru á kjörskrá, að viðbættum 2,6 milljónum Ítala sem búsettir eru erlendis. Þeir hafa nú í fyrsta sinn kosningarétt í þingkosningum í heimalandinu. Um miðjan dag á föstudag höfðu um 42 prósent þessa hóps greitt atkvæði, samkvæmt upplýsingum utanríkisráðuneytisins í Róm.

Kjörstaðir opnuðu í gærmorgun en þeim verður ekki lokað fyrr en í kvöld, mánudagskvöld. Úrslit verða því ekki ljós fyrr en þá. Vegna nýs kosningakerfis sem í fyrsta sinn er kosið eftir nú kunna þau jafnvel ekki að liggja fyrir fyrr en í nótt, sérstaklega ef mjög mjótt verður á mununum.

audunn@frettabladid.is

# Baráttan snerist upp í Berlusconi-slag

**Giorgio Barruchello, lektor við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri, fylgist vel með stjórnmálaþróuninni í heimalandi sínu. Í samtali við *Auðun Arnórsson* segir hann aukna hörku hafa færzt í kosningabaráttuna á lokasprettinum og Silvio Berlusconi forsætisráðherra orðið að þeirri ósk sinni að hún færi að mestu að snúast um hans persónu.**

Berlusconi varð greinilega árásargjarnari og enn kjarnyrtari en hann á annars að sér, eftir því sem nær dró kjördegi,“ segir Barruchello. Hann segir Berlusconi mikinn „bardagamann“ sem komi boðskap sínum mjög skorinort á framfæri, og þessa eiginleika segir hann skýra að hluta velgengni Berlusconis sem stjórnmálamanns.

Þar sem Romano Prodi, forsætisráðherraefni vinstri- og miðjuflokkabandalagsins sem keppir við hægribandalag Berlusconis, er hæglátari maður hafa stjórnendur kosningabaráttu vinstriflokkanna „reynt að reka kosningabaráttunna með aðaláhersluna á stefnumiðin sem þeir vilja að kjósendur kjósi þá út á,“ segir Barruchello.

### Öskrað á víxl

En Berlusconi var strax áður en kosningabaráttan hófst formlega byrjaður að hafa hátt, „öskra“ eins og Barruchello kemst að orði, í því augnamiði að gera baráttuna að „sínum slag“. Eftir því sem nær dró kjördegi fór þetta að breytast - ef til vill vegna þess að Berlusconi var bókstaflega alls staðar í fjölmiðlum. Vinstriflokkarnir komust því að þeirri niðurstöðu að þeir yrðu að „öskra“ líka til að ná eyrum kjósenda.

„Þetta leiddi til þess að Berlusconi tókst að láta kosningabaráttuna snúast um sína persónu, hvort kjósendur væru með eða á móti sér. Með þessu varð Prodi að eins konar aukapersónu, ekki jafnræði með honum og forsætisráðherranum,“ segir Barruchello.

Í fyrri kosningum, þar sem vistriflokkarnir háðu baráttuna á þessum forsendum, þ.e. gegn Berlusconi, töpuðu þeir. „Þetta fór svona í síðustu kosningum, þegar Francesco Rutelli tapaði. Það er því viss ástæða til að ætla að á þessum síðustu dögum kosningabaráttunnar, þegar aukinn hiti var hlaupinn í hana og Berlusconi í sóknarham, er ekki útilokað að hægriflokkabandalagi Berlusconis hafi tekist að auka fylgi sitt,“ segir Barruchello.



**GIORGIO BARRUCHELLO** Lektor við Félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK

### Skapbræði

Hins vegar hafi skapbræði Berlusconis orðið til þess að hann lét út úr sér svo hvatvíslegar yfirlýsingar á lokasprettinum, að þær kunna að hafa aftur spillt fyrir honum. Til dæmis lýsti hann því yfir í vikunni að hann tryði því ekki að kjósendur væru svo miklir „fávitar“ að „kjósa gegn eigin hagsmunum“ með því að styðja vinstriflokkabandalagið. Hann rauk líka út í fússi úr einum spjallþættinum þar sem honum líkaði ekki spurningar spyrilsins. Í lok vikunnar gerðist hann enn hvassyrtari svo að ýmsum þótti jaðra við ofsóknarbrjálæði; þannig talaði hann til dæmis um að þörf væri á alþjóðlegu kosningaeftirliti til að hindra kosningasvik „vinstrisamsærismanna“. Þar sem ekki er heimilt að birta niðurstöður skoðanakannana síðustu tvær vikurnar fyrir kjördag var hins vegar erfitt að meta viðbrögð kjósenda við þessum látum í forsætisráðherranum.

Barruchello minnir á að ekki megi gleyma því að Berlusconi er auðugasti maður Ítalíu og ræður ekki aðeins yfir þremur einkasjónvarpstöðvum, heldur einnig yfir þremur ríkissjónvarpstöðvum Ítalíu. Í höndum hans fara því saman mikil völd, bæði yfir stofnunum ríkisins og fjölmiðlum, sem stjórnarandstaðan á bágt með að skáka. Það eina sem stuðlar að því að tryggja jafnræði með stjórnmálafylkingum í kosningabaráttunni eru lög sem skylda bæði ríkissjónvarpsstöðvar og einkastöðvar sem sjónvarpa um allt landið til að úthluta fylkingunum jöfnum útsendingartíma síðustu 40 daganna fyrir kosningar. Einu fjölmiðlarnir sem beinlínis styðja stjórnarandstöðuflokkana eru þrjú dagblöð - La Repubblica, Corriere della sera og L'Unita, sem á árum áður var málgagn kommúnistaflokksins.

### Stefnumið fylkinganna í ítölsku kosningabaráttunni




| | Silvio Berlusconi | Romano Prodi |
|---|---|---|
| EFNAHAGSMÁL: | • Að skera vinnuveitendaskatt um 3% á þremur árum.<br>• Frekari einkavæðing ríkiseigna.<br>• Átak gegn skattsvikum.<br>• Að afnema óvinsælan fasteignaskatt á fyrstu eignaríbúð. | • Skera tekjuskatt um 5% á fyrsta ári.<br>• Setja aftur á erfðaskatt fyrir þá ríkustu - Berlusconi lét afnema hann árið 2001.<br>• Átak gegn skattsvikum.<br>• Nýtt lánakerfi til kaupa á fyrstu eignaríbúð. |
| ATVINNU- OG LÍFEYRISMÁL: | • 1,5 millj. ný störf á næstu 5 árum.<br>• Ókeypis sjónvarpsáskrift og strætó fyrir ellilífeyrisþega.<br>• Lágmarkslífeyrir úr 550 evrum í 800 á mánuði. | • Draga úr hvötum fyrirtækja til að skammtímaráða fólk.<br>• Hætta við áform um að hækka eftirlaunaaldur úr 57 árum í 60.<br>• 2.500 evrur á ári í barnabætur fyrir börn undir 3ja ára. |
| DÓMSMÁL: | Fjölga lögreglu um 10.000 | • Herða lög um hagsmunaárekstra. |
| BYGGÐA- OG SAMGÖNGUMÁL: | • Stofna byggðaþróunarbanka fyrir fátæk héruð á Suður-Ítalíu.<br>• Halda áfram smíði brúar yfir Messina-sund til Sikileyjar. | • Nýja hvata til að laða að fjárfestingu á S-Ítalíu.<br>• Styðja umdeilda hraðlestarlagningu við rætur Alpanna.<br>• Hætta við Sikileyjarbrúna. |

Myndir: Associated Press © GRAPHIC NEWS

### Til Túnis eftir tap?

Spurður hvað Berlusconi hygðist gera ef hann tapaði kosningunum að þessu sinni svarar Barruchello að hann hafi sagzt myndu leiða stjórnarandstöðuna. „Nema þá hann flytji til Túnis eins og Craxi,“ segir Barruchello og vísar þar með til örlaga Bettinos Craxi, sem fór í útlegð suður fyrir Miðjarðarhafið eftir að réttað var yfir honum vegna spillingarinnar sem viðgekkst á stjórnarárum Kristilega demókrataflokksins sem Craxi fór lengi fyrir. Berlusconi hefur í krafti þess að halda um stjórnartaumana í Róm getað bægt frá dómsmálum sem rekin hafa verið gegn honum vegna meintra bókhaldssvika og fleiri mála sem tengjast viðskiptaumsvifum hans. Nú eru saksóknarar í Mílanó með í undirbúningi málsókn á hendur honum og breskum lögfræðingi, sem var eiginmaður menningarmálaráðherrans í brezku ríkisstjórninni, vegna gruns um mútur í tengslum við annað eldra dómsmál sem höfðað var gegn Berlusconi.

audunn@frettabladid.is




Beauvais

# Det er dansk og det er dejligt!

## Dönsk gæði gera góða veislu!

Gæði, gott bragð og besta fáanlega hráefnið hverju sinni hefur lagt grunn að velgengni Beauvais.
Beauvais hefur í meira en eina og hálfa öld framleitt matvörur fyrir dönsk heimili, eða allar götur síðan 1850.

Í næstu verslun getur þú nálgast rauðkál, rauðbeður og asíur, ásamt þremur tegundum af súrum gúrkum.

ÍSAM
www.isam.is



**MANNAUÐUR NÝTTUR OG ÖFLUGU SAMSTARFI KOMIÐ Á** Verið er að formgera LSH sem háskólasjúkrahús og hefur sú vinna staðið síðustu árin. Jónínunefndin markar þá stefnu að Háskóli Íslands nýti sér jafnframt þann mannauð sem er utan sjúkrahússins. Þannig verði öflugt samstarf í gegnum spítalann sem háskólasjúkrahús. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# *Umræða um heilbrigðismál er brýn*

**Heilbrigðiskerfið þenst út og krefst stöðugt meira fjármagns. Með bættum efnahag og vaxandi velferð geta Íslendingar valið sér stöðugt meiri og flóknari heilbrigðisþjónustu og sumt sem alls ekki er lífsnauðsynlegt. Allar líkur eru á því að miklar umræður verði um heilbrigðiskerfið á næstu misserum og árum því að uppstokkun er óhjákvæmilega framundan af ýmsum ástæðum. *Guðrún Helga Sigurðardóttir* skoðaði málið.**

Heilbrigðisráðherra situr báðum megin við borðið. Hann er í þeirri óheppilegu stöðu að vera samtímis í hagsmunagæslu sem rekstraraðili fyrir ríkisreksturinn og sem kaupandi í heilbrigðisþjónustunni þannig að hann á ekki eðlilegt val um hagkvæmustu leiðirnar. Þetta er viðurkennt í nefndarálitinu, að mati Sigurbjörns Sveinssonar, formanns Læknafélags Íslands, og það telur hann mestu máli skipta.

Sigurbjörn segir að nefndin leggi áherslu á að í kerfinu sé val um leiðir sem miðist að því að finna hagkvæmustu leiðina, fyrst og fremst út frá faglegum sjónarhóli en líka fjárhagslegum, og að það sé jafnræði milli einkarekinnar heilbrigðisþjónustu og ríkisrekinnar heilbrigðisþjónustu.

„Nefndin leggur einnig áherslu á að það sé jafnræði milli sjúklinga og þeim sé ekki fjárhagslega mismunað eftir því hvar þeir þiggja þjónustuna. Þetta kallar á endurskoðun á sjúkratryggingum landsmanna og rekstri opinberrar heilbrigðisþjónustu," segir hann.

**Nýta einkafjármagn?**

Nefndin leggur til að fram fari umræða um hvort hægt sé að nýta einkafjármagn til að finna eða auka afköst í heilbrigðiskerfinu án þess að það komi niður á þeim sjúkratryggðu en sú tillaga hefur hlotið mesta athygli í umræðunni síðustu vikur. Það er ljóst að nefndarmönnum þykir sú umræða ekki endurspegla tillögurnar eða vinnu nefndarinnar og telja hana jafnvel á misskilningi byggða. Sigurbjörn segir að umræðan sé rétt að byrja og hafi fram að þessu mest farið fram í klisjum.

„Ef fólk hefur áhuga á að drepa þessa umræðu verður það að leggja eitthvað málefnalegt til málanna. Menn geta ekki vikist undan því að taka þátt í þessari umræðu á málefnalegum grundvelli," segir hann.

Nefndarmenn eru ekki alltaf sammála um það hvaða leiðir eigi að fara til að ná settum markmiðum. Sigurbjörn segir það skoðun sína að skipta upp hlutverkum í heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu en ekki sé mælt fyrir um hvernig eigi að gera þetta. Margar aðrar leiðir séu færar. Þannig sé til dæmis hægt að færa sjúkratryggingarnar yfir í annað ráðuneytið, til dæmis félagsmálaráðuneytið eða jafnvel fjármálaráðuneytið. Einnig sé hægt að flytja mannafla úr heilbrigðisráðuneytinu, Tryggingastofnun ríkisins og LSH og mynda innkaupastofnun heilbrigðisþjónustu. Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir hafi sett fram þá hugmynd og hún sé allrar athygli verð.




**FRAMLAG RÍKIS TIL LSH 1999-2006**
Framlög ríkisins hafa vaxið úr 17,7 milljörðum í 27,9 milljarða á tímabilinu. (Fjáraukalög fyrir árið 2006 eru ekki inni í línuritinu).

**Ráðuneytið styrkt í stefnumótun**

Elsa B. Friðfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, er þeirrar skoðunar að brýnast sé að setja á fót þverfaglega nefnd, eða deild í heilbrigðisráðuneytinu, sem skoði mögulega þjónustu, forgangsraði, meti þjónustuna og hvað eigi að greiða úr almannatryggingum og verði ráðherra til ráðgjafar um stefnumörkun.

„Það er mjög brýnt að ráðuneytið verði sterkara í stefnumótun í heilbrigðismálum. Ráðgefandi nefnd styrkir ráðuneytið og ráðherra getur þá undirbyggt betur allar tillögur og ákvarðanir. Hefðbundnir heilbrigðisstarfsmenn myndu skipa nefndina og svo til dæmis siðfræðingar, heilsuhagfræðingar og jafnvel lögfræðingar. Þetta væri hópur sem skoðar málin frá ólíkum sjónarhólum og verður að koma sér saman um tillögur þannig að ég hef ekki trú á öðru en að svona hópur yrði til mikils gagns," segir hún.

Elsa kveðst upprunalega hafa séð ráðgjafarnefndina fyrir sér sem deild innan ráðuneytisins, til dæmis sem styrkingu á hagskrifstofunni því að ráðuneytið sé verulega undirmannað þar miðað við verkefni og stærð málaflokksins.

Fjármögnun heilbrigðiskerfisins var að sjálfsögðu tekið fyrir í starfi nefndarinnar vegna þess hve útgjöld hafa vaxið og munu vaxa um leið og þarfirnar aukast. Bæði Sigurbjörn og Elsa segjast vera þeirrar skoðunar að heilbrigðisþjónustan sé grunnþjónusta þjóðarinnar og hana eigi fyrst og fremst að fjármagna gegnum skattkerfið.

„Það yrði hlutverk þessarar nefndar að skilgreina hvaða hlutar heilbrigðisþjónustunnar teljast til almannahagsmunahagsmuna og þá um leið hvað yrði greitt úr okkar sameiginlega sjóði og hvað ekki. Það þarf að taka afstöðu til hvað telst til þjónustu sem eðlilegt er að hver og einn getur valið um og greiðir þá að miklu eða öllu leyti. Greiðsluþátttaka sjúklinga fer líka eftir hvar þjónustan fer fram. Þetta þarf að skoða mjög vel," segir Elsa.

**Menntunarþátturinn sýnilegri**

Stefáni B. Sigurðssyni, forseta Læknadeildar Háskóla Íslands, er menntahlutverk Landspítala-Háskólasjúkrahúss, LSP, og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, FSA, hugleikið. Stefán bendir á að LSH sé samtímis stór heilbrigðisstofnun og menntastofnun.

„Þó að heilbrigðisstarfsmenn séu að langmestu leyti menntaðir á LSH hefur alltaf verið litið á LSH sem spítala, háskólaskilgreininguna hefur vantað. Í Jónínunefnd-



**ELSA B. FRIÐFINNSDÓTTIR** „Ráðgefandi nefnd styrkir ráðuneytið, ráðherra getur þá undirbyggt betur allar tillögur og ákvarðanir," segir Elsa B. Friðfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Hún sá hugmyndina fyrst fyrir sér sem deild innan ráðuneytisins en auðvitað getur líka verið um ráðgefandi nefnd að ræða.



**STEFÁN B. SIGURÐSSON** „Á sá forríki rétt á sömu fríu þjónustunni og sá fátæki?" spyr Stefán B. Sigurðsson, forseti Læknadeildarinnar. „Eða eigum við að opna kerfið þannig að þeir sem hafi efni á því séu látnir borga?" FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# Bókasafns- og upplýsingafræðingur

**Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið óskar eftir að ráða bókasafns- og upplýsingafræðing á almenna skrifstofu. Almenn skrifstofa sér um fjármál og rekstur ráðuneytanna, aðstoð við aðrar skrifstofur þeirra, auk samkeppnismála. Um fullt starf er að ræða. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

**Starfssvið:**
- Umsjón og ábyrgð með skjala- og bókasafni

**Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi FHSS og fjármálaráðherra.**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í bókasafns- og upplýsingafræði
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð, samviskusemi og nákvæmni
- Hæfni og áhugi á að tileinka sér nýjungar
- Jákvætt viðmót og góðir samskiptahæfileikar

**Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gauja@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Sími 540 7100, mannafl@img.is
Skipagötu 16, 600 Akureyri, Sími 461 4440, www.mannafl.is
Strandgötu 53, 735 Eskifirði, Sími 540 7140, www.img.is

# Sérfræðingur á fyrirtækjasviði

SPARISJÓÐABANKI ÍSLANDS HF. ICEBANK

**Fyrirtækjasvið Sparisjóðabanka Íslands varð til við nýlegar skipulagsbreytingar bankans, sem lýsa má sem heildsölu- og fjárfestingabanka. Fyrirtækjasvið veitir fyrirtækjum ráðgjöf, fjármagnar þau og tekur þátt í millilagsfjármögnun. Sviðið kemur einnig að umbreytingarverkefnum og yfirtökum fyrirtækja. Erlendur hluti starfseminnar er vaxandi. Leitað er að áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingi til starfa með smáum en knáum hópi starfsmanna sviðsins við að efla þjónustu bankans við fyrirtæki og nýta tækifæri hérlendis sem erlendis til öflugs vaxtar.**

**Starfssvið:**
- Umsjón, ábyrgð og eftirlit með lánveitingum til viðskiptavina bankans á fyrirtækjasviði

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði viðskipta eða fjármála
- Reynsla úr fjármálastofnunum er nauðsynleg
- Þekking og reynsla af upplýsingakerfum

Sparisjóðabanki Íslands, sem stofnaður var 1986, er viðskiptabanki í eigu allra sparisjóða í landinu. Auk þjónustu og viðskipta við sparisjóði á bankinn margvísleg viðskipti við fjármálafyrirtæki og önnur fyrirtæki hér á landi og erlendis.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs hjá Sparisjóðabankanum, í síma 540 4000 eða tölvupósti gunnar@icebank.is

**Umsjón með ráðningu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur@img.is) og Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Sími 540 7100, mannafl@img.is
Skipagötu 16, 600 Akureyri, Sími 461 4440, www.mannafl.is
Strandgötu 53, 735 Eskifirði, Sími 540 7140, www.img.is

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Fjöldi nýrra starfa á www.mannafl.is

Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Sími 540 7100, mannafl@img.is
Skipagötu 16, 600 Akureyri, Sími 461 4440, www.mannafl.is

# Afgreiðslu-starfsmaður

Stilling

**Stilling, sem er traust og leiðandi verslunarfyrirtæki á sviði bílavarahluta, óskar eftir að ráða kraftmikinn og sjálfstæðan einstakling í starf afgreiðslumanns í verslun. Í boði er fullt starf til framtíðar. Vinnutími er virka daga milli 9 og 18 sem og annan hvern laugardag.**

**Starfssvið:**
- Þjónusta og sala til viðskiptavina
- Upplýsingagjöf og ráðgjöf
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Menntun í bifvélavirkjun mikill kostur
- Reynsla af sölu og afgreiðslu í bílavarahlutaverslun
- Almenn ensku- og tölvukunnátta
- Söluhæfileikar og metnaður í starfi
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum

**Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur@img.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gauja@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 18. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Sími 540 7100, mannafl@img.is
Skipagötu 16, 600 Akureyri, Sími 461 4440, www.mannafl.is
Strandgötu 53, 735 Eskifirði, Sími 540 7140, www.img.is

Grunnskóli Mýrdalshrepps, Vík í Mýrdal

## Aðstoðarskólastjóri – kennarar

Kennara vantar til starfa við Grunnskóla Mýrdalshrepps næsta skólaár. Við leitum að áhugasömum einstaklingi í umsjónarkennslu og ensku, fleira kemur til greina m.a kennsla á miðstigi, sérkennsla og tónmennt. Jafnframt er laus staða aðstoðarskólastjóra.

Heimasíða skólans er http://gsm.ismennt.is
Heimasíða Mýrdalshrepps http://vik.is

Nánari upplýsingar gefa :
Skólastjóri Kolbrún Hjörleifsdóttir í síma 487 1242
netfang: kolbrun@ismennt.is
Sveitarstjóri Sveinn Pálsson í síma 487 1210

**Umsóknarfrestur er til 5. maí.**
Yfirlit yfir nám og störf auk meðmæla skulu fylgja umsókn.

Vinsamlega sendið staðfestingu á að auglýsingin hafi borist.

# SÉRFRÆÐINGUR Á UMHVERFISSVIÐI

Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf. var stofnuð 1963. Þar starfa um 60 manns á sviði véla-, efna-, og rafmagnsverkfræði sem og jarðfræði. Stofan hefur margsinnis verið verðlaunuð fyrir lausnir á sviði lagna- og loftræstikerfa og þekking hennar og reynsla af jarðhitaverkefnum er meðal þeirra bestu í heimi. Stofan er jafnframt þekktasta verkfræðistofa landsins á sviði vélaverkfræði og hefur hannað og þróað lausnir fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum landsins. Fyrirtækið tekur virkan þátt í nýsköpun og tækniþróun, bæði innanlands og utan. Starfsstöðvar eru í Reykjavík, á Selfossi og Akureyri.

Vegna aukinna verkefna óskar Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf. eftir að ráða sérfræðing á umhverfissviði.

**Starfssvið**

- Umhverfismál tengd nýtingu jarðhita
- Skýrslugerð, bréfaskipti og samskipti við opinberar stofnanir
- Undirbúningur og umsjón kynninga
- Önnur verkefni á sviði VGK

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf í náttúrufræði, umhverfisfræði eða verkfræði
- Menntun á umhverfissviði og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Færni í mannlegum samskiptum og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Ritfærni og góð tölvukunnátta

Umsóknir og ferilskrár skal senda á vgk@vgk.is fyrir 20. apríl 2006.

VGK

Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf. - Laugavegi 178 - 105 Reykjavík - Sími 5 400 100 - www.vgk.is - vgk@vgk.is



# ATVINNA Í KÓPAVOGI

Við leitum að vinnusömum einstaklingum á besta aldri til að starfa í rótgróinni hverfaverslun í Hófgerði 30 í Kópavogi.

1. Kvöldvakt frá kl. 18:00 – 22:00 almenn afgreiðslustörf
2. Helgarvakt frá kl. 9:00 – 16:00 eða 16:00 – 22:00 almenn afgreiðslustörf

Nánari upplýsingar veitir Eygló verslunarstjóri í síma 564-1444 og á staðnum. Umsóknum skal skila til hennar eða á www.samkaup.is.

Samkaup strax

Gríptu í gott



LANDFORM ehf

LANDFORM óskar að ráða til starfa landslagsarkitekt eða skipulagsfræðing. Jafnframt er óskað eftir byggingar - eða tæknifræðingi sem hefur áhuga á landupplýsingum og skipulagsmálum. Umsækjendur þurfa að hafa góða kunnáttu á Autocad eða hliðstæðum forritum. Skrifleg umsókn sendist Landform ehf. Austurvegi 6, 800 Selfossi, eigi síðar en 21. apríl 2006. Einnig má hafa samband við Odd Hermannsson (oddur@landform.is). Mörg áhugaverð og krefjandi verkefni eru í vinnslu og undirbúningi hjá Landform, verkefni sem krefjast skapandi hugsunar og frumkvæðis. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Sjá nánar heimasíðu Landform www.landform.is




# STRAUMUR-BURÐARÁS LEITAR EFTIR STARFSKRÖFTUM

Straumur-Burðarás er sérhæfður fjárfestingabanki sem veitir stórum og meðalstórum fyrirtækjum á Íslandi og í Norður-Evrópu fjölbreytta fjármálaþjónustu. Markmið bankans er að búa yfir þeim sveigjanleika sem þarf til að aðlagast hratt að þörfum viðskiptavina okkar.

Vegna vaxandi umsvifa Straums-Burðaráss hérlendis sem erlendis leitum við eftir framúrskarandi einstaklingum til framtíðarstarfa við bankann.

Straumur-Burðarás óskar eftir dugmiklum starfsmönnum í bakvinnslu. Umsækjendur þurfa að sýna frumkvæði, hafa færni í mannlegum samskiptum og viðhafa nákvæm vinnubrögð. Störfin eru á eftirtöldum sviðum fyrirtækisins:

## LÁNASVIÐ:

Starfið er í útlánaþjónustu fyrirtækisins og felst í skráningu og uppgjöri lánasamninga.

## VERÐBRÉFASVIÐ:

Starfið felst í skráningu og uppgjöri viðskipta með íslensk og erlend verðbréf á verðbréfasviði bankans.

Menntunar- og hæfniskröfur:

» Nákvæmni í vinnubrögðum.
» Reynsla af sambærilegum störfum.
» Góð enskukunnátta.
» Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
» Háskólamenntun er kostur.

Upplýsingar um störfin veitir Baldur Jónsson hjá Hagvangi, baldur@hagvangur.is.
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á hagvangur.is.**

**Umsóknarfestur er til og með 23. apríl nk.**

GOTT FÓLK McCANN

Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki » Borgartún 25 » 105 Reykjavík » sími 580 9100 » fax 580 9101 » straumur.net

# Fjölbreytt og spennandi störf hjá Alcoa Fjarðaáli



Við leitum að áhugasömum og ábyrgum iðnaðar- eða tæknimönnum til að sjá um viðamikil hreinsivirki Alcoa Fjarðaáls, þar með talin reykhreinsivirki og vatnshreinsikerfi. Umhverfistæknar þurfa meðal annars að framkvæma reglubundnar mælingar og prófanir á tækjabúnaði og sinna úrbótum til að viðhalda hámarksafköstum hreinsibúnaðar og tryggja stöðuga framþróun á sviði umhverfisvarna. Viðkomandi þurfa að hafa iðn- eða tæknimenntun á sviði vélaviðhalds. Bæði er um dagvinnu og vaktavinnu að ræða.

Við leitum að traustum einstaklingi sem er tilbúinn að sérhæfa sig í öryggismálum Alcoa Fjarðaáls. Öryggissérfræðingur þarf að þekkja öryggiskröfur fyrirtækisins til hlítar og vera fyrirmynd annarra starfsmanna þegar kemur að öryggi. Hann greinir ástand öryggismála, sér um innleiðingu öryggisáætlana og stjórnar öryggisþjálfun starfsmanna. Umhverfissérfræðingur þarf að hafa góða viðeigandi menntun, helst á háskólastigi, ásamt starfsreynslu.

Við leitum að einstaklingi sem tekur þátt í að móta og annast framkvæmd heilbrigðisstefnu Alcoa Fjarðaáls. Í starfinu felst meðal annars að sinna mælingum, hafa umsjón með virkni tækja og hafa áhrif á viðhorf starfsfólks til þeirra þátta er kunna að hafa áhrif á heilsufar þess. Viðkomandi þarf að hafa menntun í efnafræði, eðlisfræði, heilsuverkfræði, líffræði, lýðheilsufræðum eða öðru viðeigandi. Starfsreynsla í sambærilegu framleiðsluumhverfi er æskileg.

Meginstarf iðjuþjálfa/sjúkraþjálfara felst í eftirliti með líkamsbeitingu starfsfólks Alcoa Fjarðaáls og að skilgreina leiðir og úrbætur til að koma í veg fyrir meiðsl og atvinnutengd óþægindi vegna lyftinga, endurtekinna hreyfinga eða staðsetningar tækja og vinnustöðva. Iðjuþjálfi/sjúkraþjálfari mun starfa með verkfræðingum og heilbrigðisstarfsfólki fyrirtækisins að úrbótum.

Við leitum að viðhaldsverkfræðingum til að tryggja stöðugleika framleiðslunnar með því að stýra viðhalds- og úrbótaverkefnum á tæknibúnaði Alcoa Fjarðaáls. Viðhaldsverkfræðingar greina gögn úr viðhaldskerfi sem notuð eru til að stýra fyrirbyggjandi viðhaldi, ásamt því að taka þátt í þjálfun tæknifólks viðhaldsteymis. Viðkomandi þurfa að hafa háskólamenntun á sviði véla- eða rafmagnsverkfræði eða tæknifræði. Góð enskukunnátta er æskileg.

Við leitum að tækniteiknurum til að viðhalda teikningasafni Alcoa Fjarðaáls ásamt því að sinna annarri teiknivinnu innan viðhaldsteymis. Umsækjendur þurfa að hafa lokið námi í tækniteiknun eða á öðru sambærilegu sviði og hafa reynslu af teiknivinnu í tölvum. Góð enskukunnátta er æskileg.

Við leitum að öflugum einstaklingi til að sinna daglegri notendaþjónustu innan fyrirtækisins, meðal annars uppsetningu útstöðva og notkun viðskipta- og iðnhugbúnaðar. Viðkomandi þarf að hafa menntun á sviði upplýsingatækni. Tveggja ára starfsreynsla í notendaþjónustu er skilyrði og Microsoft-gráður eru æskilegar. Góð enskukunnátta er nauðsynleg.

Við leitum að viðskiptastjóra til að annast samskipti við innlenda og alþjóðlega birgja Alcoa Fjarðaáls. Viðskiptin verða mjög fjölbreytt og umfangsmikil. Notast er við nýjustu aðferðir og tækni á öllum sviðum og stöðugt er leitast við að bæta árangur. Starfið hentar kraftmiklum einstaklingi með mikla samskiptahæfileika. Starfinu fylgir þjálfun bæði hérlendis og erlendis. Góð enskukunnátta er skilyrði og gott tölvulæsi er nauðsynlegt. Háskólamenntun er kostur en ekki skilyrði ef viðkomandi hefur góða reynsla af sambærilegum verkefnum.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu IMG Mannafls-Liðsauka, www.mannafl.is og láta starfsferilskrá fylgja með. Allir umsækjendur eru boðaðir í viðtal og gildismatskönnun.

- Færni í mannlegum samskiptum
- Vilji til að starfa í teymum með jafningjum
- Jákvæðni og virðing fyrir öðrum
- Vilji til að leita stöðugra endurbóta
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Vilji til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Frekari upplýsingar fást á **www.alcoa.is** og hjá **Sigurlaugu Þorsteinsdóttur** (sigurlaug@img.is) og **Helgu S. Guðmundsdóttur** (helgas@img.is) hjá **IMG Mannafli-Liðsauka.**

Alcoa Fjarðaál

ALCOA

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - ALC 32014 04/2006

# Framkvæmdastjóri Fjarðabyggð

AVA
Arkitekta- og Verkfræðiþjónusta Austurlands

**AVA hefur aðsetur í Fjarðabyggð, í nágrenni við önnur vaxandi sveitarfélög og stórframkvæmdir. Stefna AVA er að veita góða þjónustu á sviði hönnunar, ráðgjafar og eftirlits.**

**Aðildarfélög að AVA eru:**
- Almenna Verkfræðistofan hf.
- Hnit hf. verkfræðistofa
- Arkþing ehf. arkitektar

**Starfssvið:**
- Stjórn á daglegum rekstri félagsins
- Reikningshald
- Mannaforráð
- Sinna daglegum ráðgjafarstörfum, með liðsinni frá eigendum á þeim sviðum, sem félagið er stofnsett fyrir, þ.e. arkitektaþjónustu, verkfræðiráðgjöf, verkefnastjórnun, verkeftirliti og rekstrarráðgjöf

Viðkomandi þarf að hefja störf sem allra fyrst.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf á sviði verkfræði, tæknifræði, arkitektúr eða byggingafræði
- A.m.k. 5 ára starfsreynsla á sviði arkitektaþjónustu, verkfræðiráðgjafar, verkefnastjórnunar, verkeftirlits eða rekstrarráðgjafar
- Metnaður og vilji til að leggja hart að sér við uppbyggingu ungs félags í góðum rekstri
- Góð samskiptahæfni, markaðshugsun og metnaður til góðra verka
- Góð tölvukunnátta, rekstrar- og bókhaldskunnátta eða tungumálakunnátta er nauðsynleg

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Umsjón með starfinu hafa Helga S. Guðmundsdóttir (helgas@img.is) og Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 17. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Sími 540 7100, mannafl@img.is
Skipagötu 16, 600 Akureyri, Sími 461 4440, www.mannafl.is
Strandgötu 53, 735 Eskifirði, Sími 540 7140, www.img.is

# Forstöðumaður Amtsbókasafns

**Stykkishólmsbær óskar eftir að ráða í starf forstöðumanns Amtsbókasafnins. Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf í júní.**

**Starfssvið:**
- Umsjón og ábyrgð á rekstri Amtsbókasafnsins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Próf í bókasafns- og upplýsingafræði eða jafngilt nám
- Frumkvæði og metnaður
- Sjálfstæð og ögúð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar

Amtsbókasafnið í Stykkishólmi býr við þá sérstöðu að eiga sér lengri fortíð en mörg önnur almenningsbókasöfn landsins, í safninu eru m.a. varðveitt prentskil frá árunum 1886 til 1976. Safnið er rekið af bæjarfélaginu skv. lögum um almenningsbókasöfn frá árinu 1997. Ljósmyndasafn Stykkishólms er rekið innan safnsins og þar eru einnig ýmis listaverk sem safnið hefur fengið að gjöf. Fyrirhugað er að safnið flytjist í annað húsnæði á árinu.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gauja@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 23. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Sími 540 7100, mannafl@img.is
Skipagötu 16, 600 Akureyri, Sími 461 4440, www.mannafl.is
Strandgötu 53, 735 Eskifirði, Sími 540 7140, www.img.is

# KÓPAVOGSBÆR

## LAUS STÖRF

**Vinnuskóli Kópavogs:**
- Forstöðumaður
- Launa- og þjónustufulltrúi

**Bæjarskrifstofur:**
- Matráður

**Félagsþjónusta Kópavogs:**
- Félagsráðgjafi í barnavernd
- Aðstoð við heimilisstörf
- Félagsleg heimaþjónusta
- Störf við liðveislu

**Íþróttamiðstöðin Versalir:**
- Laugar/baðvarsla karla 100% starf
- Afgr/baðvarsla kvenna 100% starf
- Helgarvinna afgr/baðv. kvenna

**GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:**

**Digranesskóli:**
- Starf skólastjóra
- Smíðakennsla
- Náttúrufræðikennari ásamt umsjón á unglingastigi
- Umsjónarkennari á unglingastigi, meðal kennslugr. ísl. og samfélagsfræði

**Hjallaskóli:**
- Umsjónark. á yngsta stig
- Umsjónark. á miðstig

**Hörðuvallaskóli:**
- 3 stöður kennara með umsjón
- Íþróttakennari með umsjón
- Kennari (fjölvirki) t.d. smíðar, föndur, hannyrðir, matreiðsla
- Húsvörður 100% staða
- Gangaverðir – ræstar með meiru
- Ritari 75% staða

**Kársnesskóli:**
- Gangavörður/ræstir 50% starf

**Kársnesskóli íþróttahús:**
- Baðvarsla stúlkna

**Kópavogsskóli:**
- Starf skólastjóra

**Lindaskóli:**
- Gangav/ræstir/Dægradvöl

**Smáraskóli:**
- Matráður 50%

**Vatnsendaskóli:**
- Almenn kennsla í 1.-2. bekk
- Almenn kennsla í 5.-6. bekk
- Sérkennsla
- Tónmenntakennari
- Heimilisfræðikennari
- Smíði/nýsköpunarmennt
- Deildarstjóri náttúrufr./raungr.

**Nánari upplýsingar á:**
***www.kopavogur.is***
**og *www.job.is***



# Vopnafjarðarskóli auglýsir

**Kennara vantar við skólann næsta skólaár.**

**Kennslugreinar:** Íþróttir, sérkennsla, danska, myndmennt, tónmennt, smíðar, heimilisfræði, tölvufræðsla og náttúrufræði. Þá vantar okkur forfallakennara frá 19. apríl til loka skólaárs.

**Flutningsstyrkur og ódýrt húsnæði í boði.**

Frekari upplýsingar veita: Aðalbjörn, skólastjóri, sími 470-3251 og 861-4256.
Þórunn, aðstoðarskólastjóri, sími 470-3252 ; 846-4851.
Netföng: adalbjorn@vopnaskoli.is og thorunn@vopnaskoli.is

# Prentsmiður óskast

Okkur vantar starfskraft í umbrot og grafíska hönnun. Við leitum að hugmyndaríkum og jákvæðum starfskrafti sem getur unnið sjálfstætt. Viðkomandi þarf að geta unnið í öllum helstu forritum og hafa góða fagkunnáttu og reynslu. Vinnustaðurinn er reyklaus.

Umsóknir sendist á netfang: georg@prent.is eða í pósti.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Litla prent ehf
Skemmuvegi 4 · 200 Kópavogi
Sími 540 1800 · Fax 540 1801 · Netfang litla@prent.is

# Sjúkrahúsið Vogur
# - Eldhús -

**Vant starfsfólk óskast nú þegar til almennra e og mötuneytisstarfa. Vaktavinna. Einnig óskas starfólk til afleysinga í sumar.**
Upplýsingar veitir Haukur Hermannson yfirmatreiðslumaður á staðnum sími: 530 7669 e netfang: haukur@saa.is.

...þegar þér hentar

## FULLT STARF OG HLUTASTÖRF

10-11 óskar eftir duglegu og jákvæðu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu.Við óskum eftir starfsfólki í stöður vaktstjóra og þurfa umsækjendur að vera 20 ára. Einnig eru lausar stöður almennra starfsmanna og þurfa umsækjendur að vera 18 ára á árinu. Hjá okkur er andinn góður, félagslíf er virkt og taka starfsmenn verslana vel á móti nýliðum. Við bjóðum upp á margskonar vaktir, sem geta hentað með skóla, eða annari vinnu. Um er að ræða dagvaktir, kvöldvaktir og næturvaktir. Umsækjendum er bent á að hægt er að sækja um beint í verslunum okkar eða þá að senda inn umsókn á netinu.

Umsóknum er hægt að skila á vefnum
**www.10-11.is**

Markmál
Þýðingar og skjalagerð



## Þýðendur

Vegna aukinna verkefna á næstunni leitum við að þýðendum í fullt starf.

- Umsækjendur skulu hafa fullkominn skilning á ensku og íslensku og framúrskarandi ritfærni á báðum þessum tungumálum.
- Háskólamenntun er skilyrði og búseta eða námsdvöl í enskumælandi landi er kostur.
- Krafist er góðrar tölvukunnáttu og víðtækrar þekkingar á íslensku atvinnu- og menningarlífi.

Eins vantar lausráðna þýðendur úr öllum tungumálum á skrá hjá okkur.

Umsóknir skal senda í tölvupósti fyrir 16. apríl nk. á netfangið: markmal@markmal.is

Markmál ehf er ört vaxandi fyrirtæki á sviði þýðinga og skjalagerðar. Við sérhæfum okkur í textaskrifum og uppsetningu handbóka á íslensku, ensku og þýsku. Jafnframt tökum við að okkur þýðingar á og af öllum helstu tungumálum.

Aðsetur í ReykjavíkurAkademíunni - Hringbraut 121
www.markmal.is - markmal@markmal.is - S: 660 5003

Rafport

**Vegna skipulagsbreytinga og aukinna verkefna vantar starfsfólk sem fyrst.**

Lausar stöður eru:

**Sölumaður:**
- Hæfniskröfur - Rafvirkjamenntun og þekking á innlagnaefni

**Tæknimaður:**
- Tæknimenntun á rafmagnssviði
- Reynsla af forritun og hönnun
- Reynsla af EIB hússtjórnarkefum

Þeir sem hafa áhuga eða vantar nánari upplýsingar vinsamlegast sendið tölvupóst á jonthor@rafport.is

Rafport er leiðandi heildsala á rafmagnssviði og mun sérhæfa sig í hátæknilausnum fyrir fyrirtæki og heimili. Rafport var stofnað 1985 og hefur alla tíð lagt áherslu á þekkingu, fagmennsku og persónulega þjónustu við hina fjölmörgu viðskiptavini.

Markmið Rafports er að þjóna markaðnum betur með nýrri tæknideild sem sinnir ráðgjöf, í hússtjórnarkerfum fyrir heimili og fyrirtæki.

# Fjölmiðla- og almannatengslafulltrúi ÞSSÍ

**Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) óskar eftir að ráða fjölmiðla- og almannatengslafulltrúa.**

ICEIDA

*Þróunarsamvinnustofnun Íslands Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir utanríkisráðuneytið. Hún var stofnuð með lögum árið 1981 og er ætlað að vinna að tvíhliða samstarfi Íslands við þróunarlönd. Áhersla er lögð á samvinnu við þau lönd þar sem lífskjörin eru lökust og er aðstoðin einkum veitt á þeim sviðum þar sem Íslendingar búa yfir sérstakri þekkingu og reynslu.*

www.iceida.is

Fjölmiðla- og almannatengslafulltrúi hefur umsjón með kynningum á þróunarlöndum og málefnum þeirra á vegum stofnunarinnar með það fyrir augum að efla áhuga almennings, hagsmunasamtaka og hvers kyns félaga á auknu samstarfi og aðstoð. Hann veitir einnig upplýsingar um verkefni og starfsemi stofnunarinnar, stefnu hennar og verklagsreglur.

Einnig heyrir ritstjórn á vefsíðu ÞSSÍ *(http://www.iceida.is)* undir fjölmiðla- og almennatengslafulltrúa. Vefsíðunni er ætlað að veita opinberlega upplýsingar um starfsemi ÞSSÍ jafnframt því sem þar á að birta allt útgefið efni á vegum stofnunarinnar sem almenning varðar.

Fjölmiðla- og almannatengslafulltrúi sér um tengsl ÞSSÍ við fjölmiðla, semur og sendir út fréttatilkynningar á vegum stofnunarinnar, skrifar greinar, skipuleggur blaða- og fréttafundi á hennar vegum og miðlar upplýsingum til fjölmiðla.

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun er kostur
- Umtalsverð reynsla af fréttamennsku, fréttaskrifum og fréttaöflun er skilyrði
- Reynsla af almannatengslum
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði
- Fjölmiðla og almannatengslafulltrúi þarf að geta unnið sjálfstætt við störf sín og sýna frumkvæði

Nánari lýsingu á starfi fjölmiðla og almannatengslafulltrúa er finna á heimasíðu Hagvangs.

Umsóknir skulu vinsamlegast fylltar út á heimasíðu Hagvangs, **www.hagvangur.is**, fyrir 1. maí 2006.

Aðrar upplýsingar um starfið veitir Albert Arnarson ráðgjafi hjá Hagvangi, albert@hagvangur.is.

HAGVANGUR
- við ráðum

**Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700**
**Fax 520 4701 • www.hagvangur.is**

# Verkefnisstjóri fiskimála ÞSSÍ (e. Desk Officer - Fisheries)

**Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) óskar eftir að ráða verkefnisstjóra fiskimála.**

ICEIDA

*Þróunarsamvinnustofnun Íslands Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir utanríkisráðuneytið. Hún var stofnuð með lögum árið 1981 og er ætlað að vinna að tvíhliða samstarfi Íslands við þróunarlönd. Áhersla er lögð á samvinnu við þau lönd þar sem lífskjörin eru lökust og er aðstoðin einkum veitt á þeim sviðum þar sem Íslendingar búa yfir sérstakri þekkingu og reynslu.*

www.iceida.is

**Meginhlutverk verkefnisstjórans** er að veita stofnuninni og starfsliði hennar ráðgjöf í málefnum sem tengjast þróunaraðstoð í fiskimálum og starfa við verkefnaval, undirbúning verkefna, val á samstarfsaðilum jafnt innlendum sem erlendum og gerð samstarfssamninga. Verkefnisstjóri ræður ráðgjafa og aðra starfsmenn sem að verkefninu koma og stýrir framgangi þeirra. Verkefnisstjóri sér um samskipti ÞSSÍ við stofnanir, félög og samtök á Íslandi sem koma með einum eða öðrum hætti að fiskimálaverkefnum sem ÞSSÍ undirbýr eða starfar að í þróunarlöndum.

Þá er gert ráð fyrir því, að verkefnisstjórinn sitji þá fundi og ráðstefnur erlendis með samstarfsaðilum um fiskimál sem fulltrúi aðalskrifstofu ÞSSÍ þarf að sækja og sjái um sambærilega fundi á Íslandi í umsjón ÞSSÍ.

Starfsstöð verkefnisstjórans er á aðalskrifstofu ÞSSÍ í Reykjavík.

*Sá sem ráðinn er sem verkefnisstjóri í fiskimálum þarf einnig frá upphafi ráðningar að gera ráð fyrir því að flytjast með a.m.k. eins árs fyrirvara til starfa sem umdæmisstjóri ÞSSÍ í því samstarfslandi sem framkvæmdastjóri ákveður (sjá nánar á heimasíðu Hagvangs).*

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun er skilyrði - t.d á sviði sjávarútvegsfræði eða tengdum greinum.
- Víðtæk reynsla af sjávarútvegsmálum er æskileg.
- Reynsla af verkefnastjórnun er æskileg.

Nánari lýsingu á starfi verkefnisstjóra er finna á heimasíðu Hagvangs.

Umsóknir skulu vinsamlegast fylltar út á heimasíðu Hagvangs **www.hagvangur.is** fyrir 1. maí 2006.

Aðrar upplýsingar um starfið veitir Albert Arnarson ráðgjafi hjá Hagvangi, albert@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

**Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700**
**Fax 520 4701 • www.hagvangur.is**



# Umsjón stjórnkerfa
## verk- eða tæknifræðingur

**Orkuveita Reykjavíkur** er sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem aflar og dreifir vistvænni orku á sem hagkvæmastan hátt og í sátt við umhverfið.

Á þjónustusvæði fyrirtækisins býr meira en helmingur íslensku þjóðarinnar.

Stefna Orkuveitunnar er að veita viðskiptavinum sínum bestu mögulegu þjónustu og sjá þeim fyrir ódýrri, vistvænni orku sem framleidd er úr endurnýjanlegum íslenskum orkulindum. Þannig stuðlar fyrirtækið að aukinni notkun hreinnar innlendrar orku og leggur um leið sitt af mörkum til nýsköpunar og framfara í landinu.

Starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur tekur mið af skynsamlegri nýtingu orkulinda og fyrirtækið er til fyrirmyndar í umgengni á eigin umráðasvæðum og vinnur þar að uppgræðslu lands og friðun dýralífs.

Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að auka hlut kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan fyrirtækisins.

Orkuveita Reykjavíkur óskar að ráða verk- eða tæknifræðing í Áætlanadeild Framleiðslusviðs.

Í deildinni starfa verk- og tæknifræðingar, sem hafa sérþekkingu á búnaði og tækjum Framleiðslusviðs. Þeir annast fjárhagsáætlanagerð, skipuleggja viðhalds- og framkvæmdaverkefni og stýra þeim. Þeir eru tæknilegir samstarfsmenn rekstrarmanna við úrlausn ýmissa verkefna, t.d. vélbúnaðar, rafmagns og stýrivéla.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Þróun og rekstur stjórnbúnaðar og jaðartækja Framleiðslusviðs
- Gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlana fyrir slíkan búnað
- Hagkvæmnirannsóknir og bestun kerfa
- Forsendugerð og gangsetning verkefna

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði
- Starfsreynsla og þekking á iðnstýringum æskileg
- Frumkvæði og eldmóður
- Sveigjanleiki
- Færni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, áhugi og sjálfstæði í vinnubrögðum

Upplýsingar og umsjón með úrvinnslu umsókna hafa Helga Jónsdóttir (helga@img.is) og Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun@img.is) hjá Mannafli-Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl nk.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að leggja inn umsókn á heimasíðu Mannafls-Liðsauka: www.mannafl.is og sendið jafnframt ferilskrá.
Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsækjendum svarað.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Orkuveita Reykjavíkur

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ORK 32138 03/2006

VINNUEFTIRLITIÐ
Bíldshöfða 16 – 110 Reykjavík – Sími 550 4600 – Fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is – Heimasíða: www.ver.is

Vinnueftirlit ríkisins starfar samkvæmt lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980. Markmið stofnunarinnar er að stuðla að fækkun slysa, atvinnutengdra sjúkdóma og góðri líðan starfsmanna á vinnustað.

**Vinnueftirlitið óskar að ráða umdæmisstjóra til starfa á Reykjanesi**

***Viðfangsefni:***
- Skipulagning og yfirumsjón með eftirlitsstarfsemi innan umdæmisins
- Þátttaka í stefnumótun eftirlitsstarfsemi Vinnueftirlitsins
- Eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum
- Fræðsla, sbr. ákvæði laga nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

***Menntunar- og hæfniskröfur:***
- Tæknimenntun, t.d. verkfræði eða tæknifræði,eða önnur menntun sem nýtist í starfi sem þessu
- Menntun eða reynsla á sviði stjórnunar og/eða vinnuverndar
- Færni í íslensku, bæði töluðu og rituðu máli
- Færni í norðurlandamáli og/eða ensku
- Hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sveigjanleiki

Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf með staðsetningu í Keflavík. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Starfsþjálfun fer fram við upphaf starfs. Laun eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist Vinnueftirliti ríkisins, Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík fyrir **25. apríl** nk. Umsóknareyðublað er ekki notað. Nánari upplýsingar um starfið veita Þórunn Sveinsdóttir deildarstjóri þróunar- og eftirlitsdeildar, s. 550 4640/ 862 2829 (torunn@ver.is) og Ólafur Hauksson aðstoðardeildarstjóri þróunar- og eftirlitsdeildar, s. 550 4642 (olafur@ver.is).

# SÖLUMAÐUR!

Rúmfatalagerinn óskar eftir sölumönnum,
í boði er fullt starf.
Góð laun í boði fyrir duglega einstaklinga.
Mikil vinna í boði á líflegum og skemmtilegum vinnustað.
Ör vöxtur fyrirtækisins gefur mikla möguleika á að vaxa í starfi.

**Hæfniskröfur:**
- Hressleiki
- Opin fyrir nýjungum
- Tilbúin að læra
- Metnaður og áhugi



-góð kaup

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

Umsóknir sendist á **rumfatalagerinn@rumfatalagerinn.is** eða Smáratorg 1 201 Kópavogur merkt „**Sölumaður**". Allar nánari upplýsingar veita verslunarstjórar í verslunum Rúmfatalagersins **milli 14:00 - 16:00**.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Smáratorgi 1<br>200 Kópavogi<br>510 7000<br>Póstkrafa<br>Smáratorgi 1<br>510 7020 | Holtagörðum<br>v/Holtaveg<br>104 Reykjavík<br>588 7499 | Skeifunni 13<br>108 Reykjavík<br>568 7499 | Glerártorg<br>600 Akureyri<br>463 3333<br>Póstkrafa<br>Glerártorg<br>463 3333 |

www.rumfatalagerinn.is

kanntu á **photoshop, freehand** og ert góð í **hönnun**

tölvuvæn, skipulögð, þjónustulunduð, álagsþolin, reyklaus og ekki sakar að þú hafir áhuga á markaðssetningu. Þá ert þú rétta manneskjan fyrir okkur.

Vinnutími frá 10-18. Tvö hlutastörf koma einnig til greina. Umsóknir sendist á netfangið box@frett.is merkt HÖNNUN60
Umsóknarfrestur er til 20.apríl.

**Veitum persónulega og faglega þjónustu á sviði ráðninga**

...framtíðin er ráðin

RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN

**www.radning.is**

Krókhálsi 5a • Sími: 588 7700
www.radning.is • radning@radning.is

## FÉLAGSÞJÓNUSTAN Í HAFNARFIRÐI

Sumarstörf og framtíðarstörf hjá Félagsþjónustunni í Hafnarfirði. Hér er um að ræða störf við félagslega heimaþjónustu og félagslega liðveislu. Í boði er sveigjanlegur starfstími og starfshlutföll eru samkomulagsatriði. Bæði störfin gera kröfu til jákvæðs viðmóts, mannúðlegra viðhorfa og góðra hæfileika til mannlegra samskipta. Sjálfstæði og frumkvæði í starfi eru miklir kostir. Við leitum að einstaklingum með félagsliðamenntun eða aðra félagslega menntun, reynslu eða mikinn áhuga á störfunum.

Félagsleg heimaþjónusta er veitt á hefðbundnum vinnutíma en félagsleg liðveisla utan venjulegs vinnutíma.

Laun fara eftir kjarasamningi Hafnarfjarðarbæjar og Verkalýðsfélagsins Hlífar.

Upplýsingar um störfin veita Sjöfn Guðmundsdóttir fulltrúi heimaþjónustudeild (félagsleg heimaþjónusta og Guðrún Þ. Ingólfsdóttir félagsráðgjafi (félagsleg liðveisla) í síma 585 5700

**Umsóknum skal skila til**
**Félagsþjónustunnar í Hafnarfirði**
**Strandgötu 33**
**220 Hafnarfirði**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

---

Sveitarfélagið ÁRBORG

# Kennarar

### Skóli með áherslu á þróunarstarf og nýbreytni í starfsháttum auglýsir eftir öflugum kennurum til starfa

Kennara vantar til starfa við Sunnulækjarskóla á Selfossi næsta haust. Sunnulækjarskóli var stofnaður haustið 2004. Skólinn vex ört og verður 10 árganga grunnskóli innan tíðar. Næsta skólaár verða um 250 nemendur í 1. – 6. bekk við skólann.

Í skólanum er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma.

Umsjónarkennara vantar á yngsta- og miðstig. Einnig vantar kennara til kennslu í list- og verkgreinum, sérstaklega tónmennta- og heimilisfræðikennslu. Þá vantar íþróttakennara til starfa.

Umsækjandi þarf að hafa kennarapróf, góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar.

Umsókn fylgi greinargerð þar sem fram komi hver er reynsla og menntun umsækjanda og hvaða sýn hann hefur á skólastarf, nýbreytni og þróunarstarf.

Frekari upplýsingar má finna á vef skólans http://www.sunnulaekjarskoli.is og hjá skólastjóra, Birgi Edwald í síma 480-5400 eða tölvupósti, birgir@sunnulaek.is.

Umsóknarfrestur er til 17. apríl 2006.

Umsókn sendist til skólastjóra Sunnulækjarskóla, Norðurhólum 1, Selfossi.

**Skólastjóri**

---

## ATVINNUMIÐLUN & STARFSMANNALEIGA

**Erum með úrvals starfsfólk á skrá frá Póllandi.**

Sími **517 4530**
Netfang **intjob@intjob.is**

INTJOB
INTERNATIONAL JOB OPPORTUNITIES

---

## Grunnskólinn í Grindavík

**lausar kennarastöður**

Við leitum að áhugasömum kennurum til eftirfarandi starfa næsta skólaár.

- umsjónarkennurum á yngsta- og miðstig
- sérkennara
- myndmenntakennara í hlutastarf
- danskennara í hlutastarf
- heimilisfræðikennara í hlutastarf

Grindavík er blómlegt sveitarfélag með um 2700 íbúa í aðeins 50 km. fjarlægað frá höfuðborginni. Nemendur eru 500 í 1.-10. bekk. Í skólanum er unnið framsækið starf af áhugasömu starfsfólki. Unnið er að innleiðingu uppbyggingastefnunnar - uppeldi til ábyrgðar. Nánari upplýsingar er að finna um skólann á heimasíðu hans **http://skolinn.grindavik.is**

Upplýsingar veitir skólastjóri í símum 420-1150 og 660-7320 (netfang gulli@grindavik.is.) **Umsóknarfrestur er til 20. apríl.**

Skólastjóri

---

# ANNATA LEITAR AÐ ÚRVALS FÓLKI

### Við leitum að einstaklingum til að fylla eftirfarandi stöður:

- **Dynamics AX (Axapta) og .NET forritarar**
  Við leitum að kerfis- og tölvunarfræðingum með reynslu af forritun í viðskiptahugbúnaði s.s. Axapta, Navision eða SAP. Nýútskrifaðir kerfis- og tölvunarfræðingar með brennandi áhuga og sterkan námsferil koma einnig til greina.
- **Gagnagrunnssérfræðingar/forritarar og OLAP sérfræðingar**
  Við leitum að kerfis- og tölvunarfræðingum með góða þekkingu á Microsoft SQL og/eða öðrum gagnagrunnum sem jafnframt hafa haldgóða þekkingu á gagnagrunnsforritun og OLAP tækni. Einnig leitum við að reyndum ráðgjöfum á sviði stjórnendaupplýsinga með þekkingu á notkun OLAP hugbúnaðar (Microsoft Analysis Services, Cognos og/eða Business Objects).
- **SharePoint Services/Portal sérfræðingur**
  Þú hefur lokið menntun á háskólastigi og hefur kynnst og "fallið" fyrir notkunarmöguleikum Microsoft SharePoint Services/Portal lausna. Æskilegt er að þú hafir reynslu af innleiðingu SharePoint lausna en það er þó ekki skilyrði. Tæknileg geta og vottun í Microsoft lausnum er æskileg.
- **Verkefnastjóri og ráðgjafi við innleiðingu Dynamics AX (Axapta) viðskiptahugbúnaðar**
  Þú hefur lokið menntun á háskólastigi og nýtur virðingar fyrir persónuleika þinn og hæfileika í mannlegum samskiptum. Þig hungrar eftir árangri og þó að þú standir auðveldlega á eigin fótum við erfiðar aðstæður kanntu að meta samstarf í sterkri liðsheild. Þú hefur haldgóða reynslu af innleiðingu viðskiptahugbúnaðar.
- **Ráðgjafi við innleiðingu sölu- og fjárhagsáætlanakerfa (ValuePlan Trade & Finance)**
  Þú hefur lokið menntun á háskólastigi og æskilegt er að þú hafir reynslu og áhuga á markvissri og aðgerðamiðaðri sölu- og fjárhagsáætlanagerð. Góð tölvukunnátta er skilyrði og reynsla af áætlunarkerfum æskileg.
- **Sérfræðingur í verslunarkerfum**
  Þú ert kerfis-, tölvunar- og/eða viðskiptafræðingur með reynslu af innleiðingu og þjónustu við verslunarkerfi. Þekking á Dynamics AX og/eða Dynamics NAV mikill kostur.

Vinsamlegast sendu umsókn ásamt náms- og starfsferilskrá í tölvupósti á netfangið johann@annata.is – **Fullum trúnaði heitið.**

Annata hf. er vaxandi ráðgjafar -og hugbúnaðarfyrirtæki. Tekjuvöxtur fyrirtækisins síðustu þrjú ár var 40% að meðaltali. Gert er ráð fyrir áframhaldandi góðum vexti. Fyrirtækið hefur frá upphafi skilað hagnaði og arðsemi af rekstri aukist jafnt og þétt. Starfsemi Annata nær til nokkurra landa Evrópu auk austurstrandar Bandaríkjanna og gera áætlanir okkar ráð fyrir auknum umsvifum erlendis. Annata er Microsoft Gold Certified Partner og hefur þar jafnframt hlotið vottun á nokkrum þekkingarsviðum. Annata er einnig vottaður samstarfsaðili Cognos og hafa greiningar- og skýrslulausnir okkar þar hlotið "Powered by" viðurkenningu.

hugbúnaður | ráðgjöf
Mörkinni 4 • 108 Reykjavík • Sími 568 4200 • Fax 568 4201

annata
www.annata.is

AstraZeneca
sanofi aventis
Schering-Plough

**Vistor hf.** er leiðandi fyrirtæki í sölu og markaðssetningu á lyfjum og tengdum vörum fyrir heilbrigðismarkaðinn á Íslandi. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 130 og er áætluð velta félagsins á þessu ári eru rúmir 5 milljarðar kr. Fyrirtækið leggur áherslu á hreinskiptni, framsækni og áreiðanleika. Vistor er eini dreifingaraðili lyfja á Íslandi sem hlotið hefur ISO 9001 gæðavottun.

*Bakhjarl fyrir betri líðan*

vistor

# Sölufulltrúar

**Vistor hf. óskar eftir að ráða til starfa sölufulltrúa fyrir AstraZeneca, sanofi-aventis og Schering-Plough**

**Áhugavert og krefjandi starf hjá framsækinu fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi**

**Starfssvið:**
- Kynningar á lyfjum fyrir lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk
- Undirbúningur fræðslufunda
- Samskipti við erlenda lyfjabirgja
- Að sækja ráðstefnur á Íslandi og erlendis
- Þátttaka í gerð kynningarefnis

**Hæfniskröfur:**

**Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi:**
- Háskólamenntun á sviði lyfjafræði, hjúkrunarfræði eða annarra heilbrigðis- og raunvísinda
- Áhuga á samskiptum og sölu
- Góða færni í að tjá sig í ræðu og riti
- Mjög gott vald á ensku
- Frumkvæði, sannfæringarkraft, sjálfstæði, skipulagshæfni og færni í mannlegum samskiptum

**Kostur er að umsækjendur hafi:**
- Reynslu af sambærilegum störfum
- Menntun í viðskiptafræði
- Reynslu af störfum innan heilbrigðisgeirans
- Reynslu af sölustörfum
- Góð tök á a.m.k. einu Norðurlandamáli

**Nánari upplýsingar veita:**
- Davíð Ingason, AstraZeneca (david@vistor.is)
- Magnús Júlíusson, sanofi-aventis (magnus@vistor.is)
- Arnþrúður Jónsdóttir, Schering-Plough (arnthrudur@vistor.is)
- Þóranna Jónsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar (thoranna@vistor.is)

**Skriflegum umsóknum skal skilað á netfangið starf@vistor.is fyrir 20. mars nk.**

Vistor hf. • Hörgatúni 2 • 210 Garðabæ • Sími: 535 7000 • Fax: 565 6485 • vistor@vistor.is • www.vistor.is



Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður



# Verkefnastjóri

## Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

**Laus er staða verkefnastjóra á skrifstofu Velferðarsviðs.**

Starfið felst í þróun velferðarþjónustu með sérstakri áherslu á rannsóknir og úttektir á sviði velferðarþjónustu. Þjónustumat og þjónustuúttektir skipa stóran sess í starfinu.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði félagsvísinda.
- Góð tölvukunnátta, sérstaklega á töfræðiforritinu SPSS.
- Sjálfstæði, frumkvæði og sveigjanleiki í starfi.
- Þekking á verkefnastjórnun og reynsla af að leiða hópa.
- Gott vald á framsetningu efnis á rituðu og mæltu máli.
- Gott vald á a.m.k. tveimur erlendum tungumálum, þar af á einu norðurlandamáli.

**Laun:**
Samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir skulu berast Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Tryggvagötu 17, eigi síðar en 28. apríl merktar „Verkefnastjóri“

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Jónsdóttir, skrifstofustjóri Velferðarsviðs frá 21. apríl.
Netfang: sigridur.jonsdottir@reykjavik.is. Sími: 411-9000

Verið er að þróa störf og starfsemi á Velferðarsviði og starfsmenn þurfa því að setja sig inn í margvísleg verkefni.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Velferðarsvið fer með ábyrgð á velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar þ.m.t. barnavernd og félagsþjónustu. Það ber ábyrgð á að framfylgt sé stefnumótun og áætlanagerð í velferðarmálum, eftirliti og mati á árangri, samhæfingu og samþættingu í málaflokknum. Þróun á mati á gæðum velferðarþjónustu, tengslum rannsókna og þjónustu, nýsköpun og þróun nýrra úrræða í velferðarþjónustu. Að auki annast Velferðarsvið rekstur ýmissa úrræða.




Hanna María Jónsdóttir hjá Stúdentamiðlun segir að stúdentar séu mjög duglegir að skrá sig.

# Þeir hæfustu fá fyrstir vinnu

***Stúdentamiðlun er farin að taka við skráningum stúdenta sem vantar atvinnu í sumar. Fjöldi stúdenta er nú þegar búinn að skrá sig.***



Stúdentar geta oft fengið vinnu í bönkum yfir sumarmánuðina.

„Nú þegar eru um 250 stúdentar búnir að skrá sig hjá okkur og þeim fer fjölgandi,“ segir Hanna María Jónsdóttir hjá Stúdentamiðlun.

Stúdentamiðlun er aðallega með háskólastúdenta á skrá hjá sér en þó er eitthvað um að framhaldskólanemendur skrái sig. „Þeir sem eru á skrá hjá okkur eru svona á aldrinum 18-30 ára,“ segir Hanna María.

Störfin sem finna má í gegnum Stúdentamiðlun eru margvísleg. „Það er allt frá útivinnu, garðvinnu, byggingarvinnu og einhverju slíku yfir í mjög krefjandi sérhæfðari afleysingarstörf hjá bönkum og slíkum fyrirtækjum. Mörg fyrirtæki eru að leita að einhverjum sem eru lengra komnir í námi og við vonum alltaf að það verði meira framboð af störfum sem krefjast háskólabakgrunns.“

Hanna María segir að enn sem komið er séu ekki mjög mörg sumarstörf í boði. „Það eru frekar fá störf komin inn miðað við sama tíma í fyrra en þetta er ekki komið í fullan gang svo það segir í raun og veru ekkert um hvað verður. Stúdentarnir eru alltaf fyrri til að skrá sig og fyrirtækin fara að koma inn núna í apríl.“

Mikilvægt er að fyrirtæki leiti tímanlega til Stúdentamiðlunar ef að þau vilja fá hæfa stúdenta í vinnu. „Hæfustu stúdentarnir fá alltaf vinnu fyrstir og þeim bjóðast jafnvel mörg störf sem þeir geta valið á milli.“

Hanna María segir að ungt fólk sé duglegt að sækja sjálft um störf þó að það sé skráð hjá Stúdentamiðlun. „Það eru alltaf fleiri stúdentar skráðir en störf hjá okkur en samt fá alltaf flestir vinnu. Að minnsta kosti er það þannig að þegar fyrirtæki leita til okkar eftir miðjan júní er mjög erfitt að finna stúdenta sem eru ennþá í atvinnuleit.“

*emilia@frettabladid.is*

# Hátíðarkaup um páskana

***Núna þegar páskarnir nálgast með páskafrí og fleiru er sniðugt að athuga hvaða dagar flokkast undir stórhátíðardaga.***



Á föstudaginn langa og páskadag er ekki vinnuskylda.

Á stórhátíðardögum er ekki vinnuskylda. Ef unnið er á stórhátíðardögum á öll vinna að greiðast með tímakaupi sem nemur 1,375 prósent af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Þeir dagar sem fylgja páskunum og teljast til stórhátíðardaga eru páskadagur og föstudagurinn langi. Allir sem vinna þá daga ættu að skoða launaseðilinn sinn vel til að tryggja að borgað sé rétt fyrir vinnu á þeim dögum.

Frekari upplýsingar um stórhátíðardaga, reglur um þá auk annarra hagnýtra hluta eru á heimasíðum verkalýðsfélagana.

JB Byggingafélag

## Smiðir

**Vegna aukinna verkefna óskar JB Byggingafélag eftir að ráða smiði. Næg verkefni næstu árin.**

Nánari upplýsingar gefur Kristján Yngvason í síma 693-7005.

Umsóknir berist á skrifstofu JB Byggingafélags, Bæjarlind 4. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu félagsins www.jbb.is

Hjá JB Byggingafélagi er boðið er uppá góða starfsaðstöðu og líflegt starfsmannafélag.

**JB Byggingafélag, Bæjarlind 4, s: 544-5333**

# Hraunvallaskóli

## – leik- og grunnskóli

## Skrifstofu- og rekstrarstjóri

Skrifstofu- og rekstrarstjóri óskast í nýjan skóla í Hafnarfirði. Hraunvallaskóli er leik- og grunnskóli. Grunnskólinn tók til starfa sl. haust. Í ágúst 2006 verður leikskólinn opnaður í nýju húsnæði og grunnskólinn flytur þá jafnframt starfsemi sína þangað.

Húsnæðið er hannað fyrir 4ra deilda leikskóla og 3ja hliðstæðna grunnskóla og er þetta í fyrsta sinn sem slíkur skóli er hannaður og byggður fyrir bæði skólastiginn hér á landi. Byggingin gefur mikla möguleika á fjölbreyttu skólastarfi sem krefst góðs samstarfs milli allra sem þar starfa m.t.t. faglegra og rekstrarlegra þátta.

**Skrifstofu- og rekstrarstjóri mun starfa í stjórnunarteymi með skólastjórum leik- og grunnskóla.**

**Helstu verkefni:**

- Umsjón með rekstrarlegum þáttum í stafi skólans í samvinnu við skólastjórnendur.
- Þátttaka í uppbyggingar og þróunarstarfi skólans.
- Umsjón með aðalskrifstofu skólans.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun á sviði viðskipta- og eða rekstrarfræða.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Mikil færni í mannlegum samskiptum.
- Metnaður og áhugi fyrir nýjungum.
- Áhugi á skólastarfi.

**Umsækjandi þarf að** geta komið að undirbúnings- og skipulagsvinnu fljótlega en ráðið verður í stöðuna frá og með 1. júní eða eftir nánara samkomulagi.

**Nánari upplýsingar** um starfið veitir Magnús Baldursson, fræðslustjóri í síma 5855800, magnusb@hafnarfjordur.is.
Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

**Umsókn skal fylgja** greinargott yfirlit um menntun og reynslu umsækjanda og hver þau verkefni sem hann hefur unnið við og varpað geti ljósi á færni hans til að sinna stjórnunar og rekstararstörfum.
Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.
**Umsókn skal skilað** á skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 31, 220 Hafnarfjörður, eigi síðar en 12. apríl n.k.

**Fræðslustjórinn í Hafnarfirði**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

# Verkefnisstjóri

**Hjálparstarf kirkjunnar óskar eftir að ráða verkefnisstjóra í fullt starf frá 1. ágúst nk.**

Hjálparstarf kirkjunnar

*Hjálparstarf kirkjunnar vinnur að þróunarverkefnum í Afríku og Asíu, veitir neyðaraðstoð við hamfarir og átök og rekur ráðgjöf og aðstoð við bágstadda hérlendis. Aðstoðin er veitt í tvíhliða samstarfi eða í gegnum alþjóðleg samtök eins og Lútherska heimssambandið og Alþjóðaneyðarhjálp kirkna/ACT sem Hjálparstarfið er aðili að. Náið samstarf er við systurstofnanir á Norðurlöndum og unnið er að ýmsum málum hér heima í félagi við önnur samtök og stofnanir. Hjálparstarf kirkjunnar var stofnað árið 1970. Það fer fyrir og samhæfir aðgerðir á vegum sókna þjóðkirkjunnar og veitir aðstoð án tillits til orsaka neyðarinnar, trúar, stjórnmálaskoðana, kyns, kynþáttar eða annars sem aðgreinir fólk. Hjálp er veitt þar sem hennar er mest þörf.*

Sjá nánar á www.help.is

**Starfssvið**

- Þátttaka í gerð kynningar- og markaðsáætlana
- Framkvæmd verkefna
- Fjáröflun fyrir hjálpar- og þróunarstarf
- Kynningarmál
- Öflun nýrra styrktaraðila

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði
- Mikil samstarfshæfni

**Í boði er** krefjandi starf á líflegum vinnustað þar sem hver hefur sitt ábyrgðarsvið um leið og litið er á starfið í heild sem samvinnuverkefni.

Umsóknir um starfið óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 19. apríl nk. Númer starfs er **5381**.

Upplýsingar veitir Katrín S. Óladóttir. Netfang: katrin@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

**Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík**
**Sími 520 4700 • www.hagvangur.is**

# Sölustjóri óskast til starfa í útibú KB banka á Akureyri

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**

- Ábyrgð á sölu- og markaðsstarfsemi útibúsins
- Samskipti og sala til viðskiptavina útibúsins, bæði einstaklinga og fyrirtækja
- Samskipti við sölu- og markaðssvið í höfuðstöðvum KB banka
- Ýmis verkefni í samráði við útibússtjóra

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða annað háskólanám sem nýtist í starfinu
- Áhugi og þekking á sölu- og markaðsmálum og vilji og hæfni til að selja
- Reynsla af sölu og þjónustu til einstaklinga og fyrirtækja æskileg
- Framúrskarandi frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð samskiptahæfni og geta til að leiða hóp starfsmanna
- Reynsla af kynningum og fyrirlestrum

KB banki er stærsti banki landsins og einn af 10 stærstu bönkum Norðurlanda.

Bankinn er alþjóðlegur fjárfestingarbanki og starfar í 9 löndum auk Íslands.

KB banki er leiðandi afl á íslenskum fjármálamarkaði, með 36 útibú víðs vegar um landið.

Hjá bankanum starfa um 2.300 manns, þar af 1.250 erlendis.

Nánari upplýsingar gefa Geir Gíslason aðstoðarútibússtjóri í síma 460 5437 / geir@kbbanki.is og Bryndís Jónsdóttir á starfsmannasviði í síma 444 6387 / bryndisjo@kbbanki.is.

Umsóknarfrestur er fyrir 21. apríl nk.
Vinsamlegast sækið um starfið á www.kbbanki.is

KB BANKI

ASKJA

# Vörustjóri í ÖSKJU




Bílaumboðið ASKJA leitar að vörustjóra í söludeild fólksbíla. ASKJA er ungt og kröftugt félag í miklum vexti og því er um afar spennandi tækifæri að ræða. Hlutverk vörustjóra er að leiða söludeild fólksbíla í örum vexti og tryggja stöðu Mercedes-Benz enn frekar á bílamarkaði á Íslandi.

### Ábyrgð og verkefni:

– Ber ábyrgð á sölu og innkaupum á fólksbílum
– Samskipti við birgja, umboðsmenn og viðskiptavini
– Útlit og uppstilling á vörum í sýningarsal
– Gerð sölu- og markaðsáætlana og eftirfylgni þeirra

### Hæfniskröfur:

– Þekking og reynsla úr sölustarfi
- Þekking á fólksbílum frá Mercedes-Benz
- Þekking á fjármögnun fólksbíla
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð enskukunnátta í ræðu og riti
- Góð tölvukunnátta

Vinsamlegast sendið umsókn og ferilskrá fyrir 21. apríl 2006, til Valdísar Arnórsdóttur starfsmannastjóra, á netfangið va@askja.is eða í gegnum heimasíðu okkar, www.askja.is.

Mercedes-Benz

ASKJA er eina viðurkennda sölu- og þjónustuumboð Mercedes-Benz á Íslandi. ASKJA tók við umboði fyrir DaimlerChrysler AG, framleiðanda Mercedes-Benz bifreiða á Íslandi, 1. mars 2005 og hefur staðist að fullu gæðstaðla Mercedes-Benz. ASKJA leggur mikla áherslu á framúrskarandi þjónustu við viðskiptavini sína og gott vinnuumhverfi fyrir starfsfólk. ASKJA er meðal Fyrirmyndarfyrirtækja VR árið 2005.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

# Sérfræðingur í lyfjadeild

**Starfssvið:**

- Upplýsingavinnsla úr lyfjagagnagrunni
- Úrvinnsla tölfræðiupplýsinga um lyfjanotkun og lyfjakostnað
- Umsjón með upplýsingavinnslu og miðlun þeirra

**Hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í hagfræði, stærðfræði eða sambærileg menntun
- Gott vald á íslensku, ensku og Norðurlandamáli
- Jákvætt viðhorf og samskiptafærni
- Frumkvæði, vandvirkni og sjálfstæð vinnubrögð
- Starfsreynsla

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðrún I. Gylfadóttir deildarstjóri lyfjadeildar í síma 560 4479.

Umsóknir sendist starfsmannaþjónustu Tryggingastofnunar ríkisins, Laugavegi 114, 150 Reykjavík, í pósti eða rafrænt (starf@tr.is) fyrir 24. apríl. Í umsóknum skulu koma fram ítarlegar upplýsingar um menntun og fyrri störf. Öllum umsóknum verður svarað þegar niðurstaða um ráðningu liggur fyrir.

**Stefna Tryggingastofnunar ríkisins er að vera öflug og traust stofnun, ákvarða og inna af hendi réttar greiðslur, veita gagnlegar upplýsingar og ráðgjöf til viðskiptavina og annast eftirlit með málefnum sem Tryggingastofnun eru falin samkvæmt lögum á faglegan, öruggan og hagkvæman hátt.**

**Tryggingastofnun ríkisins**
**www.tr.is**
**Laugavegur 114 – 150 Reykjavík**
**Sími 560 4400 – Fax 560 4451**

# Laus störf hjá BYGG



### Verkstjóri garðyrkju

Verkstjóri óskast til framtíðarstarfa.
Byggingafélag Gylfa og Gunnars óskar eftir vönum manni í garðyrkjudeild fyrirtækisins. Starfið felst í að sjá um lokafrágang á lóðum. Einnig sér deildin um að fylla inn í grunna. Viðkomandi þarf að geta stjórnað mönnum og tækjum á nokkrum stöðum samtímis. Nánari uppl. gefur Gunnar í síma 693-7310 / 562-2991.

### Gröfumaður á hjólavél

Byggingafélag Gylfa og Gunnars óskar eftir vönum manni á nýlega hjólagröfu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega. Nánari uppl. gefur Gylfi í síma 693-7319.

### Byggingastjóri /Verkstjóri

Byggingafélag Gylfa og Gunnars óskar eftir vönum byggingastjóra. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af byggingastarfsemi og hæfileika til að stjórna hópi manna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega. Nánari uppl gefur Guðjón í síma 562-2991.

*Hjá okku er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir*

BYGG

# pósthúsið

**Pósthúsið ehf**
**Suðurhrauni 1**
**210 Garðabæ**
**sími 585 8300**
**fax 585 8309**
**posthusid@posthusid.is**

## Póst- og blaðberar óskast

Um er að ræða hressandi útiveru við útburð á blöðum og póst, **um helgar**, milli kl. 6 og 7 á morgnana. Hafðu samband í síma 585 8330 eða fylltu út umsókn á www.posthusid.is

**Laus hverfi um helgar:**

**200-32** Bakkahjalli
Blikahjalli
Brekkuhjalli

**200-36** Skálaheiði
Álfaheiði

**200-37** Digranesheiði
Lyngheiði

**200-41** Álfhólsvegur

**200-47** Brekkuhvarf
Dimmuhvarf
Grundarhvarf
Melahvarf

**200-50** Hlaðbrekka
Nýbýlavegur
Þverbrekka

**200-65** Gnitaheiði
Gnípuheiði
Hólahjalli

**203-01** Ennishvarf
Álfahvarf
Álfkonuhvarf

**203-02** Breiðahvarf
Fannahvarf
Fellahvarf

**203-03** Akurhvarf
Andarhvarf
Asparhvarf

**210-14** Hraunholtsvegur
Hraunhólar
Langafit
Lækjarfit

**210-39** Langamýri

**210-40** Aratún
Faxatún

**220-01** Flókagata
Herjólfsgata
Klettagata
Langeyrarvegur
Skerseyrarvegur

**220-02** Krosseyrarvegur
Merkurgata
Vesturbraut

**220-03** Austurgata
Fjarðargata
Reykjavíkurvegur
Strandgata

**220-04** Austurgata
Hverfisgata
Mjósund
Sunnuvegur
Tjarnarbraut
Álfaskeið

**220-11** Vitastígur
Álfaskeið

**220-13** Flatahraun
Mávahraun
Svöluhraun
Álfaskeið

**220-26** Fagrakinn
Lækjarkinn

**220-27** Háakinn
Kaldakinn
Stekkjarkinn

**220-30** Hvammabraut
Klausturhvammur
Staðarhvammur

**220-31** Brekkugata
Lækjargata
Suðurgata

**220-32** Hamarsbraut
Hellubraut
Hlíðarbraut
Holtsgata
Suðurgata

**220-33** Hringbraut
Strandgata

**220-34** Hringbraut
Selvogsgata

**220-35** Háihvammur
Stekkjarhvammur

**220-49** Garðavegur
Norðurbraut

**220-50** Fagrihvammur
Fjóluhvammur
Lækjarhvammur

**220-53** Brattakinn
Grænakinn

**220-55** Suðurgata

**220-56** Kvíholt
Túnhvammur
Ölduslóð

**220-57** Austurgata
Gunnarssund
Hverfisgata

**221-11** Þrastarás

**225-05** Bjarnastaðavör
Gerðakot
Hákotsvör
Litlabæjarvör
Sviðholtsvör
Þóroddarkot

**225-07** Lambhagi
Miðskógar

**230-02** Bjarnarvellir
Drangavellir
Elliðavellir
Suðurvellir

**230-11** Faxabraut
Háholt
Skólavegur

**230-17** Faxabraut
Mávabraut

**230-25** Efstaleiti
Vatnsholt

**230-26** Bakkavegur
Bergvegur
Kirkjuvegur
Vesturbraut
Vesturgata

**233-01** Djúpivogur
Hafnargata

**250-01** Lindartún
Silfurtún

**250-02** Garðbraut
Rafnkelsstaðarv.

**250-03** Garðbraut
Gaukstaðavegur
Gerðavegur
Sunnubraut

**250-04** Heiðarbraut
Klapparbraut
Lyngbraut
Urðarbraut
Valbraut
Ósbraut

**250-07** Einholt
Eyjaholt
Hraunholt

**270-01** Akurholt
Arkarholt
Álmholt
Áshol

**270-17** Birkiteigur
Hamarsteigur
Jónsteigur
Merkjateigur
Stóriteigur

**270-20** Fellsás
Hlíðarás
Ásland

**270-21** Amsturdam
Efribraut
Engjavegur
Reykjalundur
Neðribraut

**270-22** Reykjabyggð
Reykjamelur

**270-28** Tröllateigur

**270-29** Njarðarholt
Urðarholt
Þverholt

**270-30** Bjarkarholt
Dalatangi
Hlaðhamrar

**600-21** Hafnarstræti
Spítalavegur

**800-06** Heimahagi
Lambhagi
Laufhagi
Reyrhagi
Úthagi

## Íslandsdeild Amnesty International

### óskar eftir að ráða rekstrarfulltrúa

Rekstrarfulltrúinn ber ábyrgð á merkingu fylgiskjala, skráningu og vinnslu bókhalds, launaútreikningum, umsýslu félagaskrár og annarra gagnagrunna, símvörslu, almennri upplýsingagjöf og öðrum skrifstofustörfum. Rekstrafulltrúinn vinnur náið með framkvæmdastjóra og verkefnastjóra.

*Leitað er eftir einstaklingi sem hefur til að bera sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum, hefur reynslu af bókhaldi og bókhaldskerfum, er nákvæmur og talnaglöggur og á auðvelt með mannleg samskipti.*

**Umsóknir berist fyrir 21. apríl 2006 til:**
Íslandsdeild Amnesty International
Hafnarstræti 15
101 Reykjavík
eða á *amnesty@amnesty.is*
nánari upplýsingar gefur framkvæmdastjóri
í síma 551-6940

Amnesty International eru ein stærstu mannréttindasamtök í heimi. Hugsjón þeirra miðar að heimi þar sem sérhver einstaklingur nýtur allra þeirra réttinda sem fólgin eru í Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og öðrum mannréttindasáttmálum. Með það að markmiði sinnir Amnesty International rannsóknum og grípur til aðgerða í því skyni að hindra og stöðva alvarleg brot á mannréttindum, í samræmi við þann tilgang samtakanna að efla virðingu fyrir öllum mannréttindum.

## ÞJÓNUSTU- OG VERKEFNASTJÓRI

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Þjónustu- og verkefnastjóra lausa til umsóknar.

Umsóknarfrestur er til 19. apríl 2006.
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: **http//iceland.usembassy.gov.**

## GARÐLIST
alhliða garðþjónusta

### Óska eftir vönum og góðum viðgerðarmanni í fullt starf

Reynsla, stundvísi og áreiðanleiki skilyrði.
Vantar einnig vanan stjórnanda í fullt starf við hellulagnir með reynslu.
Uppl. í síma 860-2971

## Rafvirkjar

**Viltu vinna hjá framsæknu fyrirtæki?**

Vegna mikilla verkefna vantar okkur að ráða rafvirkja og nema til starfa hjá okkur.

Umsóknir sendist á netfangið rafmidlun@rafmidlun.is
Nánari upplýsingar í síma: 843 3505 og 843 3506

Rafmiðlun ehf
Ögurhvarf 8 • 203 kópavogur
Sími: 540 3500 • Fax: 540 3501
Email: rafmidlun@rafmidlun.is

## Starfskraftur óskast!

Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir góðu starfsfólki í framleiðslu og uppsetningu skilta og umhverfismerkinga.

Umsækjendur þurfa að geta tileinkað sér sjálfstæð og vönduð vinnubrögð.

Umsóknir skal senda með tölvupósti á **artis@artis.is**

www.artis.is
Neonljós, stórmyndaprentun, ljósaskilti, umhverfismerkingar.
artis AUGLÝSINGAR & SKILTI

## Rafvirkjar!

Óskum eftir að ráða rafvirkja til framtíðarstarfa.Vinsamlegast sendið umsóknir á netfangið rafbodi@rafbodi.is.
Upplýsingar gefur Ragnar í síma 694 1500 á vinnutíma.

**Rafboði ehf. • Skeiðarási 3 • Garðabæ**

## Viltu vinna hjá flottu fyrirtæki?

**Hjá Samskipum er kraftmikið starfsmannafélag með fjölbreytta starfsemi, s.s. golfklúbb, siglingaklúbb og aðgang að 8 tonna skemmtibáti, fimm sumarbústaði að Bifröst og margt fleira skemmtilegt.**
**Hjá Samskipum á Íslandi vinna 650 skemmtilegir starfsmenn.**

***Slástu í hópinn!***



## Starfsfólk í vörumiðstöð

Óskum eftir starfsfólki í stöður við almenna vörumeðhöndlun: Vörumótttöku, tiltekt á vörum og þjónustu við viðskiptavini. Við leitum að traustum og samviskusömum starfsmönnum sem eru liprir í mannlegum samskiptum. Umsækjendur skulu vera skipulagðir, sýna frumkvæði í starfi og geta unnið sjálfstætt.

Gerð er krafa um að umsækjendur tali íslensku.

Vinsamlegast skilið inn skriflegum umsóknum hjá Samskipum, Kjalarvogi eða fyllið út umsókn á vef Samskipa (www.samskip.is) fyrir 18. apríl 2006.

Á vefnum er smellt á „Starf í vörumiðstöð – auglýst staða 09.04.06”.

Allar nánari upplýsingar veitir Guðmundur Lúther Loftsson aðstoðarrekstrarstjóri í síma 458 8390.

**SAMSKIP**
Kjalarvogi • 104 Reykjavík • Sími 458 8000 • Fax 458 8100 • samskip.is

HÓTEL REYKJAVÍK CENTRUM

Hótel Reykjavík Centrum er að leita að góðu starfsfólki í sal á eitt af skemmtilegasta veitinga og kaffihús landsins, þar sem metnaður og góður starfsandi er til staðar. Reynsla er ekki nauðsynleg, en nauðsynlegt er að vera brosmild(ur), og skapgóð(ur).

Meiri upplýsingar fást í síma 514-6000 eða á staðnum.

# BM Vallá ehf

óskar eftir að ráða starfsmenn á söludeild í Reykjavik

Um er að ræða bæði framtíðarstörf og sumarstörf.

Nánari upplýsingar gefur Gunnar Þór Ólafsson í gunnar@bmvalla.is

BM·VALLÁ

# Starfsfólk vantar í eftirfarandi stöðu:

– Thailenskur kokkur

**Upplýsingar í síma 896-3536.**

BANTHAI Laugavegi 130

na na thai

# Íspólska ráðningarþjónustan

## Útvegar starfsfólk frá Póllandi

Við höfum meðal annars, vana sjómenn, múrara, rafvirkja og fleiri.

Upplýsingar og góða þjónustu færðu hjá Ingibjörgu M. Þorvaldsdóttur og Adam Tomasz Piotrowski í símum 8947799 og 4721227 eða ispolska@visir.is

# VERKFRÆÐINGAR / TÆKNIFRÆÐINGAR



Vegna nýrra og krefjandi verkefna óskar Ístak eftir að ráða verkfræðinga eða tæknifræðinga til framtíðarstarfa.

Ístak er framsækið fyrirtæki sem fæst við fjölbreytt verkefni á sviði mannvirkjagerðar á Íslandi og erlendis.

Við leggjum áherslu á frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð. Æskilegt er að umsækjendur hafi einhverja starfsreynslu.

**Upplýsingar og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.**

ÍSTAK

## Þjónustufulltrúi

ÖBÍ

ÖBÍ óskar að ráða þjónustufulltrúa í fullt starf á skrifstofu ÖBÍ frá og með 15. maí nk.

ÖBÍ eru heildarsamtök fatlaðra á Íslandi og starfa sem sameiningarafl fyrir þau 30 félög sem aðild eiga að bandalaginu. Meðal markmiða ÖBÍ eru að tryggja jafnrétti til atvinnu, búsetu, félagslegrar þátttöku, heilbrigðisþjónustu, menntunar og sambærilegra kjara.

Starfsvið:
- móttaka viðskiptavina og símsvörun
- þjónusta við aðildarfélögin
- undirbúningur funda
- ýmiss skjalavinnsla

Menntun og hæfniskröfur:
- stúdentspróf eða önnur sambærileg menntun
- góð kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli
- góð tölvukunnátta
- þjónustulund
- skipulagshæfileika og lipurð í mannlegum samskiptum

**Umsóknarfrestur er til 24. apríl nk.**

Nánari upplýsingar veitir Hafdís Gísladóttir, framkvæmdastjóri sími 530 6700/896 3445

SKÓGARBÆR

**Skógarbær hjúkrunarheimili**
**Árskógum 2, 109 Reykjavík**

## Sumarafleysingastörf í boði fyrir áhugasama, trausta og samstarfsfúsa:

Hjúkrunarfræðinga – Sjúkraliða – Hjúkrunarnema
Umönnunar starfsmenn.

Hægt er að sækja um störfin á www.skogar.is eða á staðnum. Nánari upplýsingar gefur hjúkrunarforstjóri í síma 5102100.

# Markaðstengill

Í boði er starf markaðstengils í lausasölu hjá 365 prentmiðlum. Umsækjandi þarf að vera sjálfstæður, kraftmikill og skapandi einstaklingur.

Starfið er fjölbreytt og felur í sér umsjón með daglegri lausasölu prentmiðla 365, tengsl við sölustaði og framsetningu blaðanna í verslunum, sem og sköpun nýrra viðskiptatækifæra og nýjunga í lausasölu.

Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af sölustörfum, geti unnið sjálfstætt, sé ábyrgur og hafi hæfni í mannlegum samskiptum.

Skrifleg umsókn ásamt meðfylgjandi ferilskrá yfir menntun og starfsreynslu skal send á johanna@365.is fyrir 21. apríl 2006. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

## Leitum að forstöðuþroskaþjálfa /forstöðumanni í Kópavog

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Reykjanesi óskar eftir að ráða tímabundið forstöðuþroskaþjálfa/forstöðumann á heimili fólks með fötlun að Marbakkabraut í Kópavogi.

Leitað er eftir þroskaþjálfa sem hefur góða samstarfs- og skipulagshæfileika, jákvæðni og drifkraft. Einnig kemur til greina að ráða einstakling með menntun á sviði félagsvísinda. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum Þ.Í eða S.F.R. Umsóknarfrestur er til 23.04.2006.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 525-0900 á skrifstofutíma. Umsóknareyðublöð eru á skrifstofunni að Fjarðargötu 13-15 í Hafnarfirði og á heimasíðu Svæðisskrifstofu **www.smfr.is**

## Sjúkrahúsið Vogur
# Sjúkraliðar

**Vegna forfalla er laus staða sjúkraliða við Sjúkrahúsið Vog. Stórhöfða 45.**

Á Sjúkrahúsinu Vogi er starfrækt afeitrun og meðferð áfen vímefnasjúklinga. Góð vinnuaðstaða, gott umhverfi.

Frekar upplýsingar veitir Þóra Björnsdóttir hjúkrunarforstjó staðnum, sími 824 7615, netfang thora@saa.is

# VIÐSKIPTAFULLTRÚI

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu viðskiptafulltrúa lausa til umsóknar. Umsóknarfrestur er til 21. apríl 2006. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: http//iceland.usembassy.gov.





# SMIÐIR

## Byggingafélag Gylfa og Gunnars óskar eftir

mönnum vönum mótauppslætti.
Mikil mælingavinna framundan.

Nánari upplýsingar veitir Gunnar í síma 693-7310.

*Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.*

BYGG



JÁVERK

## STARFSFÓLK ÓSKAST

### Byggingastjóri / verkstjóri

Óskum eftir að ráða til framtíðarstarfa reyndan verkstjóra / byggingastjóra yfir framkvæmdum á vegum fyrirtækisins á höfuðborgarsvæðinu.

Helstu verkefni:

- Stjórnun starfsmanna og undirverktaka og skipulag á vinnustað.
- Samskipti við verkkaupa og undirverktaka.
- Eftirlit með verkáætlun.
- Innkaup í samráði við verkefnastjóra.

Góð laun í boði fyrir reynda og öfluga stjórnendur.

Allar nánari upplýsingar veita Gylfi í síma 860 1707 (gylfi@javerk.is) og Guðmundur í síma 860 1730 (gbg@javerk.is).

**JÁVERK ehf.** er 14 ára öflugt, metnaðarfullt og vaxandi verktakafyrirtæki. Starfsmenn eru um 80 í dag og verkefnastaða fyrirtækisins er traust næstu árin. Áætluð velta ársins 2006 er 2,6 milljarðar. Fyrirtækið er með starfsstöðvar og verkefni bæði á Suðurlandi og á höfuðborgar- svæðinu. Helstu verkefni fyrirtækisins framundan eru:

- Egilshöll bíó og keilusalir
- Hótel Borg – endurbætur
- Verksmiðjuhús fyrir Frónkex á Tunguhálsi
- Sjúkrahús á Selfossi viðbygging
- Sundlaug og íþróttahús á Borg í Grímsnesi
- Leikskóli við Erlurima á Selfossi

Auk þessara verkefna eru nokkur eigin verkefni á undirbúningsstigi.

Starfsmannastefna fyrirtækisins gerir ráð fyrir að aðbúnaður og starfsumhverfi sé með því besta sem þekkist. Starfsandi er góður og starfsmannafélagið er mjög virkt og stendur fyrir margskonar skemmtunum og ferðalögum.

Gagnheiði 28
IS-800 Selfoss
Iceland
Sími +354 480 1700
Fax +354 480 1701

HEILSUGÆSLAN

## Laus störf hjá Heilsugæslu höfuborgarsvæðisins

# Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar við Miðstöð heimahjúkrunar

Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar óskast til starfa við Miðstöð heimahjúkrunar sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Miðstöð heimahjúkrunar sinnir sólarhringsþjónustu, svo um er að ræða morgun-, kvöld- og næturvaktir. Samkomulag getur verið um vinnufyrirkomulag sem og starfshlutfall.
Einnig er verið að leita eftir hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum eingöngu til sumarafleysinga.

Starf hjúkrunarfræðings og sjúkraliða hjá Miðstöð heimahjúkrunar krefst sjálfstæðra vinnubragða og þarf umsækjandi að búa yfir góðri reynslu og hæfileikum til að geta unnið sjálfstætt. Bíll til afnota á vinnutíma.

Miðstöð heimahjúkrunar er til húsa að Álfabakka 16 í Reykjavík. Miðstöðin sér um dag-, kvöld-, helgar og næturþjónustu fyrir íbúa Reykjavíkur og Seltjarnarness sem þarfnast heimahjúkrunar.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

Þórdís Magnúsdóttir, forstöðumaður Miðstöðvar heimahjúkrunar, í síma 513-1300, netfang: thordis.magnusdottir@hhjuk.hr.is

Umsóknum skal fylgja náms- og starfsferilsskrá ásamt afriti af prófskírteinum og leyfisbréfum. Umsóknir sendist til starfsmannasviðs Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Barónsstíg 47, 101 Reykjavík, fyrir 23. apríl n.k.

Reykjavík, 9. apríl 2006.

**Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Starfsmannasvið**
**Barónsstíg 47, 101 Reykjavík**
**www.heilsugaeslan.is**

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

## Fjölskyldudeild

### Framkvæmdastjóri barnaverndarnefndar.

Fjölskyldudeild Akureyrabæjar óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra barnaverndarnefndar. Um nýtt starf er að ræða. Starfssvið framkvæmdastjóra er eftirfarandi:

- Stjórnar og ber ábyrgð á vinnslu barnaverndarmála á Fjölskyldu deild og er yfirmaður sérhæfðs starfsliðs barnaverndar.
- Vinnur fyrir barnaverndarnefnd Eyjafjarðar og ber ábyrgð gagnvart henni á því að framkvæma þær ákvarðanir sem nefndin tekur.
- Ber ábyrgð á starfs- og fjárhagsáætlanagerð að því er viðkemur barnavernd, í samvinnu við deildarstjóra Fjölskyldudeildar.
- Sér um ársskýrslugerð fyrir barnavernd og vinnur að ýmsum for varnar og þróunarverkefnum.
- Tekur auk stjórnunar þátt í vinnslu barnaverndarmála.

Umsækjandi þarf að hafa háskólapróf í félagsráðgjöf eða sálfræði og viðeigandi starfsleyfi á Íslandi. Önnur menntun getur komið til greina svo sem embættispróf í lögfræði. Starfið krefst góðrar hæfni til stjórnunar og innleiðslu nýrra vinnubragða. Það krefst mikils sveigjanleika og góðrar hæfni í mannlegum samskiptum.
Reynsla af stjórnun er æskileg og reynsla af vinnu í barnaverndarmálum er skilyrði.

### Sálfræðingur.

Fjölskyldudeild óskar eftir að ráða sálfræðing til starfa. Um er að ræða starf á sviði einstaklingsþjónustu við leik- og grunnskóla. Á verksviði sálfræðings við sérfræðiþjónustu skóla á Fjölskyldudeild eru greiningar einstakra nemenda ásamt ráðgjöf/meðferð.
Gerð er krafa um að viðkomandi hafi réttindi til að starfa sem sálfræðingur á Íslandi. Auk þess er gerð krafa um haldgóða þekkingu og reynslu á greiningu, ráðgjöf og meðferð barna. Reynsla af starfi skólasálfræðings er nauðsynleg. Æskilegur ráðningartími er frá 1. ágúst 2006.
Launakjör vegna starfs sálfræðings eru samkvæmt kjarasamningi Sálfræðingafélags Íslands og Launanefndar sveitarfélaga.

### Félagsráðgjafi.

Laus er staða félagsráðgjafa í félagsþjónustu. Um er að ræða afleysingu í eitt ár frá 1. maí 2006. Starfið felst í þjónustu skv. Lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Um er að ræða annars vegar félagslega ráðgjöf og hins vegar vinnu við fjárhagsaðstoð, þ.e. móttöku og vinnslu fjárhagserinda. Leitað er eftir félagsráðgjafa en til greina kemur að ráða starfsmann með annarskonar háskólapróf. Reynsla af félagsþjónustu eða þjónustu skv. Lögum um máefni fatlaðra nr. 59/1992 er æskileg.
Launakjör vegna starfs félagsráðgjafa eru samkvæmt kjarasamningi SÍF og Launanefndar sveitarfélaga.

Akureyrarbær hefur sameinað hefðbundna félagsþjónustu, barnavernd, þjónustu við fatlaða og þjónustu við leik og grunnskóla í einni deild. Unnið er markvisst þróunarstarf og þátttaka í þverfaglegu starfi er mikilvæg. Tekið verður tillit til samþykktar bæjarstjórnar Akureyrarbæjar um jafnréttismál við ráðningu í störfin.

Upplýsingar um störfin veita Karl Guðmundsson, sviðsstjóri félagssviðs í síma 460 1488 og netfang: karlg@akureyri.is og Guðrún Sigurðardóttir, deildarstjóri fjölskyldudeildar í síma 460 1420 og netfang: gudruns@akureyri.is

Umsóknareyðublöð fást í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar, Geislagötu 9 og á heimasíðu Akureyrarbæjar **www.akureyri.is,**

**umsóknarfrestur er til 20. apríl 2005.**

Akureyrarbær • Geislagötu 9 • 600 Akureyri
Sími 460 1000 • Fax 460 1001 • www.akureyri.is



Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports
Reykjavík Grundartangi Akranes Borgarnes

## FLOKKSTJÓRI, SUMARVINNA

**Faxaflóahafnir sf óska að ráða til starfa flokkstjóra sumarvinnuflokks.**

Starfið felst í umsjón með sumarvinnuflokknum sem vinnur að hirðingu opinna svæða auk minni viðhalds- og þjónustuverkefna á vegum hafnanna. Um tímabundið starf er að ræða. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af garðyrkjustörfum. Vinnuflokkurinn mun hafa starfsstöð í Bækistöð Faxaflóahafna að Fiskislóð 12 í Reykjavík. Allar nánari upplýsingar um starfið gefur Jón Guðmundsson í síma 5258951.



## ÖLDUTÚNSSKÓLI HAFNARFIRÐI
### KENNARAR OG SKÓLALIÐAR
### SKÓLAÁRIÐ 2006-2007

Starfsfólk óskast við Öldutúnsskóla í Hafnarfirði næsta skólaár. Í skólanum eru 610 áhugasamir og góðir nemendur í 1. til og með 10. bekk og frábært starfsfólk. Mat á skólastarfinu í vetur hefur m.a. staðfest góðan vinnuanda starfsfólks og ótvírætt traust foreldra á starfi skólans. Síðastliðin tvö skólaár hefur verið unnið að þróunarverkefni Dans Olweusar gegn einelti og andfélagslegri hegðun. Ennfremur fá kennarar góðan stuðning og handleiðslu við að þróa kennsluhætti sína, en símenntunaráætlun skólans miðar meðal annars að því. Lögð er mikil áhersla á foreldrasamstarf og við skólann starfar öflugt og áhugasamt foreldrafélag og foreldraráð sem styður við starfið með ráðum og dáð.
Veffang skólans er www.oldutunsskoli.is

**Leitað er að starfsfólki í eftirtalin störf :**
Skólaliða.
Matráð í mötuneyti starfsmanna.
Smíðakennara, umsjónarkennara á miðstigi, dönsku- og íslenskukennara í unglingadeild.
Íþróttakennara til að kenna stúlkum á unglingastigi, hlutastarf.
Deildarstjóra, kennara og þroskaþjálfa við sér deild sem starfrækt er í skólanum fyrir nemendur í 8. til 10. bekk.

Upplýsingar um störfin gefa Erla Guðjónsdóttir, skólastjóri, s. 664 5896, María Pálmadóttir, aðstoðarskólastjóri, s. 664 5898 og Guðmundur Ingi Jónsson, aðstoðarskólastjóri, s.664 5899.
**Umsóknarfrestur er til 25. apríl næstkomandi.**
Umsóknir, með upplýsingum um menntun, fyrri störf og meðmælendur, skal senda á netfangið herla@oldutunsskoli.is eða með pósti í Öldutúnsskóla v/Öldutún, 220 Hafnarfjörður.

**Fræðslustjórinn í Hafnarfirði**

HAFNARFJÖRÐUR
VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**



## Bílamálun og réttingar

Óskum eftir að ráða réttingarmann á nýtt bílasprautu verkstæði í Súðavík. Húsnæði til staðar.

Súðavík stendur við vestanverðan Álftafjörð við Ísafjarðardjúp. 15 mín akstur er til Ísafjarðar. Frír leikskóli er í sveitarfélaginu.

**Uppl. gefur Jónas Skúlason í síma 456-5950 865-7343. Minney ehf. Bílamálun.**



Vélsmiðja ORMS OG VÍGLUNDAR

## JÁRNIÐNAÐARMENN

ÓSKUM AÐ RÁÐA NÚ ÞEGAR VANA JÁRNIÐANAÐARMENN MEÐ EFTIRFARANDI RÉTTINDI. VIÐ ERUM AÐ LEITA AÐ MÖNNUM SEM GETA UNNIÐ SJÁLSTÆTT, SEM OG Í STÆRRI HÓPUM.

**PLÖTUSMIÐI**
**STÁLSKIPASMIÐI**
**VÉLVIRKJA**
**RAFSUÐUMENN**

**ÓSKUM EINNIG EFTIR AÐ RÁÐA AÐSTOÐARMENN MEÐ ÁHUGA Á AÐ KOMAST Á SAMNING**

**UMSÓKNAREYÐUBLÖÐ LIGGJA FRAMMI Á SKRIFSTOFU KAPLAHRAUNI 17, UPPLÝSINGAR EINNIG VEITTAR Í SÍMA 660 96 60 EIRÍKUR OG 660 96 70 GUÐMUNDUR Á MILLI KLUKKAN 9 OG 17 VIRKA DAGA.**

VÉLSMIÐJA ORMS OG VÍGLUNDAR VAR STOFNUÐ ÁRIÐ 1973, HÚN HEFUR SÉRHÆFT SIG Í NÝSMÍÐI Á TÆKJUM OG VÉLBÚNAÐI FYRIR IÐNAÐ OG VIRKJANIR. FYRIRTÆKIÐ ER EINNIG Í VIÐHALDI OG ÞJÓNUSTU Á SKIPUM OG BÁTUM ÞAR SEM LÖGÐ ER RÍK ÁHERSLA Á VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ. GRUNN EININGAR ÞESS ERU PLÖTUVERKSTÆÐI, RENNIVERKSTÆÐI, TRÉSMÍÐAVERKSTÆÐI, SLIPPUR OG FLOTKVÍAR.




Björg Helgadóttir landfræðingur vinnur hjá Landupplýsingadeild Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Mælir hraðann í borginni

***Björg Helgadóttir er landfræðingur og vinnur hjá Landupplýsingadeild Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar. Hún segir að starfið sé mjög fjölbreytt og skemmtilegt.***

Hjá Reykjavíkurborg þarf Björg að fást við ýmis ólík verkefni. „Mitt starf felst mikið í umferðartalningum og hraðamælingum auk þess sem ég starfa við. Hún er alltaf á haustin og er samevrópskt verkefni sem á að stuðla að því að fólk noti einkabílana á skynsamlegan hátt,“ segir hún.

Björg lauk BS-prófi í landafræði frá Háskóla Íslands árið 1999. Eftir að hún kláraði námið fór hún fyrst að vinna hjá Flugleiðum og síðan hjá Reykjavíkurborg en lokaritgerðin hennar, sem fjallaði um skipulagsmál og umferð, varð til þess að hún fékk vinnu hjá Landupplýsingadeild. „Nú í vikunni eru sex ár síðan ég byrjaði að vinna hjá Reykjavíkurborg,“ segir hún.

Björg segir að umferðartalningarnar séu mikilvægar fyrir skipulagsvinnu í borginni. „umferðartalningar eru notaðar til þess að meta hvort breyta þarf einhverjum gatnamótum eða endurskipuleggja eitthvað í tengslum við umferðina, endurstilla umferðarljós og þess háttar.“ Hún segir að hraðamælingar séu margs konar. „Ég vinn mikið í þrjátíu kílómetra hverfunum og í nágrenni við skóla. Ég mæli hraðann þar, bæði fyrir og eftir að er búið að setja upp þrjátíu kílómetra skilti. Ef hámarkshraðinn er ekki virtur þarf að gera eitthvað í því. Það má oft kenna mér um ef búið er að setja upp hraðahindrun eða þrengingu einhvers staðar,“ segir Björg og hlær.

Björg segir að starfið sé mjög fjölbreytt og skemmtilegt. „Ég er ýmist fyrir framan tölvuna að vinna úr gögnum eða úti á vettvangi með verkfærakassann og naglabyssuna að setja upp tæki.“ *emilia@frettabladid.is*



Oftar er brotið á réttindum ungs fólks en því eldra.

# Réttur ungs fólks

***VR hvetur ungt fólk til að láta vita ef það telur að verið sé að brjóta á réttindum þess í vinnunni.***

Tuttugu til þrjátíu mál berast VR árlega frá ungu fólki á vinnumarkaði. Er þá oftast um að ræða brot á lágmarksréttindum eins og hvíldartíma, veikindarétti, uppsagnarfresti eða lágmarkslaunum. Í flestum tilvikum leysast málin fljótt og auðveldlega, enda er oftast þekkingarleysi yfirmanna um að kenna eða misskilningi milli aðila. Aftur á móti er oftar brotið á ungu fólki en þeim sem eldri eru.

Þriðjungur félagsmanna VR er yngri en 25 ára og stóðu þeir fyrir auglýsingaherferð árið 2003 sem vakti sterk viðbrögð. Nú hvetur félagið ungt fólk til þess að láta vita ef það telur að verið sé að brjóta á réttindum þess og auk þess að kynna sér réttindi sín vel. Það er til dæmis hægt á heimasíðu VR, www.vr.is

# KÓPAVOGSBÆR

## DIGRANESSKÓLI
## starf skólastjóra

• **Starf skólastjóra við Digranesskóla er laust til umsóknar.**

**Digranesskóli** er rótgróinn grunnskóli með rúmlega 400 nemendur. Skólinn er þekktur fyrir stöðugleika í skólastarfi og hefur yfir að ráða reyndu starfsliði. Hann hefur vakið athygli fyrir góðan árangur í hönnunarverkefnum og hinni vikulegu stærðfræðiþraut Morgunblaðsins og skólans. Þróunarstarf í tengslum við einelti hefur verið unnið undanfarin 2 ár. Skólinn hefur hafið samstarf við 4 skóla í Evrópu um Comeníusarverkefni og styrksumsókn liggur fyrir.

Við leitum að einstaklingi sem er reiðubúinn að ganga inn í vel skipulagðan hóp reyndra kennara og halda áfram þróun þess vandaða starfs sem nú þegar er unnið í skólanum.

**Við leitum að framsæknum einstaklingi með starfsreynslu, þekkingu og hæfni til að leiða öflugt skólastarf í rótgrónum grunnskóla.**

- Hefur lokið viðurkenndu framhaldsnámi (a.m.k. 30 einingum) í stjórnun, rekstri eða uppeldis- og kennslufræði
- Hefur leiðtogahæfileika og hæfni í mannlegum samskiptum og samstarfi við foreldra og kennara
- Hefur a.m.k. 5 ára reynslu sem stjórnandi.

Mat umsækjenda verður byggt á skriflegum gögnum í umsókn, viðtölum við umsækjendur og ítarlegum viðtölum við umsagnaraðila, fyrrum yfirmenn og samstarfsmenn.

Í Kópavogi eru starfræktir 9 grunnskólar með nærri 4000 nemendur. Áhersla er lögð á rekstrarlegt sjálfstæði hvers þeirra um sig ásamt faglegum áherslum. Þetta gerir það að verkum að skólastarf innan bæjarmarka er bæði fjölbreytt og lifandi og í stöðugri þróun. Sjálfstæði grunnskólanna hefur skilað góðum árangri í námi og öðru skólastarfi.

Umsóknarfrestur um stöðuna rennur út þriðjudaginn 25. apríl. Umsóknir sendist til Árna Þórs Hilmarssonar, fræðslustjóra, Fannborg 2, 200 Kópavogi. Upplýsingar um starfið veitir fræðslustjóri og skólastjóri Digranesskóla.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og LSF.



Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um stöðuna.

***www.kopavogur.is - www.job.is***

---

# Matreiðslumaður

óskar eftir starfi. Með mikla reynslu, stundvís og reglusamur. Margt kemur til greina. Upplýsingar á himinn@gmail.com

---

# Pípulagnir

Streymir ehf. óskar eftir að ráða vana pípulagningamenn í vinnu. Þurfa að geta unnið sjálfstætt.

**Upplýsingar gefur Magnús í síma: 892-9260.**

---

ASKJA

# Vörustjóri í ÖSKJU




Bílaumboðið ASKJA leitar að vörustjóra í söludeild fólksbíla. ASKJA er ungt og kröftugt félag í miklum vexti og því er um afar spennandi tækifæri að ræða. Hlutverk vörustjóra er að leiða söludeild fólksbíla í örum vexti og tryggja stöðu Mercedes-Benz enn frekar á bílamarkaði á Íslandi.

### Ábyrgð og verkefni:

– Ber ábyrgð á sölu og innkaupum á fólksbílum
– Samskipti við birgja, umboðsmenn og viðskiptavini
– Útlit og uppstilling á vörum í sýningarsal
– Gerð sölu- og markaðsáætlana og eftirfylgni þeirra

### Hæfniskröfur:

– Þekking og reynsla úr sölustarfi
- Þekking á fólksbílum frá Mercedes-Benz
- Þekking á fjármögnun fólksbíla
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð enskukunnátta í ræðu og riti
- Góð tölvukunnátta

Vinsamlegast sendið umsókn og ferilskrá fyrir 21. apríl 2006, til Valdísar Arnórsdóttur starfsmannastjóra, á netfangið va@askja.is eða í gegnum heimasíðu okkar, www.askja.is.

Mercedes-Benz

ASKJA er eina viðurkennda sölu- og þjónustuumboð Mercedes-Benz á Íslandi. ASKJA tók við umboði fyrir DaimlerChrysler AG, framleiðanda Mercedes-Benz bifreiða á Íslandi, 1. mars 2005 og hefur staðist að fullu gæðastaðla Mercedes-Benz. ASKJA leggur mikla áherslu á framúrskarandi þjónustu við viðskiptavini sína og gott vinnuumhverfi fyrir starfsfólk. ASKJA er meðal Fyrirmyndarfyrirtækja VR árið 2005.

---

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

---

# Við þurfum her !

Umsækjendur þurfa að vera 20 ára og hafa gilt bílpróf, einnig væri kostur að þeir hefðu eigin bíl til umráða. Áhugi og/eða þekking á tæknimálum er ótvíræður kostur. Bæði er í boði aðalstarf og aukavinna sem hentar vel t.d. með námi.

Nánari upplýsingar veitir Lára Guðrún Gunnarsdóttir í síma 515 6158 frá klukkan 09-17 á virkum dögum. Umsóknir skulu sendar á netfangið: lara.gudrun.gunnarsdottir@365.is

Okkur vantar þjónustulipra, samviskusama, harðduglega og metnaðargjarna einstaklinga í vaxandi "þjónustuher" Digital Ísland.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

# Hjúkrunarfræðingur

**óskast til starfa í sumarafleysingar**

Starfið felst í stjórnun og framkvæmd hjúkrunarþjónustu á heilsugæslustöðinni í Búðardal, sem rekur einnig heilsugæslustöðina á Reykhólum. Í starfinu felst einnig tímabundin forstaða hjúkrunarheimilisins á Reykhólum.

Nánari upplýsingar veitir Ásgerður Jónsdóttir, hjúkrunarforstjóri í síma 434 1113 og netfangi **asgerdur@hgbudardal.is** og Þuríður Stefánsdóttir, hjúkrunarforstjóri, í síma 895 2177.

# BM Vallá ehf

óskar eftir starfsmönnum í eftirtalin störf í húseiningadeild Garðabæ

Lagermenn með lyftararéttindi
Verkamenn í húseiningadeild

Góð laun í boði fyrir góða menn, mikil vinna.

Nánari upplýsingar gefur Kjartan Antonsson verkstjóri í síma 860 5020 eða *kjartan@bmvalla.is*

BM-VALLÁ



# Söluráðgjafi byggingavörur

MEST óskar eftir að ráða dugmikinn og drífandi einstakling í starf söluráðgjafa í byggingavörum á höfuðborgarsvæðinu. Vinnutíminn er frá 8 -18. Kostur ef umsækjandi er með iðnmenntun og/eða reynslu af byggingarmarkaði.

Umsóknir ásamt ferillýsingu sendist fyrir fimmtudaginn 13. apríl 2006 á skrifstofu MEST að Malarhöfða 10, 110 Reykjavík eða tölvupósti á netfangið: hrafnhildurh@mest.is. Fyrirspurnum svarar Hrafnhildur Harðardóttir í síma 4 400 400.

MEST er eitt öflugasta fyrirtæki landsins á byggingamarkaði. Nafnið endurspeglar styrk þess og djarfa framtíðarsýn. MEST er framsækið framleiðslu- og þjónustufyrirtæki sem hefur það markmið að bjóða viðskiptavinum sínum verðmætar heildarlausnir. Traust og persónuleg þjónusta eru aðalsmerki MEST þar sem áhersla er lögð á einföld og þægileg samskipti. Hjá MEST starfa 160 manns á 5 starfsstöðum. Við hjá MEST leggjum áherslu á krefjandi og skemmtilegt starfsumhverfi

mest – allt til bygginga

Reykjavíkurborg - Einn vinnustaður



## MENNTASVIÐ

### LEIKSKÓLAR

**Skógarborg við Efstaland**

Leikskólinn Skógarborg mun flytja í nýtt húsnæði við Efstaland á bakvið Grímsbæ í maílok. Leikskólinn verður þriggja deilda með 55 börnum samtímis. Í leikskólanum Skógarborg er barnið í brennidepli, lögð er áhersla á tilfinningalega styðjandi umhverfi, skapandi starf, lesþroska, ritmál og stærðfræðilega hugsun barnanna.

Eftirfarandi stöður eru lausar til umsóknar:

- **Leikskólakennarar**
- **Yfimaður í eldhúsi**

Umsóknarfrestur er til 18. apríl n.k. Ráðið verður í störfin frá 15. maí n.k. Upplýsingar veita Sigrún Ingþórsdóttir og Olga Guðmundsdóttir, leikskólastjórar í síma 553-1805.

### GRUNNSKÓLAR

**Grunnskólakennari**

**Ingunnarskóli, sími 411-7828**

- Forfallakennari á yngsta stig óskast til vors.

Nánari upplýsingar um þessi störf og önnur störf í leik- og grunnskólum Reykjavíkur eru einnig veittar hjá Starfsmannaþjónustu Menntasviðs í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á heimasíðunni www.menntasvid.is.

**Öll laus störf á Menntasviði í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar eru að finna á heimasíðunni www.menntasvid.is**

10716

***Klébergsskóli Kjalarnesi, 1. áfangi – gerð skólalóðar.***
Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000, **frá kl. 13:00** þriðjudaginn 11. apríl 2006, í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 3. maí 2006, kl. 10:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
10733

***Hlíðaskóli 1. áfangi endurgerð skólalóðar.***
Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000, **frá kl. 13:00**, þriðjudaginn 11. apríl 2006, í upplýsingarþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 3. maí kl. 10:30, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
10734

***ÍR – Gervigrasvöllur, 2. áfangi. Jarðvinna, snjóbræðsla, girðing, tæknihús ofl.***
Útboðsgögn eru seld á kr. 3.000, í upplýsingarþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 26. apríl 2006 kl. 10:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
10708

Nánari upplýsingar er að finna á **www.reykjavik.is/utbod**

Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið
Innkaupa- og rekstrarskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

SORPA

## F.h. SORPU b.s er óskað eftir tilboðum í tætara fyrir óflokkað sorp

Tætarinn skal afkasta að minnsta kosti 30 tonnum af sorpi á klukkustund miðað við sorp sem er erfitt að tæta, svo sem teppi, dýnur, timbur, stórar pappírsrúllur, plastkör og þesshátttar. Útboðsgögn á ensku fást á Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns (VGK) Laugavegi 178, frá og með þriðjudeginum 11.apríl 2006. **Tilboðum skal skilað til VGK eigi síðar en 16. maí 2006 kl. 16:00.**




FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

## ATVINNA ÓSKAST

**Matreiðslumaður**
óskar eftir starfi. Með mikla reynslu, stundvís og reglusamur. Margt kemur til greina.
Upplýsingar á himinn@gmail.com

## TIL LEIGU

**Kringlan – skrifstofuhæð**
– Einstakt tækifæri –
Til leigu stórglæsileg 285 m² skrifstofuhæð (sjöunda) í stóra turni Kringlunnar.
Möguleiki á að skipta hæðinni í tvær einingar. Laus strax.
**Upplýsingar í síma 588 7050.**

allt
ný vöru- & þjónustuskrá á visir.is
vísir
ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

**Hveragerðisbær**
**Sunnumörk 2**
**810 Hveragerði**
**Bréfasími: 483 4801**
**Netfang: hve@hveragerdi.is**

**HVERAGERÐISBÆR ÚTBOÐ**

## ÍÞRÓTTAHÚS HVERAGERÐI

### Viðhald utanhúss

Hveragerðisbær óskar eftir tilboðum í viðgerðir, viðhald, háþrýstiþvott og málun veggja íþróttahúss í Hveragerði, utanhúss.

| | |
|---|---|
| Upphaf verks: | 1. júní 2006 |
| Verklok: | 15. ágúst 2006 |
| Flatarmál útveggja er um | 1.100 m² |

Útboðsgögn eru afhent frá og með mánudeginum 10. apríl, e.h., á skrifstofu Hveragerðisbæjar að Sunnumörk 2, gegn 2.000.- kr. greiðslu. Tilboð verða opnuð á sama stað, þriðjudaginn 25. apríl 2006, kl 11:00.

**Bæjarstjórinn í Hveragerði**

# ÚTBOÐ

## GERVIGRASYFIRBORÐ

**Kópavogsbær óskar eftir tilboðum í gervigras á núverandi malarvöll HK við Fagralund í Kópavogi.**

Um er að ræða að útvega allt efni sem til þarf, samkvæmt útboðsgögnum og leggja það út, tilbúið til notkunnar.

Heildarstærð vallar er 7.700 $m^2$.

Verktími er 4. júlí til 15. ágúst 2006.

Útboðsgögn verða seld á kr. 5000- á Tæknideild Kópavogs, Fannborg 2, lll hæð, frá og með þriðjudeginum 11. apríl 2006.

Tilboðum skal skila á sama stað eigi síðar en þriðjudaginn 25. apríl 2006 fyrir kl. 11:00 og verða þau þá opnuð í viðurvist þeirra bjóðenda er þar mæta.

**Framkvæmdadeild Kópavogs.**

# ÚTBOÐ

## F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar:

***Ruslastampar í miðbæ Reykjavíkur.***

Um er að ræða kaup á 100 ruslastömpum til notkunar í miðbæ Reykjavíkur.

Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000 í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, frá og með 3. apríl 2006.

**Um er að ræða 2ja umslaga kerfi:**

Móttaka tæknilegra upplýsinga og verðtilboða er kl. 10:00, þann 18. apríl 2006 hjá upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.

Opnun verðtilboða og tilkynning á einkunnagjöf, er kl. 10:00 þann 25. apríl 2006, í Ráðhúsi Reykjavíkur 10721

Nánari upplýsingar er að finna á **www.reykjavik.is/utbod**

Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið
Innkaupa- og rekstrarskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# ÚTBOÐ

## F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar:

***Fellaskóli, utanhússklæðning og þakviðgerðir.***

Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000, í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, **frá kl. 12:00**, þann 4. apríl 2006. Opnun tilboða: 19. apríl 2006 kl 10:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur. 10722

***Skrifstofa gatna- og eignaumsýslu:***
***Vinnu og hlífðarfatnaður.***

Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000, í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur. Opnun tilboða: 26. apríl 2006 kl 14:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur. 10726

Nánari upplýsingar er að finna á **www.reykjavik.is/utbod**

Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið
Innkaupa- og rekstrarskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

---

# 101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

## Opið hús í dag milli kl: 14-16.
## Reynimelur 24 107 Reykjavík.



Frum

**89,9 fm 3 herb. íbúð í kjallara með sérinngangi.** Eignin skiptist í: Forstofu með flísum, hol með parketi á gólfi. Rúmgott eldhús með eldri innréttingu. Baðherbergi með baðkari. Rúmgóð stofa og borðstofa með parketi á gólfi, möguleiki á að breyta stofu í herbergi Herbergi með skápum. Geymsla innan íbúðar. Sameiginlegt þvottahús og hitakompa. **V-18,9millj.** (4012)

***Áki tekur vel á móti ykkur í dag milli kl.: 14-16.***

*Sigtryggur Jónsson Löggildur fasteignasali.*

---

# SAGA FASTEIGNIR

## OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 14-15
## DÚFNAHÓLAR 4 BJALLA 6E



Stórkostlegt útsýni yfir borgina úr þessari 5. herb. íbúð. Góður 27 fm endabílskúr fylgir. Samtals 144 fm. Húsið er klætt að utan og þarfnast því lítils viðhalds. Þessar koma sjaldan í sölu. Sjón er sögu ríkari.
**Ásett verð 24,6 m.**
Sveinbjörn Freyr tekur á móti gestum.



Sveinbjörn Freyr
Sölumaður fasteigna
GSM : 895-7888
VSími : 414-8899

Saga Fasteignir ehf. - Sími 414 8800 - www.sagafasteignir.is

---

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

## HÁALEITISBRAUT 34
### GÓÐ 4RA HERB. ÍBÚÐ
## OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 14-16





**Mjög falleg, vel skipulögð og mikið endurnýjuð 105 fm 4ra herb. íbúð á 4. hæð, íbúð 0401, í nýlega viðgerðu og góðu fjöleignarhúsi. Íbúðin skiptist í rúmgóða stofu með flísalögðum svölum til suðurs og útsýni, eldhús með upprunalegum endurbættum innréttingum, 3 svefnherbergi og baðherb. með glugga sem er flísalagt í hólf og gólf og með þvottaaðstöðu.Hús nýlega málað og viðgert að utan og sameign til fyrirmyndar. Stutt í skóla og alla þjónustu. Verð 21,9 millj.**

**Íbúðin verður til sýnis í dag, sunnudag, frá kl. 14-16**
**Verið velkomin.**

---

# fasteignasalan GARÐUR

S. 562 1200 F. 562 1251
Skipholti 5

Kári Fanndal Guðbrandsson, Sigrún Sigurpálsdóttir, lögg. fasteignasali.

**TRAUST ÞJÓNUSTA Í ÁRATUGI**

## FANNAFOLD 221
## OPIÐ HÚS Í DAG KL. 15 - 17



Frum

Glæsilegt einbýlishús, 192,7 fm. með bílskúr. Húsið skiptist í rúmg. stofur, 3 - 4 sv.herb., gott sjónv.hol, eldh. með glæsilegri Alno innrétt. og mjög vönduðum tækjum, baðh., gestasnyrting, þv.herb. og forst. Mjög fallegur garður. Gott útsýni. Vandað, fallegt, þægilegt og vel staðsett hús. **Velkomin!**
***Upplýsingar veitir Kári Fanndal, s. 862 3311***

---

# Opin hús í dag sunnudag



## Garðhús 3 – íbúð 0302 – vönduð eign ásamt bílskúr.

**Opið hús í dag sunnud. frá kl. 16-18**

Valhöll fasteignasalir kynnir í einkasölu glæsilega 108 fm íbúð á 3. hæð (efstu hæð) ásamt 28 fm bílskúr í fallegu 5 íbúða húsi. Glæsilegar kirsuberjainnréttingar. Massift parket á gólfum. Suðursvalir. Frábær staðsetning í grónu hverfi í Grafarvogi. Glæsilegt útsýni. Laus í júní 2006. V. 26,8 m.
***Opið hús verður í dag sunnudag hjá Friðrik og Öldu frá kl. 16-18.***



Frum

## Sæviðarsund 7
## 1. hæð m.aukaherb.

**Opið hús í dag sunnudag frá kl. 14-16**

Glæsileg þriggja herbergja íbúð á 1. hæð í fallegu fjórbýlishúsi ásamt 15 fm aukaherbergi í kjallara sem hægt er að leigja út. Nýlegt parket, nýjar innihurðir. Vandað eldhús og bað. Eign í sérflokki. V. 22,5 m. Opið hús í dag sunnudag frá kl. 14-16. Guðmundur og Ingibjörg taka á móti áhugasömum.



## Básbryggja 7 - íb. 0202 glæsileg íbúð
## Opið hús frá kl. 14- 16 í dag sunnudag.

Um er að ræða mjög góða 105,3 fm 4ra herbergja íbúð á 2 hæð. Íbúð er mjög vel skipulögð og vel staðsett með suður svölum, vönduðum innréttingum. Parket og flísar á öllum gólfum. V. 26,5 m. Kristín og Örvar taka á móti gestum á milli 14 og 16 í dag.

VALHÖLL FASTEIGNASALA
Síðumúla 27
Sími 588 4477
*Ingólfur Gissurarson lögg.fasteignasali.*

---

# HÚSIÐ FASTEIGNASALA

Salómon Jónsson - Lögg. fast.sali

Suðurlandsbraut 50
(Bláu húsin við Faxafen)
**Sími: 513-4300**

## Opið hús í dag frá kl: 16–18

**Langahlíð 7 - 105 Reykjavík,**
**íbúð 301 – Áslaug og Arnar á bjöllu**



Frum

Rúmgóð og skemmtileg 6 herb. 124 fm endaíbúð þar sem báðar hæðirnar eru rishæðir og nýtist íbúðin því miklu mun betur en fermetratalan segir til um. Íbúðin er á tveimur efstu hæðunum í svipmiklu, fallegu og endursteinuðu 4ra hæða og 4ra íbúða húsi þar sem er ein íbúð á hverri hæð á frábærum stað í hlíðunum þar sem hæfilega stutt og hæfilega langt er í miðbæinn, Kringluna, leikskóla, barnaskóla, menntaskóla og háskólana. Glæsilegur, bjartur og breiður stigapallur. Laus fljótlega. Verð 29 m. **Áslaug og Arnar taka vel á móti ykkur.**


OPIÐ HÚS Í DAG
sunnudaginn 9. apríl frá kl. 14 - 16
FASTEIGNAFÉLAGIÐ Hlíð
Fallegar íbúðir á draumastað
Þórðarsveigur 17 - 21
26 íbúða fjölbýlishús við Þórðarsveig í Grafarholti ásamt bílageymsluhúsi.
Húsið sem er vinkillaga, er að hluta til 3ja hæða og 5 hæða. Stærð íbúða er frá 50.5 fm - 128 fm. Íbúðirnar eru allar búnar vönduðum innréttingum. Flestum íbúðum fylgja stæði í bílageymslu. Auk þess verða 29 bílastæði utandyra.
Dæmi um íbúðir
Íbúð: 101
Stærð: 83 m2
Herbergi: 2
Íbúð: 105
Stærð: 91.7 m2
Herbergi: 3
Íbúð: 402
Stærð: 51 m2
Herbergi: 2
Allar nánari upplýsingar veitir fasteignasalan Húsið.
HÚSIÐ FASTEIGNASALA
Húsið fasteignasala
Bláu húsin v/Faxafen
Sími: 513 4300
HÚSIÐ FASTEIGNASALA
Húsið fasteignasala
Smáralind
Sími: 564 6655

# Fasteignasala Mosfellsbæjar

**Sími: 586 8080**
**Fax: 586 8081**
**www.fastmos.is**

Félag Fasteignasala



**Einar Páll Kjærnested**
*Löggiltur fasteignasali*



## OPIÐ HÚS – Þverholt 9, íbúð 0301

114,3 m2, 3ja herb. íbúð á 3ja hæð í góðu fjölbýli. Þetta er stór og björt íbúð, 2 góð svefnherb., fataherb. inn af hjónah., baðherb. með kari og sturtuklefa, sérþvottahúsi, rúmgóð stofa og eldhús með góðum borðkrók. Mögulegt væri að stúka af 3ja svefnherbergið. Suðursvalir og stutt í alla þjónustu. Íbúðin getur verið laus til afhendingar strax. **Verð kr. 21,3 m.**

***Þorsteinn sími 892-1956, tekur á móti gestum í dag á milli kl. 13:00 og 14:00. Allir velkomnir.***



### Svöluhöfði – 191,8 m2 glæsil. parhús

Mjög glæsilegt parhús innst í botnlanga í nýju hverfi í Mosfellsbæ. Húsið er einangrað og klætt að utan með álklæðningu, sérsmíðaðar kirsuberja innréttingar og innihurði frá Trésm. Ölfu og parket og flísar á gólfum. 4 svefnherbergi, baðherbergi m/hornbaðkari og stórum sturtuklefa. Rúmgóður bílskúr og hellulagt bílaplan m/snjóbræðslu.
**Verð kr. 47,8 m.**



### Klapparhlíð – 4ra herb.

**NÝTT Á SKRÁ** Vorum að fá fallega 97 m2, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í nýlegu fjölbýlishúsi á vestursvæði Mosfellsbæjar. 3 góð svefnherbergi, eldhús með fallegri mahony innréttingu, björt stofa, baðherbergi m/sturtu og sér þvottahús. Eikarparket og flísar á gólfum og mahony innréttingar og innihurðir. Þetta er
**Verð kr. 23,5 m.**



### Skeljatangi – 4ra herb.

Erum með fallega 94,2 m2, 4ra herbergja íbúð í litlu fjórbýlishúsi í einu vinsælasta hverfi Mosfellsbæjar. Þrjú góð svefnherbergi, lokað eldhús, góð stofa, baðherbergi og geymsla. Sameiginleg lóð til fyrirmyndar og gönguleið að húsi hellulögð með snjóbræðslu. Lágafellsskóli og leikskólinn Hulduberg er rétt hjá og því tilvalin eign fyrir barnafjölskyldu.
**Verð kr. 21,8 m.**



### Hjallahlíð – 4ra herb. + bilskúr

**NÝTT Á SKRÁ** Vorum að fá 94 m2, 4ra herbergja íbúð á jarðhæð í 4ra íbúða Permaformhúsi, ásamt 27,7 m2 bílskúr. Sér inngangur í íbúðina og stór afgirt timburverönd. Sameiginlegur verðlaunagarður til fyrirmyndar. Þetta er falleg og hagstæð íbúð í country stíl. Skóli og leikskóli í næstu götu.
**Verð kr. 25,5 m.**



### Klapparhlíð – 4ra herb. + bílskúr

**NÝTT Á SKRÁ** 99,9 m2, 4ra herbergja íbúð á efstu hæð i 3ja hæða nýlegu og viðhaldslitlu fjölbýli, byggðu af ÍAV. Þrjú rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi með baðkari, sér þvottahús, gott eldhús og björt stofa. Stórar suðvestur svalir með fínu útsýni. Íbúðinni fylgir einnig fullbúinn 26,3 m2 bílskúr. Leikskóli og grunnskóli í augsýn.
**Verð kr. 26,5 m.**



### Tröllateigur – 167,1 m2 endaraðhús

**NÝTT Á SKRÁ** Vorum að fá endaraðhús á tveimur hæðum í nýbyggðu hverfi við miðbæ Mosfellsbæjar. Á jarðhæð eru stofa, borðstofa, eldhús, gestasalerni og bílskúr, en á 2. hæð eru 3 góð svefnherbergi, vinnuherbergi, þvottahús og stórt baðherbergi. Flísar og bambusparket á gólfum og fallegar innréttingar í eldhús og baði.
**Verð kr. 41,5 m.**



### Tröllateigur – 182,2 m2 endaraðhús

**NÝTT Á SKRÁ** Vorum að fá nýtt fullbúið endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Stofa, eldhús, borðstofa og forstofa á jarðhæð, 3 svefnherbergi, glæsilegt baðherbergi og þvottahús á 2. hæð. Íbúðin er fullbúin með eikarparketi og flísum á gólfi, glæsilegri eldhúsinnréttingu og baðherbergi með baðkari og gufu sturtuklefa. Stór suðurgarður er grófjafnaður. Tvær stórar svalir og flott útsýni. Húsið er tilbúið til afhendingar í dag.
**Verð kr. 44,9 m.**



### Álmholt – efri sérhæð m/2f. bílskúr

142,8 m2 efri hæð ásamt 50 m2 tvöföldum bílskúr, með glæsilegu útsýni yfir Leirvoginn og að Esjunni. Fjögur góð svefnherbergi, eldhús m/borðkrók, stór stofa með kamínu og björt borðstofa, sjónvarpshol, baðherbergi og gestasalerni ásamt góðu þvottahúsi. Frábær staðsetning, neðst í botnlanga í grónu hverfi. Gönguleiðir, golfvöllur og hesthúsahverfi í næsta nágrenni.
**Verð kr. 35,6 m.**



### Lágholt – 165,8 m2 einbýlishús

Erum með 128,6 m2 einbýlishús á einni hæð ásamt 37,2 m2 bílskúr á góðum stað í hjarta Mosfellsbæjar. 4 svefnherbergi, stofa, borðstofa, eldhús, baðherbergi og stórt þvottahús. Húsið er byggt 1968 og þarfnast endurbóta. Skóli, íþróttaaðstað og stundlaug rétt hjá sem og miðbær Mosfellsbæjar.
**Verð kr. 33,9 m.**



### Álmholt – 236 m2 einbýli + aukaíb.

Erum með 236,1 m2 einbýlishús með aukaíbúð í kjallar, þar af 48,2 m2 tvöfaldur bílskúr. Aðalhæðin er 140 m2 og skiptist í stofu, eldhús, þvottahús, 4 svefnherbergi og baðherbergi. Í kjallara er björt 2ja herbergja íbúð tilvalin til útleigu eða fyrir unglinginn. Húsið stendur innarlega í lóðinni og stórt og gott bílaplan og mikill suðurgarður.
****Verð kr. 46,2 m.****



### Fellsás – 285,5 m2 einbýlishús

Erum með 285,5 m2 einbýlishús á sérlega fallegum útsýnisstað í hlíðum Helgafells í Mosfellsbæ Húsið er á tveimur hæðum og ber merki arkteksins, Vífils Magnússonar, augljós merki. Í húsinu er mjög stórt eldhús, stór stofa, sólskáli, 4 góð svefnherbergi, tvö baðherbergi og sjónvarpshol. Á jarðhæð er stór tvöfaldur bílskúr og 70 m2 íbúðarrými, sem vel gæti nýst sem aukaíbúð, skrifstofa eða unglingaherbergi.
**Verð kr. 54,0 m.**



### Flétturimi – 4ra herb. + bílskúr.

**NÝTT Á SKRÁ** Vorum að fá í sölu mjög fallega 108,4 m2, 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýli ásamt 25,3 m2 bílskúr. Íbúðin er fallega hönnuð með rauðeikarparketi á stofu, borðstofu og eldhús. Þrjú góð svefnherbergi, sér þvottahús og baðherbergi með kari. Eldhúsinnrétting, baðinnrétting og innihurðar eru í mahony. Frábær staður stutt í þjónustu og leikvöllur rétt við húsið.
**Verð kr. 26,9 m.**

**Kjarna, Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ**

RE/MAX®

# VIÐ SELJUM EIGNINA ÞÍNA Á INNAN VIÐ 90 DÖGUM

## EÐA VIÐ BORGUM ÞÉR 100.000 KR

Við treystum það mikið á dugnað okkar og markaðssetningu að við erum til í að veita þér **árangurstryggingu**. Hringdu og fáðu nánari upplýsingar. Ekki taka áhættu, það er okkar starf.

100.000

- **Toppþjónusta, topptrygging, toppárangur**
- **100.000 kr. árangurstryggingin gildir fyrir öll einbýli og fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu**
- **Margsönnuð vinnubrögð sem virka**
- **Gildir ekki hjá öðrum RE/MAX sölufulltrúum. Áskiljum okkur rétt til að hafna eignum**

**Hringdu núna og fáðu skuldbindingalaust sölumat**



Ella Lilja
Sigursteinsdóttir
lögg.fasteignasali

RE/MAX Borg
Tryggvagötu 11
101 Reykjavík
522-2800

Brynjar
Sölufulltrúi
**823 1990**
brynjar@remax.is





Einar
Sölufulltrúi
**663 1818**
einar@remax.is

# BERJAVELLIR HAFNARFIRÐI



Frum

Um er að ræða lyftu fjölbýlishús á fjórum hæðum með samtals 16 glæsilegum 3ja og 4ra íbúðum. Húsið er hannað af Funkis arkitektum. Mikið er lagt í íbúðirnar, m.a. er hiti í gólfum á baðherbergi, borðplötur eru úr steini. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar frá HB Harðasyni. Lýsing hönnuð af Lúmex. Möguleiki er á að fá íbúðina afhenta með öllum gólfefnum. Allar íbúðir eru með bílskýli og 14 fm svölum, nema jarðhæð sem er með sér verönd. Stærð íbúða er frá 99 fm til 126 fm. Húsið afhendist í september 2006. **Verð frá 20,6 millj.** 5451

EIGNAMIÐLUN

Síðumúla 21 ▸ eignamidlun@eignamidlun.is ▸ Fax 588 9095
www.eignamidlun.is ▸ Mánud. - fimmtud. **9-18** Föstud. **9-17**

Félag Fasteignasala

**Sími 588 90 90**

Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

# Viðskiptahúsið



**Jóhann Ólafsson**
**Löggiltur FFS.**
Viðskiptahúsið
Skúlagata 17
s: 566 88 00
gsm: 863 63 23
vidskiptahusid@vidskiptahusid.is
www.vidskiptahusid.is

## Byggingatækifæri við Suðurlandsbraut 26.





Til sölu er heil húseign á 3.600 fm. lóð á besta stað í Reykjavík

Um er að ræða alla húseignina, tveggja hæð hús, samtals 2.500 fm., ásamt byggingarrétti fyrir 3. 4. og 5. hæð. Tækifæri til að byggja á besta stað í Reykjavík Jarðhæðin er í útleigu.



## Til sölu eða leigu. Fiskislóð 16 - 18.







Fiskislóð 16 skrifstofu- og verslunarhúsnæði á einni hæð, skrifstofur, sýningarsalur, og verkstæði alls 457 fm.

Fiskislóð 18 er skrifstofu- og verslunarhúsnæði á tveimur hæðum alls 700 fm neðri hæð 402 fm, sýningarsalur, tvö lagerrými. Efri hæð 298 fm, stór skrifstofa með glæsilegu útsýni, auk tveggja skrifstofa.



Möguleiki á að tengja Fiskislóð 16 og Fisklóð 18 saman með byggingu, yrði þá samtals að stærð 1.700-1.900 fm.

## *Til sölu:*

Ármúli 2.200 fm.
Grafavogur 2.000 fm. byggt eftir þörfum kaupanda.
Garðabær 5.000 fm. að mestu í útleigu
Miðbær 1.800 fm. glæsileg eign í úleigu.
Miðbær lóð fyrir íbúðir
Höfðinn heil húseign 1.500 fm. í útleigu.
Hólmaslóð 1.700 fm.
Hafnarfjörður 4.100 fm í útleigu
Hafnarfjörður 550 fm. laust strax.
Hafnarfjörður 1.000 fm í útleigu
Keflavík stór lóð undir íbúðir eða verslun.
Grindavík 1.900 fm. að mestu í útleigu
Skrifstofugámar nýlegir 4 stk. samtals 60 fm.

## *Til leigu:*

Borgartún 800-1.200 skrifstofuhúsnæði
Dragháls 210 fm. húsnæði (opið rými)
Grensásvegur 600 fm. skrifstofuhúsnæði (tvær hæðir)
Hlíðarsmári 600 fm. skrifstofuhúsnæði
Krókháls 280 fm. skrifstofuhúsnæði
Lágmúli 500 fm,. verslunar- og lagerhúsnæði
Vegmúli 350 fm skrifstofu- og verslunarhúsnæði
Fiskislóð 300 fm. Mjög gott skrifstofuhúsnæði.
Suðurlandsbraut 300-600 fm skrifstofuhúsnæði
Síðumúli 1.800 fm. skrifstofuhúsnæði
Óseyrarbraut 550 fm. Verslunar og skrifstofurými.

## *Höfum kaupendur af:*

Húsnæði undir fiskvinnslu.
Verslunar, lager og skrifstofuhúsnæði allt að 5.000 fm.
Lagerhúsnæði 1.000-6.000 fm.
Byggingarlóðir t.d. Á hálsum eða höfða.

## Til sölu eða leigu. Lágmúli 9



Verslunarhúsnæði á jarðhæð, sem áður hýsti útibú Landsbankans.

Um er að ræða 655 fm verslunarhúsnæði á áberandi stað í nálægð við 10-11 og apótek, mögulegt er að fá fleiri hæðir í húsinu keyptar.
75 bílastæði eru við húsið.

Eignin er seld í núverandi ástandi en hún þarfnast endurbóta.



Viðskiptahúsið

Skúlagata 17 101 Reykjavík sími : 566 88 00 e-mail : vidskiptahusid@vidskiptahusid.is www.vidskiptahusid.is

**FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS**

GUNNAR JÓN YNGVASON,
BJÖRGVIN Ó. ÓSKARSSON,
ÓSKAR MIKAELSSON,

BORGARTÚN 28, 2HÆÐ
**588 5160**

## Bílaverkstæði í fullum rekstri í eigin húsnæði 355,3 fm.



Frum

Mjög góð aðkoma og mikil lofthæð eða um 4,2 mtr. Stórar innkeyrsludyr. Móttaka og skrifstofa er í lægri byggingusem og er um 42 fm af heildarstærð. Í húsinu er góð kaffistofa, snyrtingar með sturtu svo kontor. Í húsnæðinu eru 5 bílalyftur, og bilana-skannar fyrir bíla frá Ingvari Helgasyni h.f. Hafa sérhæft sig í þeim tegundum og unnið mikið fyrir umboðið. Allur búnaður verkstæðisins fylgir í kaupunum sem og viðskiptasambönd. Gott útipláss. GLÆSILEGT TÆKIFÆRI. **Frekari upplýsingar á skrifstofu eða í síma 846-8407**.



**Lögmannsstofa Stefáns Ólafssonar ehf**
– Sími 452 4030 – Fax 452 4075 –
– Þverbraut 1 – 540 Blönduós –
– www.logso.net – stefan@logso.net – magnus@logso.net –

## Hvammstangi / Blönduós / Skagaströnd / Sauðárkrókur



Frum

Lítið en skemmtilegt einbýlishús að Hvammstangabraut 17, Hvammstanga til sölu. Húsið er 58 fm að stærð. Tilvalið sem sumarhús.eða heilsárhús. Þarfnast viðhalds. Tilboð óskast fyrir 28. apríl. Réttur áskilinn til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Fasteignamat 4,8 millj. Brunabótamat 8,4 millj.



Stórskemmtilegt 175 fm einbýlishús að Strandgötu 2, Hvammstanga. Húsið er á tveimur hæðum auk kjallara. Mikið endurnýjað að innan. Við húsið er 36,9 fm bílskúr. Fasteignamat 8,9 millj. Brunabótamat 21,9 millj.

HÚS Í BYGGINGU Á SAUÐÁRKRÓKI OG GÓÐAR EIGNIR Á SKAGASTRÖND.
SKOÐIÐ ÚRVAL FASTEIGNA Á WWW.LOGSO.NET
UPPLÝSINGAR GEFUR MAGNÚS S. 452 4030 / 898 5695
VEGNA MIKILLA SÖLU VANTAR EIGNIR Á SÖLUSKRÁ.
LÖGMANNSSTOFA STEFÁNS ÓLAFSSONAR ÞVERBRAUT 1, 540 BLÖNDUÓSI



allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga



ÁS FASTEIGNASALA

Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða
www.as.is

Opið virka daga kl. 9–18

## DOFRABORGIR - MEÐ BÍLSKÚR







Frum

Nýleg 88 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli (4 íb. í stigagangi) ásamt 21 fm bílskúr, samt. 109 fm. Fallegar innrétt. og góð gólfefni. Sameign og hús að utan í góðu ástandi. **VEL MEÐ FARIN EIGN Á GÓÐUM STAÐ - SJÓN ER SÖGU RÍKARI. Verð 23,9 millj.**

*Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali*



# Opnunartími í afgreiðslu

mán.-mið. 8 -18
fim. og fös. 8 -19
helgar 11 -16

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.



# Hegranes 26 í Garðabæ





Frum







Kynnum einstaklega vel staðsett og skipulagt einbýlishús á einni hæð á einstaklega glæsilegri sjávarlóð á sunnanverðu Arnarnesi. Lóðin er 1.760 fm eignarlóð með einstöku útsýni til suðurs og vesturs. Húsið er 272 fm og er tvöfaldur bílskúr. Hér er á ferðinni sérlega eftirsóknarverð eign á einum besta stað í Garðabæ.

**Verð 99 millj.**

**Allar nánari upplýsingar veita sölumenn Höfða.**

HÖFÐI
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Bæjarhrauni 22
Sími 565 8000

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast.sali – Kristín Pétursdóttir, lögg. fast.sali

Magnús Emilsson löggiltur fasteignasali




# HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Fasteignasala snýst ekki bara um fasteignir... ...heldur líka um fólk

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • Fax 520 7501 • hraunhamar@hraunhamar.is • www.hraunhamar.is

## Opið hús í dag frá kl 13:00 til 16:00





Frum

**Glæsileg sýningaríbúð**
**Sölumenn á staðnum**
**GLÆSILEGT NÍU HÆÐA LYFTUHÚS**

- 3 og 4 herbergja íbúðir með stórum svölum
- Mikið og gott útsýni
- Tvær lyftur
- 29 stæði í bílakjallara
- Vandaðar innréttingar
- Sjónvarpsdyrasími
- Ál utanhússklæðning
- Góður frágangur
- Afhending sumarið 2006

Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna, baðherbergi og þvottahús flísalögð

***Byggingaraðilar***
***Ingvar og Kristján ehf.***

## Drekavellir 26 - Opið hús





# FASTEIGNAKAUP

Ármúla 15 - 108 Reykjavík - S: 515 0500 - Fax: 515 0509 - www.fasteignakaup.is

## Sölusýning í dag, sunnudag frá kl. 13-15

## LÆKJARVAÐ 4-14



Frum

**Fasteignakaup kynnir glæsilegar sérhæðir við Lækjarvað 4 - 14 í Norðlingaholti, tilbúnar til afhendingar.**

**Frágangur húss:** Eiginirnar verða afh. fullbúnar að utan sem innan með glæsilegum innréttingu frá Invita, eikarparketi og hita í gólfum.

**Stærð neðri hæð 135,7 fm. Stærð efri hæð 137,2 fm. Stærð á bílskúr 23,3 fm.**

**Frágangur lóðar:** Lóð verður fullfrágengin í hæð, lóðin tyrfð, stéttar og bílastæði hellulagt og að hluta upphitað (fyrir framan bílskúr og stígur að inngangi).

**Efri sérhæð með bílskúr fullbúin verð 39,9 millj. Sjá skilalýsingu.**

**Neðri sérhæð fullbúin verð 35,9 millj. Sjá skilalýsingu.**

**Opið hús verður á eignunum í dag frá kl 13-15.**




*Erna Valsdóttir lögg. fasteigna-, skipa- og fyrirtækjasali*

aktu taktu

**Afgreiðsla og Vaktstjórn**
**Viltu vinna með skemmtilegu fólki?**
Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf í afgreiðslu. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Hvort sem þú vilt vera í fullu starfi eða kvöldvinnu þá höfum við eitthvað fyrir þig. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgasvæðinu. Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum.
**Upplýsingar veitir framkvæmdastjóri (Óttar) í síma 898-2130, milli 9:00-17:00. Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum.**

**Ræsting/Matráður**
Óskum eftir að ráða nú þegar starfskraft til að sjá um ræstingar og matseld í 60% starf. Unnið í viku, frí í viku. Íslenskukunnátta skilyrði. Einnig vantar fólk til starfa við hreingernigar og gólfbón. Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.
**Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.**

**Vaktstjórar hjá Shell**
Þjónustuliprir og úrræðagóðir vaktstjórar óskast til starfa hjá Skeljungi. Um er að ræða almenna afgreiðslu og þjónustu ásamt vaktaumsjón.
**Umsóknareyðublöð má nálgast á næstu Shell eða Selectstöð eða á www.skeljungur.is. Nánari upplýsingar í síma 444 3000.**

**MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRAR AKUREYRI**
Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra í sumarafleysingar á Akureyri. Umsækjendur þurfa að hafa meirapróf. Störfin standa báðum kynjum til boða.
**Allar nánari upplýsingar veitir: Jóhann í síma 461 4070 tölvupóstfang akureyri@odr.is**

**Sala og þjónusta við stórmarkaði!**
Sælgætisgerðin Freyja leitar að einstaklingi til starfa við sölu og þjónustu í stórmörkuðum. Viðkomandi þarf að hafa bílpróf.
**Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma 861 4502, Alli eða á kristjan@freyja.is**

**Bílstjórar. Veitingahúsið Nings Suðurlandsbraut og Stórhöfða**
Óskum eftir að ráða bílstjóra í kvöld og helgarvinnu. Hægt er að leggja inn umsóknir á nings.is
**Upplýsingar í síma 822 8867.**

**Styrimann og háseta**
vantar á línubát sem rær með beitningavél.
**Upplýsingar í síma 852 2389 & 892 1757**

**MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRAR REYÐARFJÖRÐUR**
Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra í sumarafleysingar á Reyðarfirði.
Umsækjendur þurfa að hafa meirapróf.
Störfin standa báðum kynjum til boða.
**Allar nánari upplýsingar veitir: Már í síma 474-1525 tölvupóstfang austurland@odr.is**

**MEIRAPRÓFSBÍLSTJÓRAR REYKJAVÍK**
Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra í sumarafleysingar í Reykjavík.
Umsækjendur þurfa að hafa meirapróf.
Störfin standa báðum kynjum til boða.
**Allar nánari upplýsingar veitir: Árni Jón í síma 550-9933 tölvupóstfang arnijon@odr.is**

**Óskum eftir duglegum manni með meirapróf**
Vantar duglegan mann með meirapróf til útkeyrslustarfa á stóran bíl í Reykjavík.
**Uppl. í síma 893 7224.**

Óskum eftir vönum starfsmönnum á hjólbarðaverkstæði og smurstöðvar á Akureyri og Egilsstöðum. Dekkjahöllin, s.462 3002 & 471 2002.

Óska eftir barþjónum og dyravörðum. Uppl. í s. 893 6870.

Óska eftir á ráða snyrtifræðing á snyrtistofu Uppl. í s. 899 6704, eftir kl. 19.

Viljum ráða smiði og verkamenn. Þeir sem hafa áhuga. Hringið í síma 892 4547 & 897 5547.

Europris. Starfsfólk óskast. Góð laun fyrir réttan aðila. S. 511 3322. EUROPRIS.

Ört vaxandi afþreyingarfyrirtæki leitar sér að rekstrarstjóra. Starfið felur í sér almenna umsjón með einföldum rekstri fyrirtækisins ásamt markaðssetningu og samskiptum við viðskiptavini fyrirtækisins. Starfið er fjölbreytt og vinnutími sveygjanlegur í skemmtilegu umhverfi. Áhugasamir vinsamlegast sendið umsóknir eða fyrirspurnir á hofudborgin@hofudborgin.is.

**Uppfylling sf**
Óskar eftir að ráða vana vörubílstjóra og vélamenn. Nánari uppl. í s. 892 1033, Sigurður.

**Varmi**
Vantar réttingarmann, málara og aðstoðarmann í sal vegna anna, leitum eftir eftir góðu starfsfólki. Nánari uppl. í s. 896 4214 & 564 2141.

**Sumarvinnna**
Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu. Aldur 15-25 ára. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Umsóknir á www.gardlist.is

**Lager / Útkeyrslustarf**
Óskum eftir duglegum, stundvísum og áhugasömum starfsmanni í fullt starf. Þarf að geta byrjað fljótlega. Umsóknir óskast sendar á yggdrasill@yggdrasill.is fyrir 18. apríl.

**Vörubifreiðastjóri óskast**
Vinnuvélaréttindi engin fyrirstaða. Uppl. í s. 893 1791.

Heildverslun óskar eftir starfsfólki við áfyllingar í verslanir, um er að ræða 50-100% störf. Uppl. í s. 587 5868 & 863 4252.

**Sumarafleysingar**
AÐFÖNG óska eftir starfsmönnum í lagerstörf í sumar. Leitað er að duglegum og áreiðanlegum einstaklingum sem eru eldri en 18 ára. Við bjóðum upp á góða tekjumöguleika, góða vinnuaðstöðu og mötuneyti er á staðnum. Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík og einnig er hægt að sækja um á www.adfong.is Frekari upplýsingar gefur Trausti í s. 693 5602.

GÓÐIR TEKJUMÖGULEIKAR! Sölufólk óskast um allt land í heimakynningar á glænýrri og spennandi séríslenskri heimilisvöru. Góð árangurstengd laun og sjálfstæður vinnutími. Uppl. í s. 899 8152 / 533 2220, helgamaria@lindesign.is

## Atvinna óskast

30 ára kona óskar eftir kvöldvinnu helst við ræstingar. Uppl. í s. 659 6653.

Vanur maður óskar eftir beitningu. Uppl. í s. 863 3289.

## Viðskiptatækifæri

FEIMA

Hársnyrtir óskast. Mikil verkefni og gott vinnuumhverfi. Fagmenska og gott viðmót er algert skilyrði. Nánari upplýsingar gefur Unnur Rán Reynisdóttir hársyrtimeistari í síma 552 1375 og á unnurran@gmail.com

**Leitar þú að öryggi?**
Komdu góðu til leiðar og skapaðu þér háar tekjur í leiðinni: www.Gott-Folk.com.

**Fyrir alla!**
Láttu tækifærið ekki framhjá þér fara: Kynntu þér málið á www.FyrirAlla.com

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Stefán Jónsson varstu í Finnlandi fyrir u.þ.b. 20 árum hjá fimm barna fjölskyldu? Náðu í s. 552 0125, 893 9834 eða 893 9832, Liisa og Kari.

## Leikir

Bingó í kvöld. allir velkomnir. Vinabær.

Bingó í kvöld kl. 19:15. Vinabær, Skipholti 33

**Stórmarkaður í stofunni heima**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ


allt
brúðkaup
Alla þriðjudaga


allt
ferming
Alla þriðjudaga

## TÓNLISTARNÁM

**Innritun fyrir skólaárið 2006 - 2007 er hafin.**

**Kennslugreinar:**
- -Forskóli
- -Píanó
- -Jazz píanó
- -Harmonika
- -Fiðla
- -Cello
- -Kontrabassi
- -Þverflauta
- -Klarinett
- -Saxafónn
- -Fagott

Tónskóli Eddu Borg

**Námskeið:**
- -Hljómborð
- -Gítar
- -Rafgítar
- -Bassi
- -Trommur
- -Slagverk
- -Ungbarnakennsla

**Tónskóli Eddu Borg Hólmaseli 4-6 109 Reykjavík**
**Sími: 557-3452 netfang: ritari@eddaborg.is**
**veffang: www.tonskoli.net**
**Einnig á Rafrænni Reykjavík: www.rvk.is**




ALLT er ný vöru- og þjónustuskrá á visir.is. ALLT er líka í síma 1850 og í vor verður ALLT bókinni dreift til landsmanna.

vísir NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTUSKRÁ Á VISIR.IS/ALLT

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
Salómon Jónsson - Lögg. fast.sali
Suðurlandsbraut 50
(Bláu húsin við Faxafen)
Sími: 513-4300

**Opið hús í dag frá kl: 13–14**

**Lautasmári 3, efsta hæð**



Glæsileg íbúð á 6. og efstu hæð í lyftuhúsi, snyrtileg og vel umgengin 3ja herbergja 80,1 fm, með mikilli lofthæð á frábærum stað með fallegu útsýni í Smáranum þar sem stutt er í alla verslun og þjónustu ásamt skólum, leikskóla og íþróttaraðstöðu. Verð 22,9 m. Verið velkominn.
**Allar nánari upplýsingar veita Ólafur s: 693-4868 eða Hilmar s: 662-6648**









**Einnig í boði**
Ævintýraferð til þriggja landa á slóð Maya indíána í Mexíkó, Blelize og Guatemala. Stórkostleg náttúra og dýralíf. Töfrandi regnskógasvæði. Hverfum aftur í tíma og rúmi.





## Trans-Atlantic og MasterCard efna til ferðar til Mexíkó.

**10.500 kr. afsláttur á hvern fjölskyldumeðlim**
MasterCard korthafa 12 ára og eldri.

Brottfarir: 24. maí uppselt, 7. júní. 13 nætur.
(ath. takmarkað sætamagn)

MasterCard

Heillandi Maya menning, óviðjafnaleg endalaus hvít strönd og kristaltær sjórinn, kóralrif, næturlíf, verslanir, ævintýraferðir og frumskógur.

4 og 5 stjörnu lúxus hótel með **allt innifalið**: ótakmarkaður matur og drykkir, óáfengir og áfengir, öll afþreying, skipulögð skemmtidagskrá og stórsýningar (show) á hverju kvöldi.

Nær endalausir möguleikar á skipulögðum ferðum og ýmis konar afþreyingu.

Nánari upplýsingar:
**www.transatlantic.is**

*Verð frá*
**85.000*kr.**

* flug með sköttum

Trans-Atlantic
Sími 588 8900 • www.transatlantic.is

sed@ed.is

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
**Yfir 150.000 gestir daglega.**
**Stórmarkaður í stofnuni heima.**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
vísir VEF TV





HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

inni skilgreindum við LSH sem háskólasjúkrahús og FSA sem kennslusjúkrahús og hvaða hlutverki þau gegna,“ segir hann.

Sú vinna að formgera LSH sem háskólasjúkrahús hefur staðið yfir síðustu árin og má búast við að sú vinna haldi áfram og þróist. Stefán segir að nefndin hafi markað þá stefnu að háskólinn eigi að nýta sér þann mannauð sem sé til staðar utan við sjúkrahúsið. Þegar sé samningur við heilsugæsluna og svo komi sterkar inn þær einkastofur sem séu fyrir hendi.

„Skýr afstaða er tekin af háskólans hálfu í nefndinni um að við eigum að hafa samstarf við þessa aðila og að við eigum að gera það í gegnum spítalann sem háskólasjúkrahús,“ segir Stefán.

Hvað kostnað varðar telur hann að takmarkið sé að gera menntunarþátt háskólasjúkrahússins sýnilegan. Tæpir þrjátíu milljarðar fari til rekstrarins og það þurfi að gera sýnilegt hversu stór hluti af því fer í menntunarþáttinn, kennslu og rannsóknir. Hann telur að það geti numið einum milljarði króna og þá fjárhæð megi tvöfalda svo vel megi vera.




### Lýst eftir umræðu

Stefán lýsir eftir umræðu um það hvernig eigi að fjármagna heilbrigðiskerfið, hvort allir eigi sama rétt á þjónustu innan almannatryggingakerfisins án tillits til tekna eða ekki. „Á sá forríki rétt á sömu fríu þjónustunni og sá fátæki?“ spyr hann. „Eða eigum við að opna kerfið þannig að þeir sem hafi efni á því séu látnir borga? Þessi hugmynd var rangtúlkuð þannig að menn gætu borgað sig fram fyrir í biðröð. Það er ekki rétt. Við þurfum að ræða hvort einhverjir geti keypt sér þjónustu annars staðar án þess að það bitni á röðinni - það er skilyrði að biðröðin styttist sem þeim nemur.“

Þá er mikilvægt að ræða sjúkratryggingarverndina, ekki síst vegna þeirra þjóðfélagsbreytinga sem eiga sér stað um þessar mundir í Evrópu og þá með útvíkkun Evrópusambandsins og frjálsa för á vinnumarkaði í huga. Nágrannalönd Íslendinga eru farin að velta fyrir sér hvað fellur undir almannatryggingar, meðal annars vegna þessa, að sögn Magnúsar Péturssonar, forstjóra Landspítala - háskólasjúkrahúss, opnast ýmsar spurningar um það hver eigi að greiða hverjum fyrir hvaða þjónustu. Þetta segir hann að Íslendingar þurfi að fara yfir og taka afstöðu til hvað þeir vilja. ■



**MAGNÚS PÉTURSSON** Mikilvægt er að ræða sjúkratryggingarverndina, ekki síst vegna þeirra þjóðfélagsbreytinga sem eiga sér stað, til dæmis með opnun Evrópusambandsins og frjálsri för á vinnumarkaði. Nágrannalöng Íslendinga eru farin að velta fyrir sér hvað fellur undir almannatryggingar, meðal annars vegna þessa, að sögn Magnúsar Péturssonar, forstjóra Landspítala - háskólasjúkrahúss. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra um tillögur Jónínunefndarinnar:

# Vanda þarf til verksins

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra telur athyglisverðustu tillögur Jónínunefndarinnar lúta að fjármögnun heilbrigðiskerfisins. Hún hefur hug á því að koma á fót nefnd til að fara yfir fjármögnun heilbrigðiskerfisins og sjúkrahúsanna LSH og FSA og fela henni að koma með nánari tillögur og útfærslur en engin ákvörðun hefur þó verið tekin um það.

„Við þurfum að skoða skýrsluna betur hér innanhúss en ég sé fyrir mér að það ferli gæti síðan farið af stað í framhaldinu varðandi útfærslu því að það væri óeðlilegt ef við í ráðuneytinu myndum fara í nákvæma útfærslu ef þær hugmyndir nytu svo ekki almenns stuðnings í samfélaginu,“ segir Siv og telur að vinna nefndarinnar geti tekið um tvö ár og því sé breytinga varla að vænta á þessu kjörtímabili.

Jónínunefndin svokallaða bendir á að heilbrigðiskerfið krefjist síaukins fjármagns og vill sundurgreina hlutverk LSH og FSA þannig að hægt sé að greina hvað læknisþjónustan kostar annars vegar og hvað kennslu- og háskólahlutverkið kostar hins vegar og taka ákvarðanir um hvernig eigi að fjármagna hin ýmsu verkefni.

„Þetta eru kerfislægar breytingar sem þarf að skoða en það þarf að vanda mjög vel til verksins því að hér er um svo mikið fjármagn að tefla. Það þarf að nýta fjármagnið á eins skynsamlegan hátt og hægt er,“ segir Siv.

Verið er að ganga frá frumvarpi til laga um heilbrigðisráðuneytinu og verður það kynnt í vor á Alþingi. „Það er ramminn utan um heilbrigðisþjónustuna. Svo er endurskoðun markmiða í heilbrigðisáætlun, sem er í gildi í dag, þannig að sú vinna fer þegar fram og hefur verið í gangi um nokkurt skeið.“

- ghs



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR HEILBRIGÐISRÁÐHERRA**



GÖTURNAR Í LÍFI MÍNU } BJARGEYJAR ÓLAFSDÓTTUR, LISTAMANNS, KVIKMYNDAGERÐARKONU OG HEIMSHORNAFLAKKARA

# Kveikti í eldhúsi æskuheimilisins



BJARGEY ÓLAFSDÓTTIR Myndlistarkonan flakkar um heiminn og dvelur á vinnustofum á meðan hún iðkar list sína. Hún fær þó stundum heimþrá og finnst þá gott að koma heim á Melhagann.

**Hraunbraut, Kópavogi, 1972-1993**

Þetta er æskuheimilið sem ég bjó í þar til ég flutti að heiman. Þarna var ég með endalausa framkvæmdasemi í gangi. Byggði fjölmarga kofa í garðinum, lék mér í fjöru þar sem ég meðal annars týndi plastblóm sem höfðu fokið af leiðunum í kirkjugarðinum. Móðir mín leyfði mér ekki að eiga plastblómin án þess að leggja þau í klór. Þegar ég var krakki kveikti ég í eldhúsinu þegar ég var að baka. Gleymdi smjörlíki á hellunni og fór að lesa Andrésblöð. Það komu tveir slökkviliðsbílar og ég náði að hlaupa út með páfagaukinn en við vorum sko ein heima.

**Hafrafell í Fellum, Fljótsdalshéraði, 1977-1987**

Á hverju sumri frá fimm ára aldri til fimmtán ára fór ég hingað í sveit. Þetta var því sumarheimilið þar sem ég var í endalausum útreiðartúrum, dundaði mér við að veiða og hélt áfram að byggja kofa. Ég hjálpaði eitthvað til við búskapinn en fékk þó ansi mikið að leika mér bara. Einn veturinn fékk ég að skrópa í skólanum og fara þangað í heimsókn. Þá var rosaleg ófærð og ég fór á flugvöllinn á snjósleða, það þótti mér mikið sport.

**Jorge Juan, Madríd, 1993-1994**

Ég flutti að heiman og fór til Madrídar þar sem ég var í Erasmus-námi í Listaháskólanum í Madrid enda var ég Erasmus-skiptinemi. Þetta var huggulegt hverfi og ég bjó hérna í risastórri íbúð með átta stelpum. Þarna var sko oft glatt á hjalla. Fyrsta daginn minn í Madríd var ég rænd. Ég gerði mér þó lítið fyrir og hljóp þjófinn uppi enda var mín dýrmæta myndavél í bakpokanum og ég var ekki á því að týna henni.

**Bretland, 1996**

Ég var skiptinemi í Bretlandi í tvo til þrjá mánuði. Ég var í bæ sem hét Winchester þar sem ég bjó með fyrsta árs nemum sem kunnu ekki að laga til. Það var gjörsamlega allt í drasli, þau vöskuðu aldrei upp og ég hef aldrei séð annað eins. Stundum var líka laglegur hestur fyrir utan gluggann minn.

**Helsinki, Pietarinkatu og Oikokatu, 1996-1998**

Fyrst bjó ég á Pietarinkatu sem ég kýs að kalla Morðingjastræti. Danskur ógæfumaður bjó í sömu götu og ég og um það leyti sem ég flutti inn framdi hann hryllilegasta morð sem Finnar muna eftir. Hann skaut tvo lögreglumenn og á því götuhorni voru blómsveigir í nokkra mánuði. Reyndar var þetta hin huggulegasta gata og nálægt hafinu. Íbúðin var mjög lagleg í art deco-stíl og í henni var dýpsta og besta baðkar sem ég hef haft.
Síðan flutti ég á Oikokatu í hús sem heitir Valotalo en það þýðir hús ljóssins. Þarna var rosalega hátt til lofts og skemmtilegur arkitektúr. Ég átti stórt, gamalt, bremsulaust hjól og ég var alltaf með vasadiskó þegar ég hjólaði sem var kannski ekki svo sniðugt.

**Melhagi, Reykjavík, 1998-2006**

Árið 1998 keypti ég mína fyrstu íbúð en leigði hana fljótt út.

**París, 1999**

Þarna bjó ég í listamannabyggingu sem heitir Cite des Arts við Signu og var vinnustofa fyrir listamenn. Þarna dvaldi ég í nokkurn tíma og vann á milli þess sem ég lenti í alls kyns ævintýrum.

**Gautaborg, 2000**

Fór aftur í nám og var í kvikmynda- og ljósmyndaskólanum í Gautaborg. Gatan var á bak við listasafnið og íbúðin var rosalega draugaleg en falleg. Hún var í svolítið „gothic"-stíl og mjög skemmtileg. Ég dvaldi þarna í fjóra mánuði og dreif mig í að læra sænsku á þeim tíma.

**Johannesgatan, Stokkhólmi, 2001**

Ég var í íbúð í Arthotel í miðborg Stokkhólms og var á styrk hjá fyrirtæki sem heitir IASPIS (International Artist Studioprogram in Sweden). Þar var ég með 100 fermetra vinnustúdíó og litla íbúð sem var mjög falleg, hugguleg og björt. Þarna bjuggu bara ýmsir myndlistarmenn og tónlistarmenn. Ég man að á Lúsíuhátíðinni vaknaði ég snemma og fór í messu klukkan sex um morguninn. Þá ætlaði fólkið sem sá um prógrammið að vekja mig með englasöng og þau voru öll í englabúningum. Ég gekk bara til liðs við þau og við fórum um húsið og vöktum hina listamennina. Fólk hefur sennilega haldið að það væri komið til himna þegar það vaknaði við englasönginn okkar.

**Draugahús í Weimar og Chorinerstrasse í Berlín, 2002**

Þetta ár átti ég tvö heimili í þessum tveimur borgum. Ég var sífellt að fara á milli því ég vann í báðum borgunum. Í Weimar var ég ansi viss um að draugur byggi á ganginum. Ég hélt risastóra afmælisveislu í stúdíói þar sem var meðal annars handalaus plötusnúður að spila sem mixar drum-and-bass með tánum. Þetta var risastór bygging og ég var með stúdíó og íbúð þar en húsið var við hliðina á kirkjugarðinum þar sem Goethe og Schiller eru grafnir.

Í Berlín leigði ég íbúð af vini mínum og deildi henni með þýskum iðnhönnuði. Ég var svo á sífelldum þeytingi með lestum á milli borganna.

**Njálsgata og Óðinsgata, Reykjavík, 2003**

Ég hafði ætlað mér að vera rosalega lengi í útlöndum og leigði íbúðina mína út. Svo fékk ég bara heimþrá og fór heim og leigði í miðbænum. Á Njálsgötunni voru rónar sífellt að brjótast inn í húsið til að hlýja sér. Einu sinni þegar ég kom heim voru tveir sætir rónar sofandi eins og Þyrnirós í stigaganginum. Á Óðinsgötunni bjó ég svo í stórkostlegri íbúð með heitum potti í garðinum. Kjallarinn var svo undirlagður fyrir sturtuna og þaðan var gengt út í heita pottinn. Þetta var að sjálfsögðu alveg stórkostlegt.

**Suomenlinna, Helsinki, 2004**

Ég bjó á þessari eyju í listamannaíbúð með risastóru stúdíói. Eyjan er friðuð hjá Unesco og það voru alltaf allir að segja að það væri reimt þarna. Ég bjó í tveimur íbúðum og var á styrk hjá stofnun sem heitir Nifca.

**Dalsasen, Noregur, 2005**

Þarna eru listamannavinnustofur uppi á fjalli og þarna bjó ég í verðlaunaarkitektúrshúsum eftir Haga og Grov. Ég var alltaf á skíðum og gerði ásamt öðrum verkefni fyrir norsku drottninguna. Ég bjó eiginlega inni í póstkorti því það var svo fallegt þarna. Ég byrjaði hvern dag á að labba út í skóg. Ég er alltaf svo lengi að vakna og mér þótti gott að klæða mig bara, rölta út í skó og vakna þar. Svo fór ég inn og fékk mér kaffi.

**Melhagi, Reykjavík, 1998-2006**

Nú er ég í íbúðinni í bili en mig langar að fara næst til Grænlands eða til New York. Annars finnst mér Vesturbærinn æðislegur og Melabúðin er besta búð í heimi. Íbúðin mín er svolítið eins og æskuheimili mitt því stofan er svo stór. Það skiptir mig miklu máli að hafa hátt til lofts og vítt til veggja. Hverfið er líka mjög hljóðlátt og notalegt og það er stutt í sundlaugina og niður að sjó. Mér finnst gott að hafa hafið nálægt mér.

hilda@frettabladid.is


TAKTU ÞÁTT!

Leystu krossgátuna!

Þú gætir unnið 10.000 kr. gjafabréf á einum besta veitingastað landsins, Argentínu steikhúsi.

Þú sendir SMS skeytið JA LAUSN LAUSNARORÐIÐ á númerið 1900!

Dæmi hvernig SMS gæti litið út ef svarið er Jón. Þá sendir þú SMS-ið JA LAUSN JON.










ARGENTÍNA

Borðapantanir 551 9555

www.argentina.is

99 kr/SMS

Dregið úr réttum svörum n.k. fimmtudag kl. 12.




# LAGERSALA SENU

# SÍÐASTI DAGURINN!

## OPIÐ 11-19

ÞÚSUNDIR GEISLADISKA, DVD
OG TÖLVULEIKJA Á ÆVINTÝRALEGU VERÐI!

# FRÁ 199,-

EKKI MISSA AF ÞESSU!

LAGERSALA SENU FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

...GERÐU BESTU KAUPIN ▶

sena


KRISTALIA
- ný lína
heima





full búð af nýrri gjafavöru










opið: virka daga 10-18, laugardaga 11-16




heima
húsgagnaverslun

bláu húsunum við faxafen - 108 reykjavík - 568 4242 - heima@heima.is

Grafíska smiðjan ehf. 04.06




# STUÐ MILLI STRÍÐA Dýrkeyptar kampavínsflöskur

ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON SEGIR ALLTAF NEI TAKK.



Skrapp um daginn til Kaupmannahafnar til að fá vor í kroppinn. Það fór nú ekki betur en svo að það hellirigndi á mig allan tímann, en það er samt eitthvað hressandi við útlenska rigningu. Einhver önnur lykt sem rís upp úr rykugum götunum. Heima kemur bara ilmur af þangi og jörð, en í stærri borgum er það einhver minna yndislegur daunn sem rís upp úr ræsunum. Ekki algerlega fráhrindandi þó, heldur bara skemmtilega framandi og hver borg með sína blöndu af skít, ryki, gróðri, mat, ferfætlingum og mannfólki. Það er afskaplega gott að hrista upp í sér eftir langan íslenskan vetur og bregða sér út fyrir landsteinana. Eins og góð vinkona orðaði það, „Að muna að lífið er ekki Ísland“. Að sjá mannmergðir sem lifa og þrífast fyrir allt allt aðra hluti en við gerum í okkar litlu en vinalegu smáborg sem er eftir allt saman langt frá því að vera nafli alheimsins, eins mikið og við rembumst. En víkjum okkur þá aftur að Danmörku (þar sem við virðumst eftir allt saman vera nafli alheimsins þessa dagana). Fór á óskaplega fínan veitingastað, svona einn af þeim sem fótboltastjörnur og feitir viðskiptakarlar koma á til að sýna hvað þeir eiga mikinn pening og skemmta sér við að senda vín og mat til baka í eldhúsið. Var í góðra og fagurra vinkvenna hópi og fyrr en varði mætti þjónninn með risavaxna magnum-flösku af Moet frá „herramanninum í horninu“. Sáum engan herramann í horni, en ég varaði þær við að herramaðurinn væri ábyggilega andstyggilega leiðinlegur miðaldra karl sem myndi troða sér á borðið okkar og eyðileggja selskapið og því væri gullin regla að segja alltaf, alltaf nei takk. Flaskan var sennilega of girnileg þar sem glitraði á hana í fötu fullri af ís og viti menn, eftir tíu mínútur var kominn miðaldra, sveittur og einstaklega fráhrindandi Ameríkani á borðendann sem drap alla úr leiðindum með kvarti yfir fjórtán ára táningsdóttur sinni. Dýrkeypt kampavínsflaska það.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

ÁTTA KONUR

7. sýn. mið. 19/4 **síðasti vetrardagur** -örfá sæti laus, 8. sýn. fim. 20/4 nokkur sæti laus, 9. sýn. fös. 21/4 nokkur sæti laus, 10. sýn. lau. 22/4 nokkur sæti laus, sun. 23/4, fim. 27/4, fös. 28/4, lau. 29/4.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Mið. 19/4 **síðasti vetrardagur** - örfá sæti laus, fim. 20/4 nokkur sæti laus, fös. 21/4, lau. 22/4, sun. 23/4, fim. 27/4, fös. 28/4, lau. 29/4. **Aðeins þessar 8 sýningar eftir.**

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

Í kvöld sun. 9/4 **uppselt**, fös. 21/4 **uppselt**, lau. 22/4 **uppselt**, sun. 23/4 **uppselt**, þri. 25/4 **uppselt**, mið. 26/4 **uppselt**, fim. 27/4 **uppselt**, lau. 29/4 **uppselt**. **Aukasýningar í maí:** fös. 5/5 **uppselt**, lau. 6/5 **uppselt**, sun. 7/5 **uppselt**, lau. 13/5 **uppselt**.
**Sala hafin á sýningar í september.** Fös. 15/9, lau. 16/9, sun. 17/9.

LEIKHÚSKJALLARINN

**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Í dag kl. 14 UPPS. Su 23/4 kl. 14 UPPS.
Su 23/4 kl. 17:30 Lau 29/4 kl. 14
Su 30/4 kl. 14 Lau 6/5 kl. 14
Su 7/5 kl. 14 Lau 20/5 kl 14
Su 21/5 kl. 14 Su 28/5 kl. 14
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

KALLI Á ÞAKINU

Fi 13/4 kl. 14 skírdagur UPPSELT
Lau 15/4 kl. 14 UPPSELT
Má 17/4 kl. 14 annar í páskum UPPSELT
Fi 20/4 kl. 14, sumard. fyrsti UPPSELT
Fi 20/4 kl. 17, sumard. fyrsti AUKASÝNING
Lau 22/4 kl. 14 UPPSELT

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP

Su 30/4 kl. 20 UPPS. Má 1/5 kl. 20 UPPS.
Þri 2/5 kl. 20 UPPS. Mi 3/5 kl. 20 UPPS.
Su 7/5 kl. 20 UPPS. Má 8/5 kl. 20 UPPS.
Þr 9/5 kl. 20 UPPS. Mi 10/5 kl. 20 AUKAS.
Fi 18/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 22:30 UPPS Su 21/5 kl. 20 UPPS
Fi 25/5 kl. 20 AUKAS Fö 26/5 kl. 20 UPPS.
Fö 26/5 kl. 22:30 Su 28/5 kl. 20 UPPS
Fi 1/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 20
Fö 2/6 kl. 22:30 AUKASÝNING

VORSÝNING 2006
Listdansskóli Íslands

Þri 11/4 kl . 20 Mi 12/4 kl. 20

Nýja svið / Litla svið

BELGÍSKA KONGÓ

Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20
Lau 29/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20
Su 7/5 kl. 20 Su 14/5 kl. 20
Su 21/5 kl. 20 Mi 24/5 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Fi 27/4 kl. 20 AUKASÝNING
Su 30/4 kl 20 AUKASÝNING
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK

HUNGUR

Fi 4/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20

NAGLINN

Fö 28/4 kl. 20 Lau 29/4 kl. 20

GLÆPUR GEGN DISKÓINU

Lau 22/4 kl. 20 Fö 28/4 kl. 20
Fö 5/5 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR

FORÐIST OKKUR

Í kvöld kl. 20 Fi 20/4 kl. 20
Fö 21/4 kl. 20 Lau 22/4 kl. 20
Su 23/4 kl. 20
AÐEINS ÞESSAR SÝNINGAR!

DANSleikhúsið

Í kvöld kl. 20 Þri 11/4 kl. 20
Mi 19/4 kl. 20 23/4 KL. 20

TENÓRINN

Su 30/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Pú og pa** Eftir SÖB





GUÐMUNDUR ODDUR
> SKRIFAR UM SJÓNMENNTIR

# SimCity og hús fólksins

Ég hef reynslu af því að fylgjast með tilurð menningarbygginga - eins og listasafna, listaskóla og tónlistarsala. Í hugum ansi margra er ekkert sjálfsagt mál að láta fjármuni í svoleiðis munað. Í raun og veru eru þeir sem forgangsraða fjármagni - pólitíkusar - skíthræddir við ákvörðunartöku af þessu tagi. Þeir sem kunna að græða peninga - bankaeigendur og aðrir stórkapítalistar - eru oftast alveg úti að aka fari þeir eftir eigin smekk hvernig best sé að eyða peningum til menningarmála - sem þeir gera þó fyrst og fremst vegna þess að þeir sjá að þeir fá eitthvað annað í staðinn. Ég hef ekkert vit á því hvernig á að græða peninga - hef miklu meira vit á hvernig koma skal þeim fyrir. Það er samt eftirtektarvert að þessi hræðsla pólitíkusa á nú sem betur fer aðallega við um ákvörðunartökuna sjálfa. Allir eru nefnilega hressir og ljóma af ánægju í glæsilegri sviðsmyndinni en þegar upp er staðið botna þeir ekkert í því hvers vegna þetta var ekki sjálfsagt mál allan tímann.

**Borgarstjóri í sýndarheimi**

Hef reyndar ekki mikla reynslu í að vera persónulega í þessari stöðu ákvarðanatökunnar nema í SimCity þar sem maður fær að vera borgarstjóri um stund. Í þeim leik hef ég lagt mig fram um að vera útsjónarsamur fyrir hönd menningarinnar og lagt umtalsvert fjármagn í þann flokk og ætlað mér að sýna fram á hvursu arðbært það væri fyrir samfélagið, alla vega þegar til lengri tíma er litið - en reyndar uppskorið sviðin og útbrunnin hverfi að launum þrátt fyrir að hafa lagt mig verulega fram og beitt ýmsum brögðum. Held nú reyndar að það sé skrifað inn í leikinn af hreinum skepnuskap PC-forritara. Ég hef tekið eftir því að búið er taka ákvörðun um tónlistarhús í miðborginni sem er full ástæða til að fagna og óska ég pólitíkusum og fjármagnseigendum til hamingju með hugrekkið - Reyndar til að slá á óttann bæta þeir því við að um sé ræða ráðstefnuhús, hótel, íbúðir, banka, skrifstofuhúsnæði og bílahús neðanjarðar. Eitthvað sem allir með peningavit sjá að er eitthvað raunverulegt og vit í að byggja - Þetta er eitt af brögðunum sem maður notar í SimCity. En sú hlið er ekki sett fram með neinum ljóma - maður passar sig á því. Ljóminn er settur á tónlistarhúsið en ekki bankann, skrifstofuhúsnæðið eða hótelbisnissinn sem raunverulega er verið að byggja. Tónlistarhúsið er notað til selja hugmyndina um framkvæmdina og fá lóðina.

Ég veit ýmislegt um hvernig hugmyndir eru seldar, hef oft orðið vitni að hreinni snilld í útfærslu á því sviði. Best er að fara í draumalandið - þar erum við öll jafn veik fyrir. Sölumaskínan er sett í gang. Talað er um hvað mikið sé lagt uppúr listfengi hússins. „Meginhugmyndin með byggingunni er að skapa kristallað form með fjölbreyttum litum sem sóttir eru í nærliggjandi náttúru sem gefur þeim er þess nýtur síbreytileg tilfinningaleg áhrif. Byggingin (takið eftir - tónlistarparturinn - ekki bankinn og skristofuplássið) stendur ein og sér eins og stöpull, sem endurspeglar breytingar í himinblámanum bæði hvað varðar þéttleika og litbrigði, eftir veðri, árstíma og mismunandi tímum sólarhringsins. Sólskinið mun auka á áhrif minnstu einkenna í ljósi og skuggum. Byggingin mun endurspegla glóandi hraunbreiður þegar hún lýsir gullrauðum loga en jökla þegar hún verður ísblá.“ Til hamingju Ólafur!

**Byggingarundur veraldar**

Ég segi nú bara „Hamraborgin há og fögur“ eða „Stóð ég út í tunglsljósi, stóð ég út við skóg“! Enda halda þeir sem keyptu hugmyndina ekki vatni. Haft var eftir Birni Bjarnasyni dómsmálaráðherra og fyrrum menntamálaráðherra á forsíðu Morgunblaðsins þegar ákvörðun var tekin mörgum að óvörum nú í haust: „Mér finnst stórkostlegt að sjá hvernig þetta hefur verið útfært“ og „Þetta mun lyfta landinu öllu upp á nýtt listrænt stig og tónlistarhúsið mun verða eitt af byggingarundrum veraldar þegar upp verður staðið“ Ég er nú reyndar nokkuð viss að það er ekki rétt hjá honum - til þess er tillagan sem var valin eftir smekk fjármagnseigendanna of gamaldags. Þetta er ekki nýtt trix. Svipuð aðferðafræði var notuð þegar Þjóðleikhúsið var reist. Haft var eftir höfundinum: „Þegar ég byrjaði í uppdrættinum, komu strax í hug minn þjóðsögur okkar um huldufólkið og hamrabergsmyndun okkar. Hvorttveggja þetta er rammíslenskt. Í fátækt sinni dreymdi þjóðina, að hin dásamlega fegurð, skraut, ljós og ylur, væri í híbýlum huldufólksins, hinum risavöxnu hömrum hins náttúrumeitlaða bergs. Á hugsjón þessari reisti ég Þjóðleikhúsið sem voldugan hamar, þar sem fegurð lífsins blasir við, þegar í hamarinn er gengið,“ Jónas frá Hriflu, dóms- og menntamálaráðherra þeirra tíma, bræst við: Án Guðjóns Samúelssonar hefði að vísu verið hægt að reisa skýli yfir leikmennt höfuðstaðarins af svipaðri gerð eins og kvikmyndahús þau, sem byggð hafa verið hér á landi. En þá hefði ekki verið álfahöll, þar sem steinarnir tala bæði til göngumannsins á götunni og gestsins í Þjóðleikhúsinu.“ Til hamingju Björgúlfur!

VIÐTALIÐ
eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur
Föstud. 21. apríl kl. 20.00
Fimmtud. 27. apríl kl. 20.00
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA
MOZART
Vesperae Solenes de Confessore
HAYDN
Stabat Mater
Tónleikar í Langholtskirkju
Sunnudag, 9. apríl kl. 20
Þriðjudag, 11. apríl kl. 20
Einsöngvarar:
Hulda Björk Garðarsdóttir, Nanna Maria Cortes, Jónas Guðmundsson, Davíð Ólafsson
Konsertmeistari: Sif Tulinius
Stjórnandi: Magnús Ragnarsson
Miðasala við innganginn og á www.midi.is, nánar á www.filharmonia.mi.is

allt hús
Alla mánudaga

Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100

VOR Í KRAMHÚSINU
NÝ NÁMSKEIÐ EFTIR PÁSKA:
Afró
Salsa
Kúban
Karabískir
Tangó
Balkan
Magadans
Jazz Funk
Housedans
Astangajóga
Kripalujóga
Dansjóga
Músíkleikfimi
NÁNARI UPPLÝSINGAR:
www.kramhusid.is
kramhusid@kramhusid.is
Símar: 551-5103 • 551-7860
KRAMHÚSIÐ

Eldhús eftir máli
Menningarverðlaun DV í leiklist
Sýningum lýkur í apríl!
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Nína og Geiri
söngbók Björgvins Halldórssonar
Leikstjóri: Gunnar Helgason
22. apríl: Fá borð laus
6. maí: AUKASÝNING
Ógreiddir miðar seldir hálftímanum fyrir viðburð.
5331100
Netfang: midasala@broadway.is
BROADWAY
Aðeins þessar sýningar

SÍÐUSTU SÝNINGAR
TYPPATAL
MEÐ AUDDA
LEIKSTJÓRN: SIGGI SIGURJÓNS
Sýnt á NASA við Austurvöll
Miðvikudagur 12. apríl
Laugardagur 15. apríl
Miðvikudagur 19. apríl
Miðasala í síma 575 1550, verslunum Skífunnar og www.midi.is

The Big Cry
í Kassanum, Þjóðleikhúsinu
Einungis þrjár sýningar:
12., 19. og 20. apríl
kl. 21.00
Höfundur og flytjandi:
Margrét Sigurðardóttir o.fl
„Fyrsti gráturinn: Þessi yfirþyrmandi höfnunartilfinning sem við finnum þegar okkur er spútt út úr móðurkviði, meðhöndluð með stáltöngum og slegin á rassinn af hönd í gúmmíhanska. Er nokkurn tímann hægt að jafna sig á þessu?“

OPNUNARTILBOÐ:
Ef keyptir eru tveir miðar eða fleiri í Íslensku óperunni færðu ókeypis geisladisk með tónlistinni úr sýningunni.
Gildir laugardag og sunnudag á meðan birgðir endast.
„Besta söngleikjauppfærsla leikársins“
S.S Fréttablaðið
„Ótrúlega kraftmikil sýning... dettur aldrei niður, ekki eina einustu sekúndu...stórkostleg“
SL RÚV
ÍSLENSKA ÓPERAN
FRUMSÝNING
Í ÍSLENSKU ÓPERUNNI
LAUGARDAGINN 13. MAÍ KL. 20
2. sýn. sunnud. 14. maí kl. 19
3. sýn. laugardagur 20. maí kl. 19
4. sýn. laugardagur 27. maí kl. 19
5. sýn. laugardagur 3. júní kl. 19
6. sýn. laugardagur 10. júní kl. 19
MIÐASALA ER HAFIN!
Sími: 511 4200 | opera@opera.is | www.opera.is
ATH! Miðasala á Netinu allan sólarhringinn
LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
SETT UPP AF LA Í SAMSTARFI VIÐ ÍÓ
LEIKFÉLAG AKUREYRAR
KEA HÓTEL
olís
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
NORÐURORKA
Landsvirkjun



**KRISTÍN ÓMARSDÓTTIR**

„Koddi minn er fullur af ófæddum draumum sem

bíða fæðingar“

Upphafsorð ljóðsins „Rúmið mitt“ úr bókinni Sérstakur dagur eftir Kristínu Ómarsdóttur. Bókin kom út árið 2000.

# bækur

baekur@frettabladid.is

## Fyrirferðarminni fróðleikur

Það sparar tíma og fyrirhöfn að geta flett upp upplýsingum í tölvu í stað þess að grufla í þykkum skruddum. Fólk sem ver löngum stundum fyrir framan skjái kætist víst þegar vefútgáfum uppflettirita fjölgar. Nú hefur Edda útgáfa smellt saman vefbókum í eina gjafaöskju en með henni má fá aðgang að Íslenskri orðabók, Dansk-íslenskri orðabók, Íslensk-danskri orðabók, ritinu Samtíðarmönnum, Kortabók Íslands og Nöfnum Íslendinga til tveggja ára.

Edda hóf útgáfu á vefritunum veturinn 2004 þegar framhaldsskólum var boðinn frír aðgangur að Íslenskri orðabók og Dansk-íslenskri orðabók á vefsvæðinu gagnasafn.is. Í fyrrahaust var vefsvæðið vefbaekur.is opnað og þá bættust Kortabók Íslands, Samtíðarmenn og Íslensk-dönsk orðabók við en Orðstöðulyklar Laxness og Íslendingasagna hafa frá upphafi verið hluti af útgáfunni. Hægt er að sækja um tímabundna áskrift að tilteknum ritum á vefsvæðinu.

Nýjasta viðbótin við vefritasafn Eddu er bókin Nöfn Íslendinga eftir Guðrúnu Kvaran, forstöðumann Orðabókar háskólans, og Sigurð Jónsson frá Arnarvatni en hún hefur verið ófánleg um árabil og verður ekki endurútgefin á bókarformi og er því mikill fengur í útgáfu hennar á netinu.



**ÍSLENSK ORÐABÓK** Hilluplássið sparað.

## > Bók vikunnar




**Skoðum myndlist**

Fróðleg bók fyrir unga listunnendur eftir Önnu C. Leplar og Margréti Tryggvadóttur. Íslensk myndlist fyrr og nú í fléttuð inn í skemmtilega sögu af hressum krökkum og uppátækjasömum hundi.

## [METSÖLULISTI]

**29. MARS - 4. APRÍL**

**HEILDARLISTI**

| | | |
|---|---|---|
| 1 | **DRAUMALANDIÐ** | ANDRI SNÆR MAGNASON |
| 2 | **FLUGDREKAHLAUPARINN** | KHALED HOSSEINI |
| 3 | **MUNKURINN SEM SELDI...** | ROBIN SHARMAN |
| 4 | **SÁLMABÓK** | ÝMSIR HÖFUNDAR |
| 5 | **VÍSINDABÓKIN** | MÁL OG MENNING |
| 6 | **FULLUR SKÁPUR AF LÍFI** | ALEXANDER MCCALL SMITH |
| 7 | **TÍMI NORNARINNAR** | ÁRNI ÞÓRARINSSON |
| 8 | **FERMIÐ OKKUR** | HUGLEIKUR DAGSSON |
| 9 | **GÆFUSPOR** | GUNNAR HERSVEINN |
| 10 | **DÝRARÍKIÐ** | PENELOPE ARLON |

**SKÁLDVERK -INNBUNDNAR BÆKUR**

| | | |
|---|---|---|
| 1 | **SÁLMABÓK** | ÝMSIR HÖFUNDAR |
| 2 | **PASSÍUSÁLMAR** | HALLGRÍMUR PÉTURSSON |
| 3 | **STEINN STEINARR - LJÓÐASAFN** | STEINN STEINARR |
| 4 | **LJÓÐASAFN** | TÓMAS GUÐMUNDSSON |
| 5 | **STÓRBÓK** | ÞÓRBERGUR ÞÓRÐARSON |
| 6 | **BREKKUKOTSANNÁLL** | HALLDÓR LAXNESS |
| 7 | **DÁIÐ ER ALLT ÁN DRAUMA** | HALLDÓR LAXNESS |
| 8 | **ÍSLENDINGASÖGUR I-III** | MÁL OG MENNING |
| 9 | **FJALLKIRKJAN** | GUNNAR GUNNARSSON |
| 10 | **ÞJÓÐSKÁLDIN - STÓRBÓK** | MÁL OG MENNING |

**HAND- OG FRÆÐIBÆKUR/ ÆVISÖGUR**

| | | |
|---|---|---|
| 1 | **DRAUMALANDIÐ** | ANDRI SNÆR MAGNASON |
| 2 | **MUNKURINN SEM SELDI** | ROBIN SHARMAN |
| 3 | **VÍSINDABÓKIN** | MÁL OG MENNING |
| 4 | **GÆFUSPOR** | GUNNAR HERSVEINN |
| 5 | **ÍSLENSK ORÐABÓK I-III** | MÖRÐUR ÁRNASON |
| 6 | **ÍSLENSKIR MÁLSHÆTTIR** | SÖLVI SVEINSSON |
| 7 | **ÍSLENSKUR STJÖRNUATLAS** | SNÆVARR GUÐMUNDSSON |
| 8 | **ENSK-ÍSL/ ÍSL-ENSK ORÐABÓK** | ORÐABÓKAÚTGÁFAN |
| 9 | **DRAUMALAND** | ARNA SKÚLADÓTTIR |
| 10 | **SU DOKU** | WAYNE GOULD |

**SKÁLDVERK - KILJUR**

| | | |
|---|---|---|
| 1 | **FLUGDREKAHLAUPARINN** | KHALED HOSSEINI |
| 2 | **FULLUR SKÁPUR AF LÍFI** | ALEXANDER MCCALL SMITH |
| 3 | **TÍMI NORNARINNAR** | ÁRNI ÞÓRARINSSON |
| 4 | **FERMIÐ OKKUR** | HUGLEIKUR DAGSSON |
| 5 | **KLEIFARVATN** | ARNALDUR INDRIÐASON |
| 6 | **HROKI OG HLEYPIDÓMAR** | JANE AUSTEN |
| 7 | **ALKEMISTINN** | PAOLO COELHO |
| 8 | **MÝRIN** | ARNALDUR INDRIÐASON |
| 9 | **DAUÐARÓSIR** | ARNALDUR INDRIÐASON |
| 10 | **ENGLAR OG DJÖFLAR** | DAN BROWN |






# Stafrænar Þorlákstíðir

**Sönghópurinn Voces Thules sérhæfir sig í flutningi íslenskrar miðaldatónlistar og nú er söngur hans á Þorlákstíðum kominn út í veglegri safnútgáfu.**

Sverrir Guðjónsson, söngvari og einn af stofnendum hópsins, rekur aðdraganda verkefnisins allt til ársins 1993 þegar hópurinn flutti kafla úr tíðasöngnum í Kristskirkju í tilefni af 800 ára ártíð Þorláks biskups. Þorlákstíðir eru tilbeiðslu- eða íhugunarsöngur en verkið er eitt merkasta tónverkið sem varðveist hefur frá kaþólska tímanum. Þorlákur var biskup í Skálholti á árunum 1177-1193 og eru til um hann mörg kvæði og textar. Ekki er vitað hver höfundur tíðasöngsins er en handritið, sem er á latínu, er talið frá um 1400.

„Í framhaldi af heildarflutningi verksins á Listahátíð í Reykjavík árið 1998 þróaðist hugmyndin um að hljóðrita það,“ segir Sverrir. Síðar var tekin ákvörðun um að vinna veglega útgáfu á því og gefa út sannkallaða listbók. „Í öskjunni eru þrír geisladiskar og einn DVD-diskur en upptökurnar eru allar í fullkomnustu hljómgæðum. Svo fylgir latneski textinn ásamt íslenskri og enskri þýðingu en í bókinni sjálfri má síðan finna greinar á ýmsum tungumálum, meðal annars á japönsku,“ segir Sverrir. Hópurinn leitaði til margra sérfræðinga á vinnuferlinu, til dæmis til bróður Daníels Saulnier, sem er yfirmaður handritadeildar Solesmes-klaustursins í Frakklandi, en hann ritar aðalgrein bókarinnar.

Endanleg hljóðritun verksins fór fram í Hallgrímskirkju en Sverrir segir að hópurinn hafi leitað víða að hentugum stað fyrir upptökurnar því gregorískur söngur þarfnist sérstaks hljóms til að njóta sín. „Við fengum aðgang að kirkjunni fyrir velvild en það tók langan tíma að hljóðrita verkið í heild,“ segir hann. Hópurinn hafði áður hljóðritað í samvinnu við Ríkisútvarpið en ákvörðun var tekin um að taka upp á ný því hópurinn vildi nýta sér nýjustu tækni. „Það var viturlegt því við fórum ennþá betur ofan í saumana á verkinu og fundum þann tón sem við höfðum verið að leita að,“ segir hann og bætir við að verkefnið í heild hafi verið mjög spennandi ferðalag fyrir hópinn.

Hönnun gripsins er í höndum Brynju Baldursdóttur myndlistarkonu. „Hún byggir á dýrlingamynd úr útsaumuðu altarisklæði frá fyrri hluta 16. aldar,“ útskýrir Sverrir en útkoman er einkar glæsileg. Þessi veglegi safngripur kemur aðeins út í takmörkuðu upplagi, 1.200 tölusettum eintökum, en útgáfufyrirtækið 12 Tónar sér um dreifingu. **kristrun@frettabladid.is**



**SVERRIR GUÐJÓNSSON SÖNGVARI** Voces Thules flutti fyrst kafla úr tíðasöngnum árið 1993 í Kristskirkju í tilefni af 800 ára ártíð Þorláks biskups. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Fyrstu „blókmenntaverðlaunin“

Blooker-verðlaunin voru afhent í fyrsta sinn í vikunni. Eftir því sem næst verður komist eru verðlaunin þau fyrstu sinnar tegundar, en þau eru veitt fyrir svokallaðar bloggbókmenntir eða „blókmenntir“ því aðeins bækur sem hafa byrjað sem blogg eiga möguleika á að hljóta þau.

Höfundurinn Julie Powers hreppti hnossið fyrir „blók“ sem lýsir því þegar hún reyndi að elda 524 franskar sælkerauppskriftir úr bók sælkerakokksins Juliu Child frá 1961 á einu ári en eiginmaður Powers hvatti hana til að blogga um þessa tilraun. Bloggið hennar spurðist hratt út og kom síðar út undir heitinu Julie og Julia: 365 dagar, 524 uppskriftir, eitt lítið eldhús.

Bandarískur athafnamaður að nafni Bob Young kom Blooker-verðlaununum á fót, meðal annars til að kynna vefsíðu sína Lulu.com, þar sem fólki gefst kostur á að setja handrit á netið og gefa út eftir pöntun. Honum kom ánægjulega á óvart hversu sterk viðbrögð verðlaunin fengu en alls voru 89 bækur frá tólf löndum tilnefndar til Blooker-verðlaunanna.




**VERÐLAUNA-„BLÓKIN“** Julie Powers ákvað að blogga um eldhúsraunir sínar.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**APRÍL**

6 7 8 **9** 10 11 12

**Sunnudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 **Tríó Reykjavíkur** heldur tónleika í **Hafnarborg** ásamt **Elínu Ósk Óskarsdóttur sópransöngkonu**.

☐ 20.00 Akureyríska metalhljómsveitin **Nevolution** spilar í **Sjallanum** á Ísafirði ásamt **Fabb**, **Dimmu** og **Lack of talent**.

☐ 20.00 **Ellen Kristjánsdóttir** og **Eyþór Gunnarsson** halda sálmatónleika í **Fríkirkjunni** ásamt góðum gestum.

☐ 20.00 Vortónleikar **Söngsveitarinnar Fílharmóníu** í **Langholtskirkju**. Flutt verða verk eftir Haydn og Mozart. Stjórnandi er **Magnús Ragnarsson**.

NOVARTIS
CONSUMER HEALTH

# Nicotinell®

## Njótum lífsins saman, reyklaus!

28. mars 2006 ÞRIÐJUDAGUR

# 700 hætta að reykja

***Viðbúin – tilbúin – stopp er reykleysisátak sem staðið hefur yfir í nokkrar vikur og er stærsta reykleysisátak sem ráðist hefur verið í á Íslandi en fjöldi manns tekur þátt í því.***

Til þess að auðvelda fólki að hætta að reykja er átakinu skipt í þrjú þrep. Í fyrsta þrepinu, viðbúin, undirbýr fólk sig og setur sér markmið, í öðru þrepinu, tilbúin,

Fréttablaðið 28. mars 2006



## Nú er rétti tíminn til að hætta!

## Skráðu þig á www.vidbuin.is







Nicotinell tyggigúmmí er lyf sem er notað sem hjálparefni til að hætta eða draga úr reykingum. Það inniheldur nikótín sem losnar þegar tuggið er, frásogast í munninum og dregur úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Tyggja skal eitt stykki í einu, hægt og rólega til að vinna gegn reykingaþörf. Skammtur er einstaklingsbundinn, en ekki má tyggja fleiri en 25 stk. á dag. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en 1 ár. Nikótín getur valdið aukaverkunum, s.s. svima, höfuðverk, ógleði, hiksta og ertingu í meltingarfærum. Sjúklingar með slæma hjarta- og æðasjúkdóma eiga ekki að nota nikótínlyf. Lyfið ekki ætlað á meðgöngu / brjóstagjöf án samráðs við lækni. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið.Nicotinell tyggigúmmí er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára nema í samráði við lækni. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja pakkningunni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | |
|---|---|
| ICE AGE 2 M/ENSKU TALI | kl. 12, 2, 4, 6, 8 og 10 |
| ICE AGE 2 Í LÚXUS M/ENSKU TALI | kl. 12, 2, 4, 6, 8 og 10 |
| ÍSÖLD 2 M/ÍSLENSKU TALI | kl. 12, 2, 4, 6 og 8 |
| DATE MOVIE | kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 1.30, 3.40, 5.45, 8 og 10.15 |
| PINK PANTHER | kl. 1.30, 3.50 og 10.10 |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | |
|---|---|
| ICE AGE 2 | kl. 3, 6, 8 og 10 M/ENSKU TALI |
| LUCKY NUMBER SLEVIN | kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| THE PRODUCERS | kl. 8 og 10.45 |
| WALK THE LINE | kl. 2.40, 5.15, 8 og 10.45 |
| RENT | kl. 2.40 og 5.20 B.I. 14 ÁRA |

| Borgarbíó SÍMI 462 3500 | |
|---|---|
| ICE AGE 2 | kl. 6, 8 og 10 M/ENSKU TALI |
| ÍSÖLD 2 | kl. 2 400 KR. og 4 M/ÍSL. TALI |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 2 400 KR. |
| DATE MOVIE | kl. 4, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





## FRÉTTIR AF FÓLKI

Það styttist í að söngkonan Mariah Carey reyni á þol fleiri skilningsvita en sjónar og heyrnar. Brátt verður lyktarskynið fyrir barðinu á Mariuh enda er von á ilmvatni frá söngdívunni ógurlegu. Carey hefur ekki gengið sem skyldi í tónlistinni að undanförnu og því ljóst að hún ætlar að reyna fyrir sér á nýjum vettvangi. Hins vegar er spurning hvort þessi framleiðsla rúmist innan ramma Kyoto-samkomulagsins.



Það er ekki nóg með að nýi Bond-leikarinn Daniel Craig kunni ekki að meta hristan Martini og sé hræddur við byssur heldur er hann einnig arfaslakur pókerspilari. Því kölluðu aðstandendur nýju myndarinnar sérfræðinga á svæðið til að kenna Craig hvernig menn bera sig að í spilavíti. Craig hefur margoft hneykslað Bond-aðdáendur og þessi frétt er vafalítið vatn á myllu andstæðinga Craig, sem hefur mátt þola alls kyns háðsglósur að undanförnu.



# Bleikir íþróttaskór frá Adidas

Eflaust kætast fáir jafn mikið yfir því að tískan fer í hringi eins og íþróttaskóframleiðendur, því í dag er fólk tilbúið að borga margfalt verð fyrir gömlu leikfimiskóna sem það fyrir tuttugu árum faldi ofan í tösku. Í byrjun mánaðarins kynnti Adidas Adicolor-skóna til sögunnar á nýjan leik. Þeir voru fyrst fáanlegir árið 1983 og þóttu þá ansi sérstakir enda fylgdu þeim málningartúbur þannig að kaupendurnir gátu skreytt skóna eftir eigin höfði. Nú fékk hins vegar Adidas sex hönnuði til liðs við sig til að blása nýju lífi í þessa skólínu. Dönsku hönnuðnir hjá WoodWood eru meðal þeirra sem fengu að spreyta sig. Fréttablaðið hitti Karl Oskar, einn af hönnuðum fyrirtækisins, á vinnustofu hans í Kaupmannahöfn fyrir helgi.



**ADICOLOR** Nýstárleg hönnun hefur vakið athygli og þeir verða seldir í verslunin Kron hér á landi.

„Ég held að Adidas hafi viljað fá einhvern óþekktan hönnuð að verkefninu. Við erum eiginlega litli karlinn í þessu verkefni," segir Karl brosandi þegar hann er spurður af hverju fyrirtækið hafi verið valið en WoodWood var stofnað fyrir þremur árum og eru vörur þess fáanlegar í fjörutíu búðum úti um allan heim. Auk þess rekur það tvær búðir í Kaupmannahöfn og önnur þeirra seldi einmitt Adicolor-skóna. „Reyndar seldust öll pörin upp á tveimur tímum þannig að ef fólk hefur áhuga á að kaupa þá verður það að fara á eBay. Það voru reyndar aðeins framleidd á bilinu sex hundruð til þúsund pör af hverju pari," bætir Karl við. Kostaði skóparið rúmar sextán þúsund íslenskar krónur. Aðspurður um næstu verkefni segir Karl að WoodWood sé nú að vinna að línu fyrir breska fatamerkið Fred Perry. Mun WoodWood fá leyfi til að koma með sína útgáfu af hinum þekktu pólóbolum Fred Perry. „Þeir verða einmitt seldir í Kron", segir Karl glaðbeittur. „Þau hafa selt vörurnar okkar síðan við byrjuðum og við erum mjög ánægðir með samstarfið við þau," segir hann og bætir því við að fleiri íslenskar verslanir hafi beðið um vörurnar en því hafi verið hafnað enda vilji WoodWood aðeins vinna með Kron. Karl segist þó aldrei hafa komið til Íslands en stefni á að bæta úr því á árinu.



**FLOTTIR** Vörur WoodWood eru fáanlegar í fjörutíu búðum út um allan heim en allir Adicolor-skórnir eru uppseldir.









# Laus og liðug

Salma Hayek nýtur þess að vera laus og liðug, sem hún segir vera tilvalið til að finna sig sjálfa. Hayek segist ætla að verja meiri tíma með sjálfri sér eftir misheppnuð ástarsambönd við Edward Atterton, nafna hans Norton og Josh Lucas. „Ég fór úr fjögurra ára sambandi yfir í annað jafnlangt. Svo fór ég á stefnumót í nokkur ár," sagði leikkonan við blaðamenn á dögunum. „Í fyrsta skipti í tíu ár er ég á lausu og ætla að njóta þess. Það verður yndislegt að vera bara Salma Hayek en ekki kærasta einhvers."



**SALMA HAYEK**





# Nær hjarta Ameríku

**TÓNLIST**

**[UMFJÖLLUN]**

Calexico búa bara til góðar plötur, þannig hefur það verið og nýjan platan sannar að þannig sé það ennþá. Sveitin hefur aldrei ollið mér vonbrigðum og virðist ekkert vera á leiðinni að gera það.

Garden Ruin er fyrsta platan þeirra í þrjú ár eða frá því að þeir gerðu meistarastykkið sitt, Feast of Wire. Samkvæmt öllum mínum kenningum um hljómsveitir og lífsdaga þeirra ætti glansinn af þessum mönnum að vera byrjaður að mást af en svo er ekki. Calexico setti sér mjög skíra stefnu strax frá upphafi. Að blanda saman bandarískri kántríhefð við mexíkanska tóna. Á þessari nýju plötu eru mexíkósku áhrifin eiginlega alveg farin. Þetta hljómar eins og Calexico en sveitin hefur aldrei áður sótt jafn sterkt í bandarískar rætur sínar. Ég held líka að þeir hafi aldrei hljómað svona sáttir í sínu skinn því það er ekki vottur af tilgerð á plötunni.

Platan hljómar eins og hún sé hljóðrituð af þeim sjálfum í æfingarhúsnæðinu. Þeir missa sig meira að segja óþægilega mikið í rokkið í þetta skiptið. Einhverstaðar las ég viðtal við liðsmenn þar sem þeir fullyrtu að þessi plata væri aðgengilegri en fyrri verk. Það er bæði rétt og rangt. Mér finnst lögin á þessari plötu ekki eins eftirminnileg og mörg af þeim eldri. Þá kannski aðallega vegna þess að útsetningarnar núna eru meira blátt áfram. Sjálfur er ég örlítið hrifnari af tilraunamennskunni en hef það samt á tilfinningunni að þetta gæti orðið þeirra metsöluplata.

Hvernig sem því líður þá er Garden Ruin enn ein perlan á feril Calexico. Hún stenst allar væntingar, býður hlustandanum í þægilegt ferðalag og nær að hreyfa við manni á þann hátt sem óskað var eftir. **Birgir Örn Steinarsson**




**CALEXICO: GARDEN RUIN**

**Niðurstaða:** Fyrsta hljóðversskífa Calexico í þrjú ár er engin vonbrigði. Hér er á ferð sveit sem veit hvað hún vill, og hefur burði til þess að koma því til skila.

# Alexandra færist aftar

Útlit er fyrir að Alexandra Danaprinsessa færist fljótlega aftar í goggunarröð konungsfjölskyldunnar, enda er fyrrverandi eiginmaður hennar, Jóakim prins, kominn í alvarlegt samband við franska yngismey sem er ellefu árum yngri en Alexandra. Hafa dönsku vikublöðin áhyggjur af þessu enda er prinsessan enn í miklum metum hjá dönsku þjóðinni og myndir af henni prýða forsíður blaðanna títt.

Það stefnir því í að Alexandra verði að sýna lakkaðar klærnar ætli hún að eiga bókað sæti í fínustu veislunum í Amalienborgarhöll í framtíðinni.



**ALEXANDRA DANAPRINSESSA** Þarf að berjast fyrir sæti sínu hjá dönsku hirðinni eftir að fyrrum eiginmaður hennar Jóakim hóf ástarsamband við franska snót.

FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES


VOR Í KRAMHÚSINU

**NÝ NÁMSKEIÐ EFTIR PÁSKA:**

Afró
Salsa
Kúban
Karabískir
Tangó
Balkan
Magadans
Jazz Funk
Housedans
Astangajóga
Kripalujóga
Dansjóga
Músíkleikfimi

**NÁNARI UPPLÝSINGAR:**
www.kramhusid.is
kramhusid@kramhusid.is
Símar: 551-5103 • 551-7860

KRAMHÚSIÐ












## Guðbjörg með í sumar

Guðbjörg Gunnarsdóttir, markvörður Vals, mun leika með liðinu í sumar en þegar hún fór í speglun kom í ljós að hún er ekki með slitin krossbönd eins og í fyrstu var talið. Hún ætti því að vera klár í fyrsta leik eftir rúman mánuð.

# sport

sport@frettabladid.is



# 60 SEKÚNDUR MEÐ HELENU SVERRISDÓTTUR

**Ágúst Björgvinsson er...** snilldarþjálfari.

**Uppáhaldsútivöllur:** Keflavík.

**Besti samherjinn:** Pálína.

**Erfiðasti andstæðingur:** Hildur Sigurðar.

**Með hverjum hélstu í Idolinu?** Ég fylgdist ekkert með því.

**Hafnarfjörður er...** Góður bær.

**Af hverju körfubolti?** Einfaldlega besta íþróttin.

**Ef ekki körfubolti þá...** fótbolti.

**Bold and the Beautiful eða Neighbours?** Neighbours.

**O.C. eða One Tree Hill?** Þessi er erfið, One Tree Hill.

**Usher eða Justin?** Usher.

**Nike eða Adidas?** Nike.

**Best geymda leyndarmál Hauka?** Sambönd milli karla- og kvennaliðsins.

## > Örn lýkur keppni

Sundkappinn Örn Arnarson hefur lokið keppni á HM í 25 metra laug sem fram fer í Kína. Örn átti eftir að taka þátt í tveim greinum. Í síðustu tveim greinum hækkaði púls Arnar óeðlilega mikið, í 240 slög á mínútu, og þjálfari hans vildi ekki tefla á tvær hættur og dró hann því úr keppni. Örn hefur átt við hjartavanda að etja og fór í hjartaþræðingu fyrir ekki margt löngu. Hann fer til sérfræðings um leið og hann kemur heim.



# Bensínlausir Borgnesingar

Njarðvík byrjaði vel í baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn með sigri gegn Skallagrími í fyrsta leik, 89-70. Borgnesingar byrjuðu vel en urðu bensínlausir.

**KÖRFUBOLTI** „Mínir menn voru dauðþreyttir en ég verð að hrósa ungu strákunum, sem börðust gríðarlega vel. Það kom snemma í ljós að menn mínir voru þreyttir og því setti ég menn af bekknum inn. Ég er mjög ósáttur við hvað við fengum litla hvíld fyrir þessa rimmu og körfuboltans vegna gæti einvígið ekki orðið jafn skemmtilegt af þeim sökum. Nú þarf bara að halda áfram að berjast,“ sagði Valur Ingimundarson, þjálfari Skallagríms, eftir að lið hans beið ósigur 89-70 í fyrsta leiknum gegn Njarðvík í einvíginu um Íslandsmeistaratitilinn.

Borgnesingar byrjuðu leikinn mjög vel og voru 23-19 yfir eftir fyrsta leikhlutann. Ungir strákar sem lítið hafa fengið að spreyta sig í vetur voru í aðalhlutverki hjá liðinu í öðrum leikhluta en George Byrd var kominn með þrjár villur eftir þann fyrsta. Njarðvíkingar áttu frábæran kafla þar sem þeir skoruðu tuttugu stig gegn fjórum stigum gestanna og leiddu 43-32 í hálfleik.

Það var ljóst hvað í stefndi og Njarðvíkingar gerðu út um leikinn í þriðja leikhluta og gátu því leyft sér að hvíla sína lykilmenn í þeim fjórða. Niðurstaðan öruggur 89-70 sigur og ljóst að hvíldin hafði sitt að segja enda voru Skallagrímsmenn að spila gríðarlega erfiðan leik síðasta fimmtudag þegar þeir mættu Keflavík í oddaleik í undanúrslitum.

„Leikurinn endaði einmitt eins og við vildum. Þeir byrjuðu fljótt að nota menn af bekknum og mitt lið ætlaði sér um of gegn þeirra minni spámönnum. Svo komust menn sem betur fer í rétta gírinn og í lokin gátu okkar lykilmenn fengið fína hvíld,“ sagði Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkinga.

Brenton Birmingham var besti maður vallarins í gær með fjórtán stig, sex stoðsendingar, fimm stolna bolta og sex fráköst. Egill Jónasson og Jeb Ivey komu svo með þrettán. Hjá gestunum var Axel Kárason stigahæstur með sextán stig.

Næsti leikur liðanna fer fram í Borgarnesi á mánudag. - egm



**BARÁTTA** Njarðvíkingar virtust alltaf vera tveir gegn einum Borgnesingi í gær enda mun ferskari eftir góða hvíld, ólíkt Borgnesingum, sem fengu að hvíla í heilan dag eftir rimmuna gegn Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR






# Geit getur bjargað!

Mikil hungursneyð ríkir nú í Malaví vegna þurrka og uppskerubrests og þarf að bregðast hart við henni. Hér nægja ekki aðgerðir sem slá á sárasta hungrið í nokkra daga, heldur þarf að leggja grunn að framtíð án ótta um hungurdauða. Geitur, hænur og önnur harðgerð húsdýr leika hér lykilhlutverk.

Þannig gefur geit mjólk, kjöt og afkvæmi sem má selja fyrir nauðþurftum. Samt kostar hún ekki nema 2.400 krónur.

Með aðstoð sem þessari er raunhæft að ætla að framlög Íslendinga til hjálparstarfsins nú um páskana geti breytt framtíðarhorfum fólks á starfsvæði Hjálparstarfs kirkjunnar verulega.

Munið heimsenda gíróseðla.



## Framlag þitt nýtist á áhrifaríkan hátt!

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



**STEFAN LÖVGREN** Skoraði sex mörk fyrir Kiel í dag en það dugði ekki til. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Undanúrslit þýska bikarsins:

## Magdeburg ekki í úrslit

**HANDBOLTI** Íslendingaliðið Magdeburg komst ekki í úrslit þýsku bikarkeppninnar í handbolta en liðið tapaði fyrir Hamburg í gær, 31-30. Arnór Atlason og Sigfús Sigurðsson léku ekki með Magdeburg í leiknum

Hamburg mun mæta Kronau/Östringen í úrslitum en Kronau gerði sér lítið fyrir og lagði Kiel, 33-31.
**- hbg**

Fram er aðeins tveim leikjum frá Íslandsbikarnum:

# Aftaka í Safamýri

**HANDBOLTI** Fram gefur ekkert eftir í baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn og liðið er aðeins tveim skrefum frá titlinum eftir stórsigur gegn ÍR, 44-24.

Margir áttu von á spennandi rimmu en leikurinn í gær var aðeins spennandi í um tíu mínútur því í stöðunni 6-5 fyrir Fram hrundi leikur ÍR til grunna og miskunnarlausir Framarar gengu hreint til verks og hreinlega slátruðu ÍR-liðinu og leiddu með fjórtán mörkum í leikhlé, 23-9.

Dagskránni var þar með lokið og síðari hálfleikurinn tóm leiðindi á að horfa. Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Fram, var þrátt fyrir stórsigurinn ekki í rónni fyrr en um miðjan síðari hálfleikinn. Hinn ungi Rúnar Kárason fékk rautt spjald um miðjan síðari hálfleikinn og verður því í banni gegn HK. Guðmundur var mjög ósáttur við spjaldið.

„Þetta voru litlar sakir og þær alíslensku reglur að menn fari beint í bann fyrir rautt spjald eru bara grín. Þarna átti sér stað slys og þetta var enginn ásetningur. Það er til að mynda búið að berja Sigfús hjá okkur í andlitið í allan vetur margoft í leik án þess að sjáist rautt spjald og það gengur ekki að hafa þessar sérreglur," sagði Guðmundur reiður.
**- hbg**



**ÁKAFIR HORNAMENN** Guðjón Drengsson og Ragnar Helgason tóku oft hraustlega á hvor öðrum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**EINU UNDIR** Tiger Woods var einu höggi undir pari eftir tvo keppnisdaga.

Masters-mótið í golfi:

## Tiger Woods er mjög bjartsýnn

**GOLF** Bandaríski kylfingurinn Chad Campbell var með þriggja högga forystu eftir tvo hringi á bandaríska Masters-mótinu í golfi sem fer fram í Augusta í Georgíu. Campbell var á sex höggum undir pari en Vijay Singh, Rocco Mediate og Fred Couples komu þar á eftir á þremur undir. Efsti maður heimslistans, Tiger Woods, var í tíunda sæti á einu höggi undir pari.

„Ég er aðeins fimm höggum á eftir og það er ekki mikill munur. Ég er í hörkuformi og er mjög bjartsýnn á að ná að vinna það upp. Veðrið hefur ekki verið eins og best verður á kosið en það þýðir ekkert að kvarta þó aðstæðurnar séu erfiðar," sagði Woods. Bein útsending frá mótinu hefst á Sýn klukkan 18.50 í kvöld.
**- egm**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

6 7 8 **9** 10 11 12

### Sunnudagur

**LEIKIR**

- 17.00 **ÍBV** og **Stjarnan** mætast í DHL-deild karla í handbolta.
- 19.15 **FH** og **HK** mætast í DHL-deild karla í handbolta.
- 20.00 **Haukar** og **Víkingur/Fjölnir** mætast í DHL-deild karla í handbolta.

**SJÓNVARP**

- 10.30 **Box** á Sýn. Bardagi Floyds Mayweather og Zab Judah frá í nótt endursýndur.
- 12.50 **AC Milan-Chievo** á Sýn.
- 14.15 **Blakbikarinn** á RÚV.
- 14.50 **US Masters** á Sýn.
- 16.50 **Racing-Barcelona** á Sýn.
- 18.50 **US Masters** á Sýn.
- 21.50 **Helgarsportið** á RÚV.




# ÓGLEYMANLEGT OG VIÐBURÐARÍKT ÆVINTÝRI

**Ellert B. Schram** lætur af embætti forseta Íþróttasambands Íslands í lok aprílmánaðar eftir farsælan fimmtán ára feril í embætti. *Hjalti Þór Hreinsson* ræddi við Ellert um stjórnartíðina og sýn hans á íþróttahreyfinguna á Íslandi.



FORINGINN STÍGUR AF STÓLI Ellert B. Schram hefur verið í framvarðasveit íslensku íþróttahreyfingarinnar um áratuga skeið en í lok mánaðarins stígur hann af stóli og tekur sér önnur verkefni fyrir hendur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ellert fæddist hinn 10. október 1939 í Vesturbæ Reykjavíkur og byrjaði ungur að æfa knattspyrnu með KR. Þar með fylgdi hann í fótspor Björgvins föður síns, sem og allrar fjölskyldu sinnar, sem er svört og hvít út í gegn. „Í mínu ungdæmi var fátt annað á boðstólum en að spila fótbolta,“ sagði Ellert, sem átti glæstan feril með Vesturbæjarliðinu. Faðir Ellerts sá honum fyrir útbúnaði sem var ekki á hverju strái og lék hann í fimmtán ár með KR.

Á þeim tíma varð Ellert fimm sinnum Íslandsmeistari og sjö sinnum bikarmeistari auk þess að vera fastamaður og fyrirliði íslenska landsliðsins í rúman áratug. Ellert þótti einnig liðtækur markmaður í handbolta þrátt fyrir að knattspyrnan hafi orðið ofan á.

„Frá unga aldri hef ég verið alæta á íþróttir og sem betur fer hef ég enn orku og líkama til að leika mér. Ég stunda skíði, skvass, sund og almenna líkamsrækt en ég hef dregið mig aðeins í hlé frá knattspyrnunni til að meiða mig ekki. Þá er ég orðinn mikill áhugamaður um golf og því er af nógu að taka,“ segir Ellert.

**Lék gegn Liverpool**

KR lék í Evrópukeppninni og Ellert mætti þar meðal annars Liverpool í fyrsta Evrópuleik enska liðsins. „Dagurinn sem við spiluðum á Anfield er mér ógleymanlegur. Það var stór stund fyrir okkur og líka þá ensku enda bæði lið að spila í fyrsta sinn í Evrópukeppninni,“ sagði Ellert en auk þess spilaði hann með KR gegn liðum á borð við Arsenal og Feyenoord.

Þrátt fyrir að hafa tilboð um að spila erlendis sem atvinnumaður tók Ellert nám, vinnu og fjölskyldu fram yfir atvinnumennskuna. Ellert er lögfræðingur að mennt og starfaði sem slíkur áður en hann fékk starf sem skrifstofustjóri borgarverkfræðings. Þar vann hann í fimm ár áður en hann var kjörinn á Alþingi árið 1971. Þar sat Ellert með hléum, í þrettán ár áður en hann tók við ritstjórn dagblaðsins Vísis og síðar DV þar sem hann sat í fimmtán ár.

Auk þessa var Ellert svo kjörinn forseti KSÍ árið 1973 og gegndi því starfi í sextán ár þar til núverandi formaður, Eggert Magnússon, tók við af honum.

„Það var mjög skemmtilegur tími, en erfiður. Fjármagn til reksturs var af skornum skammti og við höfðum litlar sem engar tekjur aðrar en af landsleikjum og happdrættum. Það kom nánast enginn peningur inn af sjónvarpsrétti eða kostunaraðilum. Þetta var erfið barátta en okkur tókst að gera margt nýtt, til að mynda að fara af stað með stofna kvennalandslið, efla fræðslu og þjálfun og fjölga deildum og liðum í þeim,“ segir Ellert.

**Forseti í fimmtán ár**

Árið 1991 var Ellert svo kjörinn forseti ÍSÍ en lætur af störfum á ársþingi sambandsins sem fer fram í lok mánaðarins. „Fyrir mann sem hefur brennandi áhuga á íþróttum er þetta draumastarf. Ég fæ að vinna að því sem mér kærast og þessu fylgja mikil samskipti um allt, bæði hér heima og erlendis, ekki síst í Ólympíuhreyfingunni. Forseti ÍSÍ hefur í mörg horn að líta, er viðstaddur íþróttaviðburði, vígslur íþróttahúsa, afmæli og jafnvel jarðarfarir. Fundarhöld, viðvera, þjónusta, atbeini í þágu íþrótta og samskipti við fjöldamarga aðila, innan og utan hreyfingarinnar er stór hluti af starfinu og umfang Íþróttasambandsins er oft meira en fólk áttar sig á. Það eru nálægt 1.000 formlegar deildir, félög og sambönd innan ÍSÍ, misstór en öll jafn merkileg,“ segir Ellert.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar í stjórnartíð Ellerts og segir hann mikið hafa breyst á þessum fimmtán árum. „Þjóðfélagið hefur breyst mikið, íþróttalífið sömuleiðis og umfangið stækkar. Það er aukin þáttaka, vaxandi skilningur á íþróttum, meiri umfjöllun, velvilji í okkar garð og fólk er farið að átta sig á því að íþróttir eru ekki eyland. Þær tilheyra mannlífinu. Íþróttir er menning og snar þáttur af samfélaginu,“ segir Ellert.

**Áhyggjur af peningunum**

Peningar skipa stóran sess í íþróttalífi hér heima og erlendis. Ellert hefur áhyggjur af vaxandi áhrifum þeirra. „Vandamálið sem við sjáum blasa við hér, meðal annars í fótboltanum, er að peningar ráða því að hluta til hver sigrar og hverjir eru bestir. Ég hef áhyggjur af því. Það er ekki góð þróun þegar menn geta sópað til sín titlum í krafti auðmagns. Þetta er er nýtt af nálinni og hefur færst í aukana. Svona er veröldin í dag,“ segir Ellert, sem þó styður atvinnumennsku í íþróttum heilshugar.

„Þeim sem skara fram úr gefst kostur á að keppa erlendis fyrir laun og á móti koma útlendingar hingað heim til að stunda íþróttir. Þetta er nútíminn og við það verðum við að búa. Í grundvallaratriðum styð ég það heils hugar að fólk nýti hæfileika sína og njóti þeirra í tekjum sínum.“ sagði Ellert.

**Peningaskortur ÍSÍ er stórt vandamál**

Hreyfingarleysi ungs fólks á Íslandi, sem og annars staðar, er vandamál sem Ellert vill setja í forgang. „Það þarf að vinna að því að fólk, sér í lagi ungt fólk, hreyfi sig meira. Þetta er stórt heilbrigðismál og íþróttahreyfingin vill gjarnan koma þar að máli. Þekking, aðstaða og áhugi er til staðar en fjárskortur stendur okkur fyrir þrifum. Íþróttahreyfingin er sjálfboðaliðahreyfing og verður það vonandi áfram, en það þarf að hjálpa sjálfboðaliðum til að sinna verkefnum sínum,“ segir Ellert, sem sér fyrir sér allsherjarátak á þessu sviði, meðal annars með aðstoð skólanna.

„Ég vil sjá grunnskóla og framhaldsskóla taka sér tak í íþróttamálum og sambandið á milli skólanna, íþróttahreyfingarinnar og félaganna þarf að vera meira. Íþróttafélögin geta einnig eflt starfið með eldra fólki, til að mynda með stofnun trimmhópa, en stuðningur frá stjórnvöldum þarf að vera til staðar til að sú þróun geti átt sér stað. Starfi íþróttahreyfingarinnar lýkur aldrei, það er alltaf hægt að gera betur,“ segir Ellert.

**Erfið fæðing minnihlutahópa**

„Eins og Fréttablaðið hefur tekið til umfjöllunar eiga minnihlutahópar á Íslandi, svo sem börn innflytjenda og samkynhneigðir, undir högg að sækja hvað íþróttastarf varðar. Ég veit ekki hvort það er rétt en ef svo er þá er það ekki meðvitað. Í ljósi þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað höfum við verið í sambandi við Fjölþjóðahúsið með samstarf í huga. Við höfum sent út tilmæli til hreyfingarinnar og varað við einelti af þessum toga. Á ársþingi ÍSÍ í lok apríl er gerð tillaga um lagabreytingu þessu til stuðnings. Allir eiga rétt á því sama án tillits til búsetu, kyns, efnahags, litarháttar og nú verður kynhneigð bætt við. Það fer því ekki á milli mála að stefna hreyfingannar er að allir sitji við sama borð,“ sagði Ellert.

**Stoltið í fyrirrúmi**

Ellert gengur hnarreistur frá borði af skrifstofu ÍSÍ eftir feril sem hann getur verið stoltur af. „Ég er stoltur af því að hafa getað lagt lóð mín á vogarskálarnar til að skapa góða íþróttahreyfingu og skapa henni gott orð og góða ímynd. Í stórum dráttum hefur þetta verið farsælt tímabil og vonandi bæði mér og hreyfingunni til virðingar og velgengni. Ég tel mig skila af mér góðu búi og ég held að staða íþróttanna sé góð og vaxandi. Meira getur maður ekki farið fram á,“ sagði Ellert, sem verður ánægður með arftaka sinn, sama hver það verður, en Ólafur Rafnsson, forseti KKÍ, og Sigríður Jónsdóttir, varaforseti ÍSÍ, eru í framboði. „Bæði eru þau með mikla reynslu úr íþróttahreyfingunni og vel að því komin að taka við þessu embætti,“ sagði Ellert, sem er sáttur við árin sín fimmtán innan ÍSÍ.

„Þetta hefur verið ógleymanlegt og viðburðaríkt ævintýri þar sem hver atburðurinn hefur rekið annan en ekkert eitt og sér stendur upp úr, það er af of mörgu að taka. Sem betur fer hefur þetta gengið vel og í íþróttum er fólk sem hefur lífskraft og lífsgleði, er jákvætt og hefur metnað. Að vera svona umhverfi sem ég hef þrifist í og mun gera áfram. Að því leyti hefur þetta verið hvatning til að vakna á morgnana og takast á við starfið. Mér telst til að frá því ég byrjaði í stjórnarstörfum hjá mínu gamla góða félagi KR spanni þetta tímabil 45 ár. Það er því kannski kominn tími á mig,“ sagði Ellert brosmildur, en hann hefur að mörgu að hyggja eftir að hann lætur af embætti.

„Ætli ég byrji ekki á því að sofa út og njóti þess að vera frjáls af skyldumætingum og viðveru. Ég þarf svo að fara að læra á ryksuguna og þvottavélina, enda má búast við að kröfurnar heima fyrir vaxi við það að vera heimavinnandi. Ætli ég fari ekki á matreiðslunámskeið til að mæta þeim kröfum og svo vantar mig ekki áhugamálin og verkefnin. Sennilega verð ég uppteknari nú en nokkru sinni fyrr, enda langt í það að ég setjist í helgan stein,“ sagði Ellert B. Schram að lokum. ■




ÍÞRÓTTAMAÐUR AF GUÐS NÁÐ Ellert hefur alltaf þótt liðtækur íþróttamaður og iðkar enn fjölda íþrótta. Hann sést hér í leik með Old Boys-liði KR seint á níunda áratugnum.

# ÚRSLIT GÆRDAGSINS

## *DHL-deild karla:*

| FRAM-ÍR | 44-24 (23-9) |
|---|---|

**Mörk Fram:** Jóhann Gunnar Einarsson 11/4, Guðjón Finnur Drengsson 6, Sergey Serenko 6, Haraldur Þorvarðarson 5, Sigfús Sigfússon 5, Þorri Björn Gunnarsson 4, Björgvin Björgvinsson 2, Stefán Baldvin Stefánsson 2, Sverrir Björnsson 1, Rúnar Kárason 1, Gunnar Harðarson 1.

**Varin skot:** Magnús Erlendsson 9, Egidijus Petkevicius 7/1, Björn Friðþjófsson 1.

**Mörk ÍR:** Ragnar Helgason 5, Þorleifur Björnsson 5, Hafsteinn Ingason 5/2, Björgvin Hólmgeirsson 4, Davíð Georgsson 2/1, Andri Númason 1, Sigurður Magnússon 1, Tryggvi Haraldsson 1/1.

**Varin skot:** Lárus Ólafsson 16.

| AFTURELDING-KA | 28-29 |
|---|---|

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FRAM | 24 | 18 | 3 | 3 | 715:629 | 39 |
| HAUKAR | 23 | 18 | 1 | 4 | 704:633 | 37 |
| VALUR | 24 | 16 | 2 | 6 | 718:657 | 34 |
| FYLKIR | 24 | 15 | 2 | 7 | 676:600 | 32 |
| STJARNAN | 23 | 13 | 4 | 6 | 668:633 | 30 |
| HK | 23 | 11 | 2 | 10 | 662:644 | 24 |
| KA | 24 | 10 | 3 | 11 | 668:675 | 23 |
| ÍR | 24 | 9 | 4 | 11 | 750:750 | 22 |
| FH | 23 | 9 | 3 | 11 | 636:643 | 21 |
| AFTURELD. | 24 | 8 | 4 | 12 | 615:633 | 20 |
| ÍBV | 23 | 7 | 2 | 14 | 653:712 | 16 |
| ÞÓR A. | 24 | 4 | 5 | 15 | 669:736 | 13 |
| VÍK/FJÖL | 23 | 5 | 1 | 17 | 629:705 | 11 |
| SELFOSS | 24 | 3 | 2 | 19 | 640:753 | 8 |

## *Iceland Express-deild karla:*

| NJARÐVÍK-SKALLAGRÍMUR | 89-70 |
|---|---|

**Stig Njarðvíkur:** Brenton Birmingham 14, Egill Jónasson 13, Jeb Ivey 13, Halldór Karlsson 13, Guðmundur Jónsson 9, Ragnar Ragnarsson 9, Jóhann Ólafsson 5, Hjörtur Einarsson 4, Örvar Kristjánsson 3.

**Stig Skallagríms:** Axel Kárason 16, Pétur Sigurðsson 11, George Byrd 10, Jovan Zdravevski 7, Hafþór Gunnarsson 5, Adolf Hannesson 5, Bjarni Kristmarsson 3, Óðinn Guðmundsson 2, Pálmi Þór Sævarsson 2.

## *Enska úrvalsdeildin:*

| PORTSMOUTH - BLACKBURN ROVERS | 2-2 |
|---|---|

0-1 Bellamy (32.), 1-1 Lua-Lua (41.), 1-2 Bellamy (62.), 2-2 Todorov (78.).

| TOTTENHAM - MANCHESTER CITY | 2-1 |
|---|---|

1-0 Stalteri (44.), 2-0 Carrick (49.), 2-1 Samaras (52.).

| WIGAN ATHLETIC - BIRMINGHAM CITY | 1-1 |
|---|---|

1-0 Johansson (49.), 1-1 Dunn (77.)

| CHARLTON-EVERTON | 0-0 |
|---|---|

**Hermann Hreiðarsson** var fyrirliði hjá Charlton.

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| CHELSEA | 32 | 25 | 4 | 3 | 60-19 | 79 |
| MAN. UNITED | 32 | 22 | 6 | 4 | 64-30 | 72 |
| LIVERPOOL | 33 | 20 | 7 | 6 | 47-22 | 67 |
| TOTTENHAM | 33 | 16 | 10 | 7 | 48-33 | 58 |
| BLACKBURN | 33 | 16 | 6 | 11 | 45-39 | 54 |
| ARSENAL | 31 | 16 | 5 | 10 | 53-23 | 53 |
| BOLTON | 31 | 13 | 9 | 9 | 43-35 | 48 |
| WIGAN | 33 | 14 | 6 | 13 | 38-40 | 48 |
| WEST HAM | 32 | 13 | 7 | 12 | 46-46 | 46 |
| EVERTON | 33 | 13 | 6 | 14 | 31-43 | 45 |
| CHARLTON | 33 | 12 | 8 | 13 | 37-42 | 44 |
| NEWCASTLE | 32 | 12 | 6 | 14 | 34-39 | 42 |
| MAN. CITY | 33 | 12 | 4 | 17 | 40-40 | 40 |
| MIDDLESB. | 31 | 11 | 7 | 13 | 44-52 | 40 |
| FULHAM | 33 | 10 | 6 | 17 | 41-54 | 36 |
| ASTON VILLA | 32 | 8 | 11 | 13 | 34-46 | 35 |
| BIRMINGHAM | 33 | 7 | 8 | 18 | 25-45 | 29 |
| PORTSMOUTH | 32 | 7 | 7 | 18 | 29-54 | 28 |
| WBA | 32 | 7 | 6 | 19 | 28-49 | 27 |
| SUNDERLAND | 32 | 2 | 5 | 25 | 21-57 | 11 |

## *Enska meistaradeildin*

| CARDIFF CITY - READING | 2-5 |
|---|---|

**Ívar Ingimarsson** lék allan leikinn fyrir Reading en **Brynjar Gunnarsson** lék síðustu 11 mínúturnar.

| IPSWICH TOWN - STOKE CITY | 1-4 |
|---|---|

**Hannes Sigurðsson** gat ekki leikið með Stoke.

Íslensku liðin undirbúa sig:

# Keflavík vann Breiðablik

**FÓTBOLTI** Íslensku liðin eru nú á fullu í undirbúningi sínum fyrir Íslandsmótið en nú er rétt rúmur mánuður þangað til mótið hefst. Fjölmörg félög eru stödd erlendis við æfingar og er hið svokallaða Þórismót farið af stað en það er haldið til minningar um Þóri Jónsson og hét áður Canela-bikarinn.

Landsbankadeildarliðin Keflavík og Breiðablik mættust en þar voru það Suðurnesjamenn sem lögðu nýliðana 4-2 þar sem Símun Samuelsson og Guðmundur Steinarsson skoruðu báðir tvö mörk fyrir Keflavík. Blikar komust tvívegis yfir í leiknum.

Á föstudag gerðu Valsstúlkur 2-2 jafntefli við norska liðið Team Strömmen en Katrín Jónsdóttir skoraði bæði mörk Vals. Kvennalið Breiðabliks tapaði 0-5 gegn sama liði fyrir skömmu en á föstudag töpuðu Blikastúlkur 0-4 gegn norska meistaraliðinu Kolbotn.

**- egm**



SUNNUDAGSPENNINN SVALI H. BJÖRGVINSSON

# Þetta var algjört burst

Í úrslitakeppni Íslandsmótsins í körfuknattleik, sem nú stendur yfir, höfum við orðið vitni að miklum sveiflum í leik liða. Lið hafa unnið leiki með miklum mun – en tapað svo fyrir sama liði í næsta leik. Helst mætti líkja þessu við sveiflur á verði íslenskra hlutabréfa að undanförnu, en engin sönnun hefur fengist fyrir því að nokkur tengsl séu þarna á milli. Hér vaknar strax spurningin um að kanna þessi tengsl frekar.

En hver er skýringin á því að lið vinnur annan eins stórsigur og sést hefur nýlega? Slík úrslit eru skiljanleg þegar verulegur munur er á getu liða, en það á ekki við í úrslitakeppninni eins og dæmin sanna. Sigurliðið hagnast heldur ekki sérstaklega á mikilli stigaskorun eins og í fyrirtækjabikarkeppninni, þar sem úrslit í leikjum eru lögð saman; hér fæst einungis einn vinningur hvort heldur munurinn er fimm eða fimmtíu stig.

### Einbeiting mikilvæg

En hvað ræður þá slíkum úrslitum – er það kannski hið alræmda dagsform sem skiptir sköpum?! Hvaða gildi hefur slíkt burst og hver eru áhrifin á sigurliðið og tapliðið?

Yfirleitt er það heimaliðið sem nær að sigra stórt – kraftur leikmanna er í hámarki á heimavelli og áhorfendur styðja kröftuglega við bakið á þeim og púa (eða fúa) jafnvel á andstæðingana, sem eiga hins vegar á hættu að missa einbeitinguna, detta jafnvel tímabundið úr sambandi við eigið toppstykki. Það er stórhættulegt í körfubolta þar sem andstæðingurinn getur skorað fjölda stiga á fáeinum mínútum og náð forystu sem virðist óyfirstíganleg. Þá getur jafnvel verið eins gott að slaka á og einbeita sér að því að vinna næsta leik.



Þjálfarar eru yfirleitt fljótir að benda á að þótt leikur í úrslitakeppni tapist með miklum mun sé hægt að jafna metin með sigri í næsta leik. Leikmenn tapliðsins eru vísir til að tvíeflast við mótlætið og hyggja á hefndir. Erfiðara virðist hins vegar oft að koma leikmönnum sigurliðsins á jörðina, þrátt fyrir góð orð þjálfara þar um. Þeim hættir til að ofmetnast og vakna svo upp við vondan draum í næsta leik.

### Til hvers að „bursta" andstæðinginn?

Hvaða gagn er þá að því að sigra andstæðinginn með miklum mun – bursta hann, baka hann, mala hann, taka hann gjörsamlega í bakaríið, valta algjörlega yfir hann, jarða hann bókstaflega? Ekki mikið ef sigurinn einn skiptir máli, þ.e. ef árangur liðsins ræðst ekki af stigaskori. Sérstaklega er það varhugavert í úrslitakeppni, þegar liðin þurfa að mætast aftur í næsta leik. Þegar örugg forysta hefur náðst er því lítið vit í að eyða púðri í að vinna sem stærstan sigur – betra er að reyna að slaka á fyrir næsta leik og leyfa varamönnum að innbyrða sigurinn.

Þegar öllu er á botninnn hvolft auka slíkar sviptingar hins vegar á skemmtun áhorfenda og þeirra sjálfskipuðu snillinga sem um keppnina fjalla. Og þegar jafningjar takast á ganga menn ósárir frá leik þótt þeir fái yfir sig stigasúpu endrum og eins. Og fyrir því má ugglaust færa rök að það herði menn og treysti vináttubönd.

Öðru máli gegnir hins vegar um keppni í yngri flokkum. Þar er allt of algengt að sjá lið niðurlægja andstæðing sem er miklu lakari að getu. Það er lítil sæmd í því og engum hollt, hvorki þeim sem ber sigur úr býtum né þeim sem lýtur í lægra haldi. Við þjálfun ungmenna er sérstaklega mikilvægt að hafa orð séra Friðriks að leiðarljósi: „Látið ekki kappið bera fegurðina ofurliði.“




SJÁVARKJALLARINN ÓSKAR SÍNU FÓLKI TIL HAMINGJU MEÐ ÁRANGURINN Á SÝNINGUNNI MATUR 2006.



2006
MATREIÐSLUMAÐUR ÁRSINS
STEINN ÓSKAR SIGURÐSSON

MATREIÐSLUNEMAR ÁRSINS
GUÐLAUGUR P. FRÍMANNSSON
GÚSTAF AXEL GUNNLAUGSSON

2005
MATREIÐSLUNEMI ÁRSINS
PÉTUR ÖRN SIGFÚSSON

GRAND MARNIER TROPHY
VALTÝR BERGMANN, SILFURVERÐLAUN

2004
MATREIÐSLUMAÐUR ÁRSINS
LÁRUS GUNNAR JÓNSSON

CONDÉ NAST HOT TABLE
EINN AF 66 BESTU NÝJU VEITINGASTÖÐUM HEIMS



SD GOURMET
VÍKING
FINLANDIA Vodka of Finland
SNÆFISKUR

sjávarkjallarinn
aðalstræti 2
sími 511 1212
www.sjavarkjallarinn.is



**ÁTÖK** Sylvain Distin, varnarmaður Manchester City, hefur hér betur í baráttunni við Jermain Defoe, framherja Tottenham. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Mikilvægur sigur hjá Tottenham

**Tottenham heldur velli í baráttunni um fjórða sæti ensku úrvalsdeildarinnar en liðið vann baráttusigur gegn Manchester City í gær, 2-1.**

**FÓTBOLTI** Tottenham er nú fimm stigum á undan hinu sjóðaheita liði Arsenal sem reyndar á tvo leiki til góða. Martin Jol, stjóri Spurs, var himinlifandi með sigurinn í gær og trúir því varla að hans lið sé ofar en Arsenal á töflunni.

„Vinr mínir frá Ítalíu hafa verið hjá mér og þeir eru heillaðir af Arsenal. Ég spurði hvort þeir trúðu því að mitt lið væri búið að vera ofar en Arsenal á töflunni meirihluta tímabilsins,“ sagði Jol. „Enski boltinn er í háum gæðaflokki og þeir eru sammála því. Arsenal er í fimmta sæti deildarinnar en er búið að klára Real Madrid og Juventus í Meistaradeildinni. Það væri magnað afrek ef okkur tækist að komast í Meistaradeildina.“

Leikur Fulham og Sunderland stóð aðeins yfir í tuttugu mínútur en þá blés Mike Riley dómari leikinn af vegna lygilegrar snjókomu sem hafði gert völlinn stórhættulegan og því ekki lengur hættandi á að spila en Fulham var 1-0 yfir.

Hermann Hreiðarsson var fyrirliði hjá Charlton, sem gerði markalaust jafntefli við Everton. Einnig var jafnt hjá Portsmouth og Blackburn, 2-2, sem og hjá Wigan og Birmingham, 1-1.

Stórleikur umferðarinnar fer síðan fram í dag þegar Man. United og Arsenal mætast í uppgjöri heitustu liða deildarinnar. **- hbg**

NM í áhaldafimleikum hófst á Íslandi í gær:

# Sif Norðurlandameistari í samanlögðu

**FIMLEIKAR** Hin magnaða fimleikakona úr Gerplu, Sif Pálsdóttur, gerði sér lítið fyrir í gær og vann Norðurlandameistaratitilinn í samanlögðu en mótið fór fram í íþróttahúsi Gerplu. Árangur Sifjar er stórglæsilegur en hún er fyrsta íslenska konan sem hampar þessum titli.

Það verður spennandi að fylgjast með Sif í dag er keppt verður til úrslita á einstökum áhöldum.



**TIGNARLEG** Sif Pálsdóttir fór hreint á kostum í æfingum sínum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kvennalandsliðið tapaði öllum leikjum sínum:

# Ísland í neðsta sæti

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í handknattleik hafnaði í neðsta sætinu á alþjóðlega æfingamótinu í Tékklandi en það tapaði fyrir Úkraínu 25-26 í síðasta leik sínum í gær.

Hrafnhildur Skúladóttir var markahæst í íslenska liðinu með tíu mörk en þar af komu sjö úr vítaköstum. Drífa Skúladóttir og Sólveig Lára Kjærnested gerðu báðar þrjú mörk og komu þar á eftir.

Íslenska liðið tapaði öllum leikjum sínum á mótinu; fyrir Slóvökum, Hollendingum og Tyrkjum og svo gegn Tékklandi í leiknum um næstneðsta sætið í gær.

Þetta mót var fyrsti liðurinn í undirbúningi kvennalandsliðsins fyrir tvo leiki gegn Makedóníu um sæti á Evrópumeistaramótinu í Svíþjóð í desember. **- egm**



**TÍU MÖRK** Hrafnildur Skúladóttir var markahæst í íslenska liðinu.




# TIL HAMINGJU SNORRI

„ALLT SEM ÉG Á“ MEÐ IDOL STJÖRNUNNI 2006 FÆST Á TÓNLIST.IS - AÐEINS 99 KR.

Coke gefur tóninn

Idol

og vodafon Heyrumst!

ÞJÓÐIN HEFUR KOSIÐ

**NÝ IDOL STJARNA ER FÆDD!**

VIÐ ÞÖKKUM ÞJÓÐINNI FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR OG STYRKTARAÐILUM FYRIR SKEMMTILEGT SAMSTARF.

**ÚR BÍÓHEIMUM**

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Blast this Christmas music. It's joyful and triumphant."**

**Svar:**
Tröll í kvikmyndinni How the Grinch Stole Christmas frá árinu 2000

# dagskrá

## Í TÆKINU: KIM BASINGER LEIKUR Í NEVER SAY NEVER AGAIN Á SKJÁ EINUM KL. 22.40

# *Söng undir sviðsnafninu Chelsea*

Kimila Ann Basinger fæddist í Georgíu í Bandaríkjunum 8. desember árið 1953. Hún var þriðja í röðinni af fimm systkinum en foreldrar hennar störfuðu báðir í skemmtibransanum, faðir hennar spilaði í djassbandi og móðir hennar var dansari.
Kim var mjög feimin í æsku og til að yfirstíga feimnina sendu foreldrar hennar hana í ballett. Þegar hún var sextán ára tók hún þátt í fegurðasamkeppni í bænum sínum, Athens, fyrir ungar stúlkur. Þá keppni vann hún, síðan ríkiskeppnina, og því fór hún til New York til að keppa í landskeppninni. Þar var henni boðinn Ford-samningur og þegar Kim var tvítug var hún orðin ofurfyrirsæta og þénaði 1.000 dollara á dag.
Á áttunda áratugnum birtist Kim á forsíðum



fjölda tímarita og lék í hundruðum auglýsinga. Hún sótti leiklistarnámskeið og söng í klúbbum undir sviðsnafninu Chelsea.
Árið 1976 ákvað Kim að reyna fyrir sér í Hollywood og flutti til Los Angeles. Fljótlega birtist hún í sjónvarpi í þáttum svo sem Charlie's Angels. Á níunda áratuginum fór Kim að leika í kvikmyndum og var meðal annars Bond-stúlkan í Never Say Never Again. Árið 1989 lék hún hlutverk blaðakonunnar Vicki Vale í Batman og við það kom hún sér endanlega á kortið sem Hollywood-leikkona.
Árið 1980 giftist Kim Ron Snyder-Britton en það hjónaband endaði níu árum síðar. Á árunum 1993 til 2002 var hún gift leikaranum Alec Baldwin en þau eiga enn í forræðisdeilum vegna dóttur þeirra, Ireland.



20.10 *Heimildamynd*

BLINDSKER



19.10 *Fréttaskýring*

KOMPÁS



22.15 *Drama*

REUNION



21.50 *Lokaþáttur*

THRESHOLD



16.50 *Spænski boltinn*

RACING-BARCELONA

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.03** Skordýr í Sólarlaut (17:26) **8.26** Brummi (19:26) **8.38** Hopp og hí Sessamí (48:52) **9.06** Stjáni (44:52) **9.28** Sígildar teiknimyndir (30:42) **9.38** Sögur úr Andabæ (52:65) **10.00** Gæludýr úr geimnum (4:26) **10.25** Latibær **10.55** Spaugstofan **11.20** Jörðin (1:5)

**12.10** Græna herbergið (6:6) **12.50** Nornir – Galdrar og goðsagnir (3:3) **13.40** Ævintýri á Atlantshafi **14.15** Bikarkeppnin í blaki **15.40** Ístölt í Laugardal 2005 **16.00** Bikarkeppnin í blaki **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar **18.28** Geimálfurinn Gígur (5:12)

**18.40 Keppt til sigurs** (Racing to Victory) Barnamynd frá Jórdaníu.
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.10 Blindsker** Heimildamynd um Bubba Morthens eftir Ólaf Jóhannesson. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**21.50 Helgarsportið**
**22.15 Guðleg íhlutun** (Yadon ilaheyya) Frönsk bíómynd frá 2002 um palestínska elskendur frá Jerúsalem og Ramallah sem hittast á laun. Leikstjóri er Elia Suleiman og meðal leikenda eru Elia Suleiman, Azi Adadi og Haim Adri. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**23.45** Söngkeppni framhaldsskólanema **1.15** Kastljós **1.45** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Pingu, Oobi, Magic Schoolbus, Myrkfælnu draugarnir, Barney, Engie Benjy, Tiny Toons, Noddy, Charlie & Lola, Ofurhundurinn, Batman, Hjólagengið, Ginger segir frá, Sabrina – Unglingsnornin, Hestaklúbburinn, Tvíburasysturnar)

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Silfur Egils **14.00** Neighbours **14.20** Neighbours **14.40** Neighbours **15.00** Neighbours **15.20** Neighbours **15.45** Það var lagið **17.00** Punk'd (7:8) (e) **17.45** Martha

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
▶ **19.10 Kompás** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar.
**20.00 Sjálfstætt fólk**
**20.30 Cold Case (4:23)** (Óupplýst mál) Vonin lifir ... því sönnunargögnin deyja aldrei. Bönnuð börnum.
**21.15 Twenty Four (11:24)** (24) (5:00 PM – 6:00 PM) Jack yfirheyrir konu Hendersons og reynir að fá upp úr henni hver voru tengsl mannsins hennar við hryðjuverkamennina. Stranglega bönnuð börnum.
**22.00 Rome (11:12)** (Rómarveldi) Vorenus sér til þess að uppgjafahermenn fái uppsagnargreiðslu frá Sesari og kynnist betur lifnaðarhætti hástéttarinnar þegar þeim Niobe er boðið til veislu hjá Atla. Stranglega bönnuð börnum.
**22.50 Idol – Stjörnuleit** (Smáralind 11)

**0.20** Idol – Stjörnuleit **0.50** Life on Mars (3:8) **1.35** Jay and Silent Bob Strike Bac (Stranglega bönnuð börnum) **3.15** Foyle's War 3 (Bönnuð börnum) **4.55** Cold Case (4:23) (Bönnuð börnum) **5.35** Fréttir Stöðvar 2 **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.10 Friends (5:24) (e)**
**19.35 Friends (6:24) (e)**
**20.00 Idol extra 2005/2006 (e)** Í Idol Extra er að finna allt það sem þig langar til að vita um Idol Stjörnuleitina.
**20.30 American Dad (6:16)**
**21.00 My Name is Earl (e)** (Stole P'S HD Cart) Fylgstu með þáttunum sem allir eru að tala um.
**21.30 Invasion (13:22) (e)** Magnaðir þættir í anda X-files.
▶ **22.15 Reunion (12:13) (e)** (1997) Spennuþættir sem fjalla um 6 ungmenni og 20 ár í lífi þeirra. Allt frá útskriftinni 1986 fram að 20 ára endurfundunum, fjallar hver þáttur um 1 ár í lífi þeirra. En á þessum 20 árum koma upp tvær mikilvægar spurningar: Hver vinanna verður fyrstur til að deyja? Og hver vinanna var valdur að dauða hans?

**23.00** X-Files (e) **23.45** Smallville (e)

## SKJÁREINN

**11.15** Fasteignasjónvarpið (e)

**12.00** Cheers – öll vikan (e) **14.00** Homes with Style (e) **14.30** How Clean is Your House (e) **15.00** Heil og sæl (e) **15.30** Fyrstu skrefin (e) **16.00** Queer Eye for the Straight Guy (e) **17.00** Innlit / útlit (e) **18.00** Close to Home (e)

**19.00 Top Gear** Top Gear er vinsælasti bílaþáttur Bretlands, enda með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum og öðrum ökutækjum, skemmtilega dagskrárliði og áhugaverðar umfjallanir.
**19.50 Less than Perfect**
**20.15 Yes, Dear**
**20.35 According to Jim**
**21.00 Boston Legal**
▶ **21.50 Threshold – lokaþáttur** Æsispennandi þáttaröð um Dr. Molly Caffrey sem hefur þann starfa að gera áætlanir um viðbrögð við ófyrirséðum ógnum við öryggi Bandaríkjanna. Þegar áætlun hennar, Threshold, fer úr böndunum, þarf hún ásamt hópi sérfræðinga að keppa við tímann og hætta lífi sínu til að reyna að bjarga bandarísku þjóðinni frá ógninni.
**22.40 Never Say Never Again**

**0.45** C.S.I. (e) **1.40** Sex and the City (e) **3.10** Cheers (e) **3.35** Fasteignasjónvarpið (e) **3.45** Óstöðvandi tónlist

## SÝN
besta sætið

**7.30** Súpersport 2006 **7.35** Hápunktar í PGA mótaröðinni **8.30** Meistaradeild Evrópu **10.10** Meistaradeildin með Guðna Bergs **10.30** Box **11.50** Leiðin á HM 2006

**12.20** Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur **12.50** Ítalski boltinn – AC Milan – Chievo **14.50** US Masters ▶**16.50** Spænski boltinn

**18.50 US Masters** (Augusta Masters 2006) Bein útsending frá lokadeginum á US Masters. Masterinn er fyrsta risamót ársins en mótið fer fram á Augusta Masters. Allir keppnisdagarnir fjórir eru í beinni útsendingu Tiger Woods sigraði mótið í fyrra en hann fór á kostum og náði m.a. sannkölluðu draumahöggi þegar svokallaða Nike kúla fór ofan í með eftirminnanlegum hætti.

**23.10** Ítalski boltinn

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Possession **8.00** Two Family House **10.00** World Traveler **12.00** Anchorman : The Legend of Ron Burgundy **14.00** Possession **16.00** Two Family House **18.00** World Traveler **20.00 Anchorman : The Legend of Ron Burgundy 22.00 Kill Bill** (Drepa Bill) Frábær hasarspennumynd sem sópaði að sér viðurkenningum. Str. b. börnum. **0.00** The Salton Sea (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Hart's War (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Kill Bill (Stranglega bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **14.00** The E! True Hollywood Story **15.00** The E! True Hollywood Story **16.00** Uncut **17.00** Gastineau Girls **17.30** Gastineau Girls **18.00** Divas Gone Bad **18.30** Big Buzz Gone Bad **19.00** Beyonce Revealed **21.00** Gastineau Girls **21.30** Gastineau Girls **22.00** Wild On Tara **22.30** Wild On Tara **23.00** Party @ the Palms **23.30** Wild On Tara **0.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **1.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops!

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**10.55** Chelsea – West Ham **12.55** Liverpool – Bolton (b) **14.55** Man. Utd. – Arsenal (b) **17.15** Aston Villa – WBA

**19.30 Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt"** (e)
**20.30 Helgaruppgjör**
**21.30 More than a Game: Frakkland**
**22.30 Chelsea – West Ham** Leikur frá því fyrr í dag.
**0.30** Óstöðvandi tónlist




## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Sjálfstætt fólk **Stöð 2** kl.20.00

### *Saga fegurstu konu heims*



Að þessu sinni ræðir Jón Ársæll við Unni Birnu Vilhjálmsdóttur. Hún segir meðal annars frá reynslunni af því að vera kjörin fegursta kona heims og hvað felst í raun í þeirri nafnbót. Betri mynd er fengin af starfi alheimsfegurðardrottningar og þeim tækifærum sem henni bjóðast til að vinna með börnum og að mannúðarmálum. Áhorfendur fá einnig innsýn í líf stelpunnar og allt það sem henni er kærast.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 1 | | | | |
| | 8 | 5 | 6 | 9 | | | | 3 |
| | | | | | | | | 9 |
| 6 | | | | 8 | 9 | | | |
| | 3 | | 7 | | 1 | | 8 | |
| | | | 5 | 6 | | | | 7 |
| 1 | | | | | | | | |
| 7 | | | | 4 | 2 | 6 | 5 | |
| | | | | 7 | | 4 | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 7 | 6 | 1 | 9 | 4 | 8 | 3 | 5 |
| 1 | 5 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 9 | 7 |
| 3 | 9 | 8 | 7 | 2 | 5 | 4 | 1 | 6 |
| 8 | 1 | 2 | 9 | 5 | 3 | 7 | 6 | 4 |
| 7 | 6 | 3 | 4 | 1 | 8 | 9 | 5 | 2 |
| 5 | 4 | 9 | 6 | 7 | 2 | 1 | 8 | 3 |
| 6 | 2 | 1 | 8 | 3 | 7 | 5 | 4 | 9 |
| 9 | 3 | 7 | 5 | 4 | 1 | 6 | 2 | 8 |
| 4 | 8 | 5 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 | 1 |



▶ **12.25** *Umræða*

SILFUR EGILS

NFS

**10.00** Fréttir **10.10** Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku **11.00** Þetta fólk

**12.00** Hádegisfréttir ▶**12.25** Silfur Egils **14.00** Fréttir **14.10** Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku **15.00** Þetta fólk **16.00** Fréttir **16.10** Silfur Egils **17.45** Hádegið E **18.00** Veðurfréttir og íþróttir **18.00** Kvöldfréttir/íþróttir/Veður

**19.10** **Kompás** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar.

**20.00** **Þetta fólk** (Fréttaljós) Nýr og óvenjulegur spjallþáttur í umsjá Höllu Gunnarsdóttur blaðakonu og heimshornaflakkara. Í þættinum tekur hún fyrir eitt land og freistar þess að veita okkur innsýn í framandi heim. Ekki hefur hún þó sjálf í hyggju að uppfræða okkur ein og óstudd – þótt margfróð sé og velsigld – heldur er meginmarkmiðið að kalla til góða gesti sem hafa þekkingu á viðkomandi landi og geta frætt okkur sem heima sitjum um menningu þess og sögu.

**20.55** **Silfur Egils** Umræðuþáttur í umsjá Egils Helgasonar.

**22.30** **Veðurfréttir og íþróttir**

**23.00** Kvöldfréttir **23.40** Síðdegisdagskrá endurtekin

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**8.05** Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Lóðrétt eða lárétt **10.15** Raddir að handan **11.00** Guðsþjónusta í Grafarholtssókn, Þórðarsveig 3

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Fjölskylduleikritið: Steinninn **13.45** Fiðla Mozarts **14.10** Tónar endurreisnar **15.00** Sögumenn: Ég þarf kannski að dulbúa mig betur **18.26** Seiður og hél **19.00** Afsprengi **19.40** Grískar þjóðsögur og ævintýri **19.50** Óskastundin **20.35** Sagnaslóð **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.22** Í deiglunni **22.30** Leikhúsmýslan **23.00** Andrarímur

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.45** Veðurfregnir **7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.00** Fréttir **16.08** Rokkland

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Að hætti hússins **22.00** Fréttir **22.10** Popp og ról **0.00** Fréttir

### BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm /** Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær /** Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin /** Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt /** Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun /** Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss /** Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó /** 12 spora efni
**FM 91,9 XFM /** Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying






## HRÓSIÐ FÆR...

*Þorsteinn Kragh sem hefur rekið gufubaðið á Laugarvatni með miklum sóma en brátt verður þar opnuð glæsileg heilsulind fyrir íslenska og erlenda ferðamenn.*

## HIN HLIÐIN ÁSGEIR BERG MATTHÍASSON, FYRIRLIÐI MA Í GETTU BETUR

# *Græneygð svefnpurka sem þýðir Sartre*

**Hvað er að frétta?** Allt fínt, ég er bara hæstánægður með sigurinn í Gettu betur.
**Augnlitur:** Grænn.
**Starf:** Menntaskólanemi.
**Fjölskylduhagir:** Einhleypur.
**Hvaðan ertu?** Frá Íslandi.
**Ertu hjátrúarfullur?** Nei.
**Uppáhaldssjónvarpsþáttur:** Monty Python's Flying Circus.
**Uppáhaldsútvarpsþáttur:** Ég á mér engan uppáhaldsþátt, en Rás 1 er ágæt.
**Uppáhaldsmatur:** Ég á mér engan uppáhaldsmat.
**Fallegasti staður:** Ég er ekki nógu víðförull til að svara því.
**iPod eða geislaspilari:** iPod.
**Hvað er skemmtilegast?** Að vinna Gettu betur.
**Hvað er leiðinlegast?** Að tapa í Gettu betur.
**Helsti veikleiki:** Ég á erfitt með að vakna á morgnana.
**Helsti kostur:** Því verða aðrir að svara.
**Helsta afrek:** Að þýða leikritið No Exit eftir Jean Paul Sartre, sem heimspeki- og menningarfélag Menntaskólans á Akureyri ætlar að setja upp á næstunni.
**Mestu vonbrigði:** Ætli það hafi ekki verið þegar ég fékk kartöflu í skóinn. Ég varð mjög reiður en hef lært síðan að halda ró minni þó það gefi á bátinn.
**Hver er draumurinn?** Að lifa vel og lengi.
**Hver er fyndnastur/fyndnust? Graham Chapman.**
**Á hvað trúirðu?** Ég trúi ekki á neitt.
**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Ábyggilega margt, en ekkert sem stendur upp úr.
**Uppáhaldskvikmynd:** A Clockwork Orange.
**Uppáhaldsbók:** Heimsljós eftir Laxness.
**Hvað er mikilvægast?** Ég held að engum hafi tekist að svara því enn sem komið er.




## FRÉTTIR AF FÓLKI

Rokklingarnir í Jakobínarínu fá lofsamlega umsögn hjá blaðamanni Rolling Stone, Steven Fricke, í nýjasta hefti blaðsins. Þar segir hann að meðlimir sveitarinnar sanni að rokkið þekki engan aldur og þrátt fyrir langt og þjált heiti hefðu menn ekkert að óttast. „Þið getið kallað okkur Jako," sagði söngvari sveitarinnar, Gunnar Ragnarsson, á undan einum tónleikunum. Fricke sér bjarta tíma framundan hjá strákunum úr Hafnarfirði og líkir þeim við verðlaunasveitina Arctic Monkeys. Á heimasíðu tímaritsins er svo að finna upptökur frá þremur lögum sveitarinnar sem sagðar eru koma út á fyrstu smáskífunni en það er Ken Thomas, upptökustjóri og hægri hönd Sigur Rósar, sem stjórnar þeim.



Þrátt fyrir töluverðan bílastæðavanda sem fylgt hefur komu ljósvakamiðlanna frá Lynghálsi niður í Skaftahlíð þá lét tökulið kvikmyndarinnar Köld slóð það ekkert á sig fá. Starfsfólki 365 brá nokkuð í brún þegar það kom til vinnu á laugardeginum en þá höfðu tveir risastórir trukkar lagt undir sig hin örfáu bílastæði. Kvikmyndin fjallar um harðsvíraðan blaðamann sem heldur upp á hálendi Íslands til að rannsaka dularfullt andlát við ónefnda virkjun. Tökuliðið lagði ritstjórn DV undir sig mestallan daginn og tók upp senur sem eiga að gerast á dagblaði. Ekki mun persóna Þrastar Leó þó vinna hjá DV heldur verður búið til nýtt blað sem heitir því skemmtilega nafni SB eða Síðdegisblaðið. Björn Brynjólfur Björnsson er leikstjóri en með annað helsta kvenhlutverkið fer Elva Ósk Ólafsdóttir, sem neyddist til að segja sig frá Mýrinni eftir að ljóst þótti að ekki tækist að ljúka tökum á Kaldri slóð eins og vonir stóðu til.



Eins og kemur fram hér til hliðar var það Snorri Snorrason sem bar sigur úr býtum í Idol - Stjörnuleit Stöðvar 2 á föstudagskvöldinu eftir harða baráttu við Ínu Valgerði Pétursdóttur frá Húsavík. Metþátttaka var í símakosningunni en yfir hundrað þúsund atkvæði bárust á meðan á atkvæðagreiðslunni stóð. Meðal áhorfenda í Vetrargarðinum voru Nylon-stelpurnar hans Einars Bárðarsonar sem sátu fyrir aftan Óskar Pál Sveinsson og John Reid en þeir sömdu einmitt úrslitalagið við texta Stefáns Hilmarssonar. Þá mátti einnig sjá glitta í Birgittu Haukdal sem studdi sveitunga sinn frá Húsavík með ráðum og dáðum á meðan keppninni stóð. Sögusagnir um að Idol-keppnin fari í frí eftir þessa þáttaröð hafa verið á sveimi þó ekkert hafi fengist staðfest í þeim efnum en þátttakan ætti að hvetja menn til dáða því það er ljóst að spennan í kringum þessa keppni hefur ekkert minnkað. - **fgg**



## SNORRI SNORRASON: SIGRAÐI Í IDOL-STJÖRNULEIT

# Hellir sér strax út í bransann

„Þetta er frábært, ég er búinn að ná því takmarki sem ég ætlaði mér," segir Snorri Snorrason, nýbakaður sigurvegari í Idol-Stjörnuleit Stöðvar tvö. Um 116 þúsund atkvæði voru greidd í föstudagskvöld þegar Snorri átti kappi við Ínu Valgerði Pétursdóttur, þar af hlaut Snorri um 55 prósent en Ína 45. Hann er þó ekkert hræddur við tilhugsunina um að svo margir kunni að hafa skoðun á honum. „Mér finnst bara frábært að margir hafi kunnað að meta frammistöðu mína og ekkert nema gott um það að segja."

Ljóst er að nokkrar breytingar hafa þegar orðið á högum hins 28 ára gamla Snorra, sem fram að þessu hefur starfað í söludeild Kjötsmiðjunnar, og hann hefur vart undan við að svara símtölum forvitinna blaðamanna. „Ég vaknaði bara stjarna í morgun," grínast hann með dálítið þreytulegri röddu. Átta mánuðir eru liðnir síðan Snorri skráði sig í Stjörnuleitina og þótt hann hafi unnið baki brotnu allan þann tíma til að ná settu marki gefst enginn tími til hvíldar þegar sigurinn er í höfn. Hann kveðst þó alls ekki kvíðinn, hann hafi nú skráð sig í keppnina í þessum tilgangi.

„Nú helli ég mér bara út í bransann. Á mánudaginn hefjast stíf fundarhöld þar sem við leggjum línurnar um framhaldið, gerum samninga og bókum tónleika. Ég hef ýmsar hugmyndir um í hvaða áttir ég vil fara, en ég á eftir að setjast niður með góðu fólki og ræða það betur og við sjáum svo hvað setur." Víst er að von er á plötu frá Snorra á árinu sem Sena gefur út og Einar Bárðarson, einn af dómurum keppninnar, hefur tekið að sér að vera umboðsmaður Snorra. Hann ætti að vera í góðum höndum því Einar hefur unnið fyrir ýmsa af farsælustu tónlistarmönnum landsins.

Snorri er fjölskyldumaður, á konu og þrjá syni, og fjölskyldan var vitaskuld viðstödd þegar hann vann keppnina. „Það eru mikil fagnaðarlæti á heimilinu, strákarnir eru í sjöunda himni og hæstánægðir með pabba sinn. Ég hlakka bara til framhaldsins."

**bergsteinn@frettabladid.is**



**SNORRI SNORRASON** Enginn tími gefst til hvíldar, því nú þegar sigurinn er í höfn þarf að fylgja honum eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Eva María aftur á RÚV

„Hægan, hægan, ég byrja nú ekki fyrr en í haust," svarar Eva María Jónsdóttir sjónvarpskona þegar blaðamaður spyr hvort hún sé loksins væntanleg aftur á skjáinn. Eva hefur um árabil verið ein vinsælasta sjónvarpskona landsins en undanfarna mánuði hefur hún verið í barneignarorlofi. Þar áður stýrði hún þáttunum Einu sinni var... á Stöð tvö þar sem rifjaðir voru upp merkilegir atburðir með liðsinni þátttakenda, vitna og annarra sem málunum tengdust.

Hún hefur hins vegar ákveðið að söðla um og mun hefja störf hjá Ríkissjónvarpinu á haustmánuðum. „Ég verð í Kastljósi, en ætla að fara mér hægt til að byrja með og verð ekki á skjánum nema einu sinni í viku," segir hún. „Ég ákvað að minnka aðeins við mig vinnu og ætla þess í stað að hugsa mjög vel um börnin mín."

Eva er því komin á kunnuglegar slóðir, en hún vann lengi hjá RÚV áður en hún fór yfir á Stöð 2 og kveðst hlakka mikið til að byrja þar aftur. „Vissulega er það gamalkunn reynsla að vera í beinni útsendingu, en þótt það sé ekki nýtt fyrir mér er þetta eitthvað það skemmtilegasta sem ég geri." **- bs**



**EVA MARÍA JÓNSDÓTTIR** Ætlar að minnka við sig vinnu og sinna börnunum sínum vel. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

allt tíska
Alla fimmtudaga


FAXE
Á FERÐ
OG FLUGI
Kipptu með þér FAXE ROYAL
í handhægri ferðatösku
í ferðalagið eða sumarbústaðinn
12 x 33 cl
FAXE ROYAL EXPORT
FAXE
ROYAL
EXPORT
EINN LÉTTUR, ÍSKALDUR
FAXE
BESTI FERÐAFÉLAGINN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



„ALLT SEM ÉG Á" MEÐ IDOL STJÖRNU 2006 FÆST Á TÓNLIST.IS - AÐEINS 99 KR.-

TONLIST.IS




**BAKÞANKAR**
**VERNHARÐS ÞORLEIFSSONAR**

# *Síðasta bakmáltíðin*

Jæja, þá er komið að því að kveðja ykkur á þessum vettvangi, í bili að minnsta kosti. Á svona tímamótum er hefð fyrir því að líta um öxl og spá í hvort eitthvað hefði mátt betur fara. Ég sé ekkert. Fullkomið jafnvægi og engin persónuleg skítköst (nema að Bubbi eigi í alvöru umboðsmann). Ég passaði mig vandlega á að hafa aldrei of marga góða Bakþanka í röð, sumum finnst ég jafnvel hafa passað mig um of á því sviði. En númer eitt, tvö og þrjú að þá er ég sáttur við þessi framlög mín í sunnudagsmorgnana ykkar.

**ÞAÐ** er reyndar ekki vegna skorts á efnivið sem ég tek mér frí heldur þarf ég að beina spjótum mínum annað í bili. Hugsanlega kem ég aftur með skottið á milli lappana og grátbið ritstjórann um að fá dálkinn minn aftur og sennilegast segir hann mér þá að ég hafi sparað honum að þurfa að segja mér upp og þá segi ég líklega eitthvað við hann sem ég sé eftir að hafa sagt og hringi í hann daginn eftir og við sættumst, en það er svo sem ekkert pottþétt. Ég hef það bara svona á tilfinningunni.

**ÉG** átti alltaf eftir að skrifa mína eigin svörtu skýrslu um danskan efnahag sem ég tel fullvíst að hefði riðið Baununum að fullu og jafnvel orðið til þess að innan nokkurra ára hefði Köben flokkast sem úthverfi Egilsstaða. Ég er ekki alveg búinn með skýrsluna en mér sýnist hún stefna í þá átt. Ég átti eftir að skrifa um hina langþráðu ferð mína til Las Vegas þar sem ég eyddi tíu dögum undir vökulu eftirliti tengdamóður minnar. Sagan af fyrstu tönninni sem sonur minn losnaði við er líka þrælskemmtileg. Atburðurinn átti sér stað í sundklefa og hann gat ekki sagt orð af viti í tíu mínútur á eftir heldur hljóp í hringi í móðursýkiskasti og hrópaði að hann gæti hugsanlega ekki vanist þessum breyttu aðstæðum. En þessar sögur eru sem sagt til og ef einhver af ykkur eftirsitjandi Bakþankarithöfundum Fréttablaðsins fær ritstíflu þá megið þið leita í þennan gagnabanka minn, gegn vægu gjaldi að sjálfsögðu.

**AÐ** endingu langar mig til að þakka ykkur lesendum þessa mánuði og vonandi liggja leiðir okkar saman aftur seinna meir.

**EN** nú ætla ég að gera eins og Kaninn og hypja mig.


F i t o n / S Í A

www.icelandexpress.is/heitipotturinn




# HOPPAÐU Í HEITA POTTINN

Nú er gaman að vera ferðalangur því **Heiti potturinn** okkar er stútfullur af hlægilega ódýrum flugsætum til allra áfangastaða okkar. Skelltu þér inn á **icelandexpress.is** og skoðaðu úrvalið í **Heita pottinum**. En drífðu þig, því **tilboðin eru ótrúleg** og potturinn oft fljótur að tæmast.

Um miðjan maí bætast við sex nýir áfangastaðir og verða áfangastaðir Iceland Express orðnir átta: London, Kaupmannahöfn, Berlín, Friedrichshafen, Frankfurt Hahn, Stokkhólmur, Gautaborg og Alicante.

**Iceland Express** býður alla velkomna í pottinn!

Iceland Express
**www.icelandexpress.is,** Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600



FERMINGARGJAFIR



Pioneer
Pioneer Heimabíóstæða DCS232
360 W Magnari (5x60 W) RMS
**Tilboðsverð: 29.900**



SAMSUNG **Mp3 spilari**
U1X 512mb: **Tilboðsverð: 12.990**
U1Z 1 GB: **Tilboðsverð: 17.990**



OLYMPUS MJU-700
7.1 milljón pixla myndavél
3x Optical aðdráttur
**Tilboðsverð: 22.900**

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

ORMSSON
SMÁRALIND 530 2900 | SÍÐUMÚLI 9 530 2800 | AKUREYRI 461 5000 | KEFLAVÍK 421 1535